



AÐALSKIPULAG GRUNDARFJARÐARBÆJAR

2019-2039

Júlí 2020

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 var samþykkt í bæjarstjórn þann
_____ skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s. br.

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 var staðfest af
Skipulagsstofnun þann _____ skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s. br.

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar

2019-2039

Tillaga til auglýsingar
skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Júlí 2020



alta

www.alta.is

Efnisyfirlit

Skipulagsgögn, málsméðferð og breytingar	2
Framlögð gögn	2
Málsméðferð	3
1. Inngangur	5
1.1 Ákvörðun um endurskoðun	5
1.2 Skipulagssvæðið	6
1.3 Hlutverk aðalskipulagsins	7
1.4 Tengsl við aðrar áætlunar	8
1.5 Leiðarljós fyrir aðalskipulagið	10
1.6 Skipulagsgögn og framsetning aðalskipulagstillögunnar	11
1.7 Umsjón	14
1.8 Skipulagsferlið	14
1.9 Helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi	16
2. Staða og þróun	21
2.1 Staðhættir	21
2.2 Lýðfræðileg þróun	26
2.3 Atvinnuþróun	30
2.4 Húsnæðisgreining	34
2.5 Áætlun um framtíðarþróun	37
3. Framtíðarsýn	43
4. Byggð og samfélag	45
4.1 Íbúðir	46
4.2 Samfélagsþjónusta og menning	52
4.3 Fararmáti og útvistarmöguleikar	60
4.4 Byggingar og almenningsrými	72
4.5 Frístundahús og frístundabyggð	78

5. Umhverfi og auðlindir	83
5.1 Landslag, lífríki og minjar	84
5.2 Yfirborðsvatn, grunnvatn og strandsjór	96
5.3 Jarðefni.....	100
5.4 Úrgangur	106
5.5 Öryggi íbúa og mannvirkja	107
6. Atvinna.....	111
6.1 Athafnalíf	112
6.2 Verslun og þjónustu.....	115
6.3 Ferðaþjónusta.....	116
6.4 Landbúnaður	124
7. Grunnkerfi	133
7.1 Vega- og gatnakerfi.....	134
7.2 Útvistarleiðir	140
7.3 Höfn	144
7.4 Veitur og fjarSKIPTI.....	144
7.5 Flugvöllur	148
8. Rammahluti aðalskipulags.....	151
8.1 Miðbær	152
8.2 Hafnarsvæði	162
8.3 Framnes.....	168
9. Umhverfisskýrsla og heimildaskrá	177
9.1 Umhverfisskýrsla	177
9.2 Heimildaskrá	177
Viðauki	180
Vegaskrá.....	180

Skipulagsgögn, málsmeðferð og breytingar

FRAMLÖGÐ GÖGN

Tillaga að nýju aðalskipulagi fyrir Grundarfjarðarbæ sem hér er lögð fram til afgreiðslu bæjarstjórnar skv 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. samanstendur af:

- Skipulagsgreinargerð:** Þar er sett fram stefna sveitarstjórnar um meginmálauflokka m.t.t. landnotkunar, mannvirkjagerðar og umhverfismála. Málauflokkarnir eru: Byggð og samfélag, umhverfi og auðlindir, atvinnulíf og grunnkerfi. Undir hverjum málauflokki eru nokkur viðfangsefni, s.s. íbúðarhúsnæði og lóðir, atvinnusvæði, landbúnaðarsvæði, frístundabyggð, auðlindanýting, útvistarsvæði, veitukerfi og vega-, gatna- og leiðakerfi. Þar er einnig sagt frá þeim forsendum sem stefnan byggir á. Sett eru fram markmið og leiðir að hverju markmiði, sem síðan er fylgt eftir með stefnu um landnotkun og mannvirkjagerð og með skilgreiningu skipulagsákvæða fyrir einstök svæði.
- Skipulagsupprættir:** Aðalskipulagstillagan er sett fram á tveimur uppdráttum; sveitarfélagsupprætti sem nær til alls sveitarfélagsins og þéttbýlisupprætti sem sýnir þéttbýlið í stærri mælikvarða. Upprættirnir sýna hvaða landnotkun er heimil á

hverju svæði og hvar helstu grunnkerfi liggja, eins og vegir, veitur, höfn, o.s.frv. Hver landnotkunarreitur á uppdráttunum hefur númer sem vísar til umfjöllunar um viðkomandi reit í skipulagsgreinargerð. Uppdrættir eru einnig settir fram sem vefsjá. Í henni má smella með mísinni á viðkomandi reit og þá birtast þau skipulagsákvæði sem gilda sérstaklega um þann reit. Tenglar á gögnin eru á vef Grundarfjarðarbæjar, www.grundafjordur.is.

- Rammahluti:** Í tillöggunni er settur fram rammahluti aðalskipulagsins. Þar er rýnt af meiri nákvæmni í þróun í miðbæ, á hafnarsvæði og Framnesi og gefin leiðsogn og áherslur lagðar fyrir mótu deiliskipulags á þeim svæðum. Ramminn setur fram ákveðna uppbyggingarmöguleika sem gætu hvatt til fjárfestinga.
- Umhverfisskýrsla:** Með aðalskipulagstillöggunni fylgir umhverfisskýrsla þar sem gerð er grein fyrir umhverfismati tillögunnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.

MÁLSMEÐFERÐ

Aðalskipulagstillagan og umhverfisskýrsla hennar var afgreidd af skipulags- og umhverfisnefnd, skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagsla 12. september 2019, til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu. Bæjarstjórn staðfesti afgreiðslu nefndarinnar 19. september 2019. Umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 18. nóvember 2019, var tekin fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 27. nóvember 2019 en þar var bent á nokkur atriði sem stofnunin taldi þurfa að lagfæra. Nefndin ákvað að gera lagfæringar í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar og einnig að hækka efri mörk landbúnaðarsvæða úr 150 m í 200 m. Nefndin samþykkti síðan að auglýsa aðalskipulagstillöguna, svo breytta, í samræmi við 31. gr. skipulagsla og einnig umhverfisskýrslu í samræmi við 7. gr. laga um umhverfismat áætlanu. Bæjarstjórn staðfesti afgreiðslu nefndarinnar 28. nóvember 2019.

BREYTINGAR FRÁ FYRRA AÐALSKIPULAGI

Í kafla 1.9 í skipulagsgreinargerð eru tilgreindar helstu breytingar sem felast í tillögunni frá fyrra aðalskipulagi.





1. Inngangur

1.1 ÁKVÖRÐUN UM ENDURSKOÐUN

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti í október 2014 að láta fara fram heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, þar sem skipulagstímabil var við það að renna út og kominn tími á endurskoðun. Það ýtti á eftir endurskoðun að frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest hafa tekið gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og með stoð í þeim var gefin út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lögin og reglugerðin kalla á uppfærslu í framsetningu aðalskipulagsins. Alþingi hefur auk þess staðfest landsskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana og í mars 2015 tók svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes gildi. Svæðisskipulagið leggur ákveðnar línar sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sammælst um að útfæra nánar í aðalskipulagi sínu.

Bæjarstjórn samþykkti einnig að vinna rammahluta aðalskipulags, sbr. 4. mgr. 28. gr. skipulagslaga, fyrir þrjú svæði í þéttbýlinu; miðbæjarsvæðið, hafnarsvæðið og Framnes. Þau svæði eru útfærð nánar; landnotkun


ákvörðuð af meiri nákvæmni en á öðrum hlutum aðalskipulagsins, svo sem hvað varðar meginþætti þjónustukerfa, uppbyggingarsvæði og áherslur fyrir deliskipulagsgerð.

Í kafla 1.7 er ferli skipulagsvinnunnar lýst en fyrsti nefndarfundur um tillögugerðina var 15. mars 2016.

Nýtt aðalskipulag hefur gildistímann 2019-2039 þannig að horft er til næstu 20 ára. Þegar nýtt aðalskipulag tekur gildi fellur eldra aðalskipulag úr gildi.

Í framlagðri aðalskipulagstillögu eru nokkrar breytingar á efnistökum og framsetningu, til samræmis við fyrnefndar breytingar á skipulagslögum og -reglugerð. Uppbygging og umfjöllun aðalskipulagstillögunnar er jafnframt ólík fyrra aðalskipulagi. Þá fylgir tillögunni umhverfisskýrsla í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.





Skipulagsmörk Grundarfjarðarbæjar sýnd með rauðri brotalínu.

1.2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Aðalskipulagið nær til alls lands sem fellur innan staðarmarka Grundarfjarðarbæjar. Skipulagsvald sveitarfélaga nær 115 metra frá stórstraumsfjöruborði, í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011¹ og jarðalögum nr. 81/2004².

Ekki eru tiltæk hjá opinberum aðilum landupplýsingagögn sem sýna strandlínú við stórstraumsfjöruborð, þannig að hægt sé að sýna 115 metra skipulagslögsögu út frá þeirri línu. Stuðst er við strandlínú Landmælinga Íslands og farin sú leið að afmarka skipulagslögsögu á uppdrætti 115 metra út frá henni. Sú strandlína er innar en strandlína við stórstraumsfjöruborð og því er haldið til haga þeim fyrirvara að skipulagslögsagan er í raun nokkru utar.

Skipulagssvæðið er rúmir 162 km² að flatarmáli, staðsett á miðju norðanverðu Snæfellsnesi og liggar að Breiðafirði til norðurs. Sveitarfélagið nær frá Mjósundum í Hraunsfirði í austri að Búlandsgili á Búlandshöfða að vestanverðu. Að sunnanverðu fylgja sveitarfélagsmörkin vatnaskilum Snæfellsnesfjallgarðsins. Melrakkaey á Grundarfirði tilheyrir sveitarfélagini. Aðliggjandi sveitarfélög eru Snæfellsbær vestan og sunnan megin og Helgafelssveit austan megin.


1) 1. mgr, 4. gr.: Sveitarfélög hafa ákveðin staðarmörk sem ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna, þ.m.t. þjóðlendna, sem innan þeirra liggja.

2) 2. gr.: Netlögg merkja í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

1.3 HLUTVERK AÐALSKIPULAGSINS

Aðalskipulagið er stefna bæjarstjórnar um þróun byggðar í sveitarfélginu og er því lykilverkfæri hennar. Stefnan snýr að landnotkun, byggðamynstri, samgöngu- og þjónustukerfum í sveitarfélginu.

Fyrir þrjú svæði, miðbæ, hafnarsvæði og Framnes, er mörkuð nánari stefna og kallast sá hluti aðalskipulags rammahluti, sbr. gr. 4.9 í skipulagsreglugerð. Vegna mikilvægis þessara svæða, fjölbreyttrar starfsemi á þeim og skipulagsviðfangsefna sem þar er við að fást, eru þau rýnd nánar en önnur og gefin ítarlegri leiðsögn fyrir móton deiliskipulags á þeim. Sett eru markmið og ákvæði, s.s. um starfsemi, mögulegt byggingarmagn, gatnakerfi, bæjarmynd og umhverfisfrágang. Þannig setur ramminn fram ákveðna uppbyggingarmöguleika sem gætu hvatt til fjárfestinga.



Rammahlutar aðalskipulagsins.

1.4 TENGLS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við gerð aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar er stuðst við eftirfarandi áætlanir á lands- og svæðisvísu og tekið mið af þeim, auk áætlana á staðarvísu. Í umhverfisskýrslu er gerð nánari grein fyrir tengslum þessara áætlana við aðalskipulagið.

1.4.1 ÁÆTLANIR Á LANDS- OG SVÆÐISVÍSU

Landsskipulagsstefna 2015-2026 felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Tvö viðfangsefni landsskipulagsstefnu snerta einkum Grundarfjarðarbæ; skipulag í dreifbýli og búsetumynstur og dreifing byggðar. Í umhverfisskýrslu er listi yfir aðrar áætlanir á landsvísu sem farið var yfir við mótu aðalskipulagstillögunnar.

Í júní 2018, efir að tillaga að aðalskipulagi Grundarfjarðar var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, samþykkti Alþingi Þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029.³ Í henni eru sett fram markmið sem snúa að stýringu og sjálfbærri þróun, vernd náttúru og menningarsögulegra minja, öryggismála, skipulags og hönnunar og ferðamannaleiða. Ekki er talið að aðalskipulagstillagan stangist á við þær áherslur sem áætlunin skilgreinir.

Stefnumörkun fyrir Vesturland er sett fram í Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019, frá júní 2015. Mörkuð er framtíðarsýn og skilgreind markmið um þrjá meginþætti sem snúast um búsetukost, m.a. menntun, um atvinnu og nýsköpun og svo um ferðapjónustu sérstaklega.

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 var staðfest 24. mars 2015, en það nær til fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi. Höfð er hliðsjón af svæðisskipulaginu við gerð aðalskipulagsins og m.a. eru birt markmið úr svæðisskipulaginu í markmiðum aðalskipulagsins og þau nýtt þar á beinan hátt.

Í gildi er sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfis-, menningar-, samfélags- og efnahagslegu tilliti. Stefnan var síðast samþykkt 10. mars 2017 og í henni er áhersla á sjálfbæra ferðapjónustu. Til útfærslu stefnunni og umhverfisvottun svæðisins, er framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2018-2022, byggð á stöðlum Earth Check.

Á meðan á mótu aðalskipulagsins stóð var unnið að áfangastaðaáætlun fyrir Vesturland á grunni Vegvísis í ferðapjónustu⁴ sem ríkið samþykkti árið 2015. Þar er Snæfellsnes eitt af fjórum svæðum sem unnið varmeð undir sameiginlegri sýn á landshlutann sem heild. Áfangastaðaáætunin kom út í febrúar 2019⁵ og þar er m.a. stefna um að efla Svæðisgarðinn Snæfellsnes enn frekar sem farveg fyrir samvinnu. Að því er snýr að Grundarfirði sérstaklega er lögð áhersla á upplýsingajöf, bætt aðgengi og náttúruvernd við Kirkjufell/Kirkjufellsfoss, Grundarkamp og Kolgrafafjörð.⁶ Höfð var hliðsjón af aðalskipulagsáætlunum aðliggjandi sveitarfélaga, Snæfellsbæjar og Helgafelssveitar, auk Stykkishólmsbæjar, m.t.t. samræmis á sveitarfélagamörkum.

3) Alþingi (2018)

4) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2015)

5) Ferðamálastofa (2019).

6) Margrét Björk Björnsdóttir (nóvember, 2018).

1.4.2 ÁÆTLANIR Á STAÐARVÍSU

Eftirfarandi áætlanir sveitarfélagsins voru rýndar m.t.t. tengsla við aðalskipulagið:

- Skólastefna Grundarfjarðarbæjar, samþykkt 2014.
 - Stefna Grundarfjarðarbæjar í ferðaþjónustu, samþykkt 2009.
 - Fjölskyldustefna Grundarfjarðarbæjar, samþykkt 2006.
- Endurskoðun stendur yfir og ráðgert er að endurskoða önnur stefnuskjöl sveitarfélagsins í heildarsamhengi.

Deiliskipulag byggir á stefnu aðalskipulags og kveður nánar á um útfærslu þess. Samþykktar deiliskipulagsáætlanir eru til fyrir miðsvæði hafnar, Framnes austan Nesvegar, Sólvallareit, Ölkeldudal (íbúðarbyggð og samfélagsþjónusta), framhaldsskólalóð, lóð Grundargötu 38, iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár, hesthúsabyggð, aðveisustöð, jörðina Mýrhús, jörðina Háls, hluta jarðarinnar Berserkseyrar, frístundabyggð í landi Króks og frístundabyggð í landi Hjarðarbóls. Nýsamþykkt er deiliskipulag fyrir áningarstað í Kolgrafafirði og annað fyrir áningarstað við Kirkjufellsfoss.⁷ Í vinnslu er deiliskipulag fyrir Akurtraðaflugvöll og þjónustusvæði í landi Skerðingsstaða.

Stór hluti íbúðarbyggðar hefur ekki verið deiliskipulagður. Nýtt aðalskipulag getur haft þau áhrif að endurskoða þarf deiliskipulag einstakra svæða.



Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026



7) Skipulagsstofnun (2019)



1.5 LEIÐARLJÓS FYRIR AÐALSKIPULAGIÐ

Aðalskipulagið byggir á eftirfarandi leiðarljósum sem verða einnig leiðarljós við framfylgd þess:

1. Eflum samfélag og atvinnulíf með því að búa umhverfi íbúa og athafnarými fyrirtækja sem best úr garði.
2. Stuðlum að þátttöku íbúa og samvinnu aðila í að móta samfélag og umhverfi.
3. Leitumst sérstaklega við að efla samvinnu á svæðinu; innan byggðar og við nágrannabyggðir, eins og endurspeglast í Svæðisskipulagi Snæfellsness, til að auka lífsgæði og nýta tækifærin sem búa í svæðinu.
4. Stuðlum að sjálfbærri þróun með vel ígrunduðum ákvörðunum að afloknu mati á áhrifum stefnukosta á umhverfi, efnahag og samfélag.
5. Tökum mið af sameiginlegri stefnu sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti og umhverfisvottun svæðisins.⁸
6. Stuðlum að því að staðarandi sveitarfélagsins endurspeglist í umhverfismótun sveitarfélagsins, vörum og þjónustu sem í boði er.
7. Gerum upplýsingar um byggð og umhverfi aðgengilegar svo þær nýtist í fjölbreyttu samhengi, s.s. við fræðslu, kynningu og vöruþróun.
8. Gefum skýr skilaboð út á við um byggð og samfélag og styrkjum þannig ímynd okkar og aðráttarafl.

⁸ Sveitarfélögin á Snæfellsnesi (2017).

1.6 SKIPULAGSGÖGN OG FRAMSETNING AÐALSKIPULAGSTILLÖGUNNAR

Aðalskipulagstillagan er sett fram í eftirtöldum gögnum:

Skipulagsgreinargerð

- Skipulagsuppráttum, sem settir eru fram í einni vefsjá, auk þess að birtast sem pdf-skjöl þannig:
- Þéttbýlisuppráttur í mkv. 1:10.000
- Sveitarfélagsuppdáttur í mkv. 1:50.000
- Skýringarkortum í greinargerð
- Umhverfisskýrslu

Í kafla 2 í greinargerð aðalskipulagsins er gerð grein fyrir helstu forsendum hvað varðar stöðu og þróun sveitarfélagsins. Í kafla 3 er skilgreind sýn fyrir umhverfi og samfélag til framtíðar. Í köflum 4-7 eru sett fram markmið fyrir fjóra meginmálflokkja en þeir kallast á við meginþemu svæðisskipulags Snæfellsness. Rammahlutinn er síðan í kafla 8. Aftast í greinargerðinni er tillaga að skrá yfir vegi í samræmi við 32. gr. laga um náttúruvernd og tilheyrandí reglugerð nr. 260/2018.

Umhverfisskýrsla aðalskipulagstillögunnar er í sér fylgiskjali.



Samhengi á milli málflokka aðalskipulagstillögunnar og þema svæðisskipulags Snæfellsness.

Málflokkar aðalskipulagsins taka til dreifbýlis og þéttbýlis jöfnum höndum, en með viðeigandi umfjöllun um annað hvort. Markmiðum er fylgt eftir með því að skilgreina leiðir sem snúa að viðfangsefnum eða verkefnum innan hvers málflokks. Leiðirnar geta verið sjónarmið, áherslur, reglur eða ákvæði sem fara ber eftir við afgreiðslu eða ákvarðanir sem varða umhverfis-, skipulags- og byggingarmál.

Undir málaflokka aðalskipulagstillögunnar falla svo einstakir landnotkunarflokkar skv. skipulagsreglugerð:


Málaflokkar	Landnotkunarflokkar skipulagsreglugerðar og takmarkanir á þeim sem eru til umfjöllunar í köflunum	6. ATVINNA	Athafnasvæði - AT Iðnaðarsvæði - I Hafnarsvæði - H Miðsvæði - M Verslunar- og þjónustusvæði - VP Afþreyingar- og ferðamannasvæði - AF Gististaðir í íbúðarbyggð - ÍB Landbúnaðarsvæði - L Óbyggð svæði - ÓB
4. BYGGÐ OG SAMFÉLAG	Íbúðarsvæði – ÍB Íbúðir á landbúnaðarsvæðum – L Svæði fyrir samfélagsþjónustu – S Göngu- og hjóleleiðir – VE Íþróttasvæði (golfvöllur) – Íþ Opin svæði – OP Afþreyingar- og ferðamannasvæði – AF Hverfisverndarsvæði – HV Minjavernd - MV Göturými og bílastæði – VE Svæði fyrir frístundabyggð - F	7. GRUNNKERFI	Stofnbrautir/stofnvegir, tengibrautir/tengivegir, aðrar götur/aðrir vegir - VE Stofnleiðir, aðrar leiðir - VE Gönguleiðir Reiðleiðir Hafnarsvæði – H Hitaveita, vatnsveita, rafveita, fráveita, fjarskipti - VH Flugvöllur - FV
5. UMHVERFI OG AUÐLINDIR	Óbyggð svæði – ÓB Landbúnaðarsvæði – L Hverfisverndarsvæði – HV Friðlýst svæði – FS Önnur náttúruvernd – ÖN Vötn, ár og sjór – V Vatnsból og grann- og fjarsvæði – VB, VG og VF Haf- og strandsvæði – SN og ST Efnistöku- og efnislosunarsvæði – E Iðnaðarsvæði (fyrir úrgang) – I Náttúrvá og varúðarsvæði – NV og VA	8. RAMMAHLUTI: KJARNI GRUNDARFJARÐAR	Miðsvæði - M Hafnarsvæði - H Athafnasvæði - AT Opin svæði- OP Gönguleiðir

**Aðalskipulag
Grundarfjarðarbæjar
2018-2038**

Skipulagið uppdráttur 1 af 2
Dreifþýli
1 : 50 000 (A2)

Dags : 03.07.2020

Stefni um landnotun
 — Ibúðar byggð (IB)
 — Mársvæði (M)
 — Verslun og þjónusta (VB)
 — Samfélagsþjónusta (S)
 — Athafnasvæði (AT)
 — Íshárssvæði (I)
 — Einstökku- og efnislausnarsvæði (E)
 — Frístundabýggð (F)
 — Afþreyingar- og ferðanamasvæði (AF)
 — Íþróttasvæði (ID)
 — Kirkjugarðar og graffreitir (K)
 — Ópin svæði (OP)
 — Rúgvællir (RV)
 — Hérrir (H)
 — Landbúnaðarsvæði (L)
 — Skógræktar og landgraðslusvæði (SL)
 — Obýggð svæði (OB)
 — Vötn, ár og sjór (V)
 — Vatnsból (VB)
 — Skipulagsmörk
 — Þróunarsvæði
 — Stofnvegar / stofnbraut
 — Tengivegar / tengbraut
 Góngleði
 Hjóleði
 Reileði
 ○— Vetur, neysluvatn
 ○— Vetur, hitaveta
 ○— Vetur, raffagn
 ○— Vetur, jödeleði
 Takmarkari á landnotun
 — Ríkjst svæði (RS)
 — Minj vernd (MV)
 — Önnur ráttunvernd (ÖN)
 — Hverfisvernd (HV)
 — Vatnsvernd, grannasvæði (VG)
 — Vatnsvernd, fjarðsvæði (VF)
 — Nettunuvá (NV)
 vernd_breidðjarðar
 - - Vennd Breiðjarðar, ystu mörk
 Grunnur, án bindandi ákvæða
 + Bili
 — Aðri vegir
 — Bakar tjarna, áa og laekja
 Hæðarlínur (hvítar línu)



Á skipulagsuppdráttum aðalskipulagsins eru svæði til mismunandi nota afmörkuð, s.s. íbúðarbyggð, miðsvæði, iðnaðar- og athafnasvæði, hafnarsvæði, landbúnaðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og frístundabýggð. Þar er einnig lega stofnvega/-brauta og tengivega/-brauta ákvæðin.

Deiliskipulag, umhverfismat áætlana, byggingar- og framkvæmdaleyfi, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, fjárhagsáætlani og framkvæmda- og verkefnaáætlani í einstökum málauflokkum verða nýtt til að framfylgja stefnu aðalskipulagsins.



1.7 UMSJÓN

Skipulags- og umhverfisnefnd Grundarfjarðarbæjar sá um vinnu við gerð aðalskipulagsins í umboði og undir yfirstjórn bæjarstjórnar, skv. skipulagslögum. Nefndin átti 30 fundi um aðalskipulagsgerðina á tímabilinu mars 2016-september 2019. Forseti og varaforseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri og hafnarstjóri tóku þátt í móturn aðalskipulagsins með setu á fundum nefndarinnar í samræmi við bókun bæjarstjórnar 9. júní 2016 þar sem segir að þegar skipulags- og umhverfisnefnd fjalli um endurskoðun aðalskipulags bæjarins skuli forseti og varaforseti bæjarstjórnar ásamt bæjarstjóra og hafnarstjóra sitja fundi nefndarinnar undir þeirri umfjöllun.

Ráðgjafarfyrirtækið Alta annaðist skipulagsráðgjöf.

1.8 SKIPULAGSFERLIÐ

Mótun nýs aðalskipulags fyrir Grundarfjörð hófst í ársbyrjun 2016. Settur var upp verkefnisvefur til að halda utan um kynningargögn verkefnis og birta fréttir af framgangi þess. Helstu áfangar í ferlinu voru þessir:

- Janúar - maí 2016: Gagnaöflun, greining og móturn verkefnislýsingar.
- Júní 2016: Verkefnislýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 birt á vef til kynningar og send til umsagnaraðila.
- Júní-nóvember 2016: Greining og móturn tillögu fyrir þéttbýlið, þ.m.t. fundir með fulltrúum fyrtækja sem eru með starfsemi í miðbæ, á hafnarsvæði og á Framnesi. Tilgangur samtalsins við þessa aðila var að kynna þeim hugmyndir um skipulag á svæðinu sem eru í vinnslu og að heyra í þeim um þarfir fyrirtækjanna til framtíðar.

- Nóvember 2016: Opinn íbúafundur í samkomuhúsínu sem um 40 manns sóttu. Á verkefnisvef var kynningar af fundinum birtar og samantekt úr umræðum kynnt.
 - Desember 2016-október 2017: Tillaga fyrir þéttbýli og drefibýli í móton.
 - Nóvember 2017: Bréf sent til landeigenda og ábúenda jarða í sveitarfélögnum þar sem óskað var eftir upplýsingum í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins, um ýmis atriði sem snerta framtíðarlandnotkun og þróun í dreifbýlinu.
 - Desember 2017-máí 2018: Unnið að móton stefnu og skipulagsákvæða fyrir þéttbýli og dreifbýli með tíðum fundum skipulagsnefndar.
 - Máí 2018: Tillaga á vinnslustigi birt á verkefnisvef og send til umsagnaraðila sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Frestur til að senda ábendingar við tillöguna gefinn til 10. september 2018.
 - Júní 2018: Bréf til landeigenda til að vekja athygli á kynningu vinnslutillögu og ósk um frekari upplýsingar eftir því sem við gæti átt.
 - Ágúst 2018: Opið hús í samkomuhúsínu þar sem tillaga á vinnslustigi var kynnt á tveimur opnum fundum.
 - September-desember 2018: Úrvinnsla umsagna og athugasemda eftir kynningu vinnslutillögu og frekari móton tillögu.
 - Janúar 2019: Bæjarstjórn yfirför stöðu aðalskipulags og vinnu við endurskoðun þess, eins og kveðið er á um í 35. gr. skipulagslaga að gert sé í upphafi hvers kjörtímabils. Bæjarstjórn bókaði að aðalskipulagið eigi að fullvinna á grundvelli þeirra lína sem þegar hafa verið lagðar í skipulagsvinnunni, en að til viðbótar yrði sjónum beint enn frekar að því að styrkja ímynd og aðráttarafl
- Grundarfjarðar sem lykiláfangastaðar með Kirkjufellið í forgrunni. Leitað yrði leiða til að tengja þéttbýlið og áningarástaðinn við Kirkjufellsfoss og Kirkjufell betur saman og skilgreina annan lykiláningarástað í þéttbýlinu sjálfu. Með þetta að markmiði yrði rammahluti aðalskipulagsins mótaður nánar og verðmæti Kirkjufells sem táknmyndar sveitarfélagsins dregið skýrar fram. Auk þess lagði bæjarstjórn til að í aðalskipulaginu yrði sett fram stefna um innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna. Rigning og asahláka í þéttbýli Grundarfjarðar hefur skapað vaxandi vandamál og jafnvel valdið skemmdum og kostnaði. Vegna þessa verði horft til blágrænna ofanvatnslausna. Á grunni almennrar stefnu í aðalskipulagi um blágrænar ofanvatnslausnir verði stefnt að því að útfæra skipulag slíkra lausna nánar, t.d. sem rammahluta aðalskipulags, í framhaldi af gildistöku nýs aðalskipulags.
- September 2019: Unnið úr ábendingum og umsögnum sem bárust um vinnslutillögu, sbr. fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. september 2019. Fundað með landeigendum við Kirkjufell. Stefnutillögur fullunnar. Gerðar ýmsar lagfæringsar á greinargerð og uppdráttum.
 - September 2019: Tillaga að Aðalskipulagi afgreidd til athugunar Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. mgr. 30. gr.
 - September-nóvember 2019: Athugun Skipulagsstofnunar og úrvinnsla úr umsögn stofnunarinnar.
 - Desember 2019 - janúar 2020: Auglýsing aðalskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu. r.
 - Febrúar - júlí 2020: Úrvinnsla úr athugasemdum við auglýsta tillögu. Lokaafgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar og bæjarstjórnar.

1.9 HELSTU BREYTINGAR FRÁ FYRRA AÐALSKIPULAGI

Í tillögu að nýju aðalskipulagi eru helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi þessar:

A. Leiðarljós og framtíðarsýn

- Sett eru fram leiðarljós fyrir aðalskipulagið og framfylgd þess (kafli 1.5) og framtíðarsýn (kafli 3).

B. Íbúðarsvæði

- Gert er ráð fyrir betri nýtingu svæða í þéttbýli, m.a. með því að bæta við lóðum innan íbúðarsvæða og á jöðrum þeirra, til viðbótar við tvö íbúðarhverfi sem afmörkuð voru í fyrra aðalskipulagi en hafa ekki verið byggð; annars vegar ÍB-6, vestast í bænum og hins vegar syðri hluti ÍB-5, svæði ofan/sunnan Ölkelduvegar.
- Skilgreind er heildstæðari uppbygging í miðbæ og m.a. gert ráð fyrir fjölgun íbúða þar í bland við þjónustustarfsemi.
- Sett er fram stefna um gististaði innan íbúðarsvæða.

C. Atvinnusvæði og grunnkerfi þeim tengd

- Meginuppbyggingu atvinnustarfsemi er beint í þéttbýli, ef frá er talinn landbúnaður, aukabúgreinar og ferðaþjónusta. Í þéttbýli er ferðaþjónustu einkum beint í miðbæ og á Framnes fremur en jaðra bæjarins.
- Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir stækkun hafnarsvæðis og auknu athafnarými við Norðurgarð sem verið er að lengja. Einnig er gert ráð fyrir stækkun landfyllingar á suðursvæði í tengslum við nýja veggengingu (fram lengingu Nesvegar). Stækkunin er til að mæta þróun sem felst í að skip stækka og rista dýpra, og til að tryggja möguleika Grundarfjarðarhafnar til að eflast.

- Landnotkun á Framnesi er breytt úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði, með heimild til uppbyggingar ferðaþjónustu.
- Iðnaðarsvæði I-1, vestan Kvernár, er stækkað til suðurs og vesturs. Stækkunin er til komin m.a. með því að hluti efnistökusvæðis vestan við svæðið er nú fullnýtt, gengið hefur verið frá því (og verður gengið frá því enn frekar) og sá hluti lagður undir iðnaðarsvæðið sem viðbót við það, eins og til stóð skv. skipulagsbreytingu árið 2000. Ennfremur er stækkunin hugsuð til þess að mæta breytingum sem felast í því að iðnaðarsvæði á Framnesi er gert að athafnasvæði og auk þess til að sjá til þess að nægur fjöldi iðnaðarlóða sé tiltækur. Einnig er verið að tengja iðnaðarsvæðið við nýtt iðnaðarsvæði nokkrum sunnar, sem kom inn með aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi 2015 vegna byggingar aðveitustöðvar og til að mynda heildstætt svæði úr þeim.
- Afmarkað er verslunar- og þjónustusvæði á Skerðingsstöðum þar sem gert er ráð fyrir hótelbyggingu og stakstæðum bústöðum.
- Afmarkað er verslunar- og þjónustusvæði á Þórdísarstöðum þar sem gert er ráð fyrir gistrými í smáhýsum og þjónustu- og veitingahúsi.
- Hellnafelli og svæðinu umhverfis, vestast í þéttbýlinu, er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem gert er ráð fyrir móttöku ferðafólks og léttir ferðaþjónustu, auk þess íbúðarhúss sem er á reitnum. Svæðið var áður skilgreint sem íbúðarsvæði og óbyggt svæði.
- Skilgreind er heildstæðari uppbygging í miðbæ og m.a. gert ráð fyrir aukinni þjónustustarfsemi þar í bland við íbúðir og með góðum tengslum við höfn og athafna- og ferðaþjónustusvæði á Framnesi.
- Mörk miðbæjar eru færð upp fyrir Sögumiðstöð á milli Eyrarvegar

og Hrannarstígs. Einnig bætist reitur austan við Sögumiðstöðina, á milli Hamrahlíðar og Grundargötu, við miðbæinn. Reitirnir voru skilgreindir sem íbúðarsvæði í fyrra aðalskipulagi.

- Áskilinn er forkaupsréttur að tveimur fasteignum í miðbæ, í þeim tilgangi að greiða fyrir heildstæðri uppbyggingu í miðbæ og hagstæðri þróun og nýtingu miðsvæðis.
- Sett er fram stefna um að Hrannarstígur verði gönguvæn miðbæjargata og að þungaumferð af Grundargötu að höfn flytjist á Borgarbraut og framlengdan Nesveg. Nesvegur verði tengibraut sem létti á Grundargötu, en það hefur reyndar verið inni í aðalskipulagi síðan 1969. Samkvæmt fyrra aðalskipulagsbreytingu tengjast Sólvellir við Nesveg og svo niður á hafnarsvæði, neðan hótel, austan Nesvegar. Það léttir líka á umferð sem áður fór um Hrannarstíg. Fyrirkomulag verði nánar útfært í deiliskipulagi eða með hönnun gatna, en þungaflutningum verður ekki beint á Borgarbraut fyrr þeirri vinnu er lokið.
- Iðnaðarsvæði í Hraunsfirði er tekið út að beiðni landeigenda en þar var áður gert ráð fyrir fiskeldi.
- Einnig er tekið út lítið hafnarsvæði í Kolgrafafirði (ekki framkvæmt) þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir kræklingaráækt í firðinum.

D. Landnotkun í dreifbýli

- Afmörkun landbúnaðarsvæðis er breytt þannig að það nær til alls lands neðan 200 m hæðarlínu, þó með undantekningu á nokkrum stöðum þar sem eðlilegra þykir að landnotkun falli undir óbyggð svæði vegna landslags eða náttúrufars. Í fyrra aðalskipulagi var einingis ræktað land skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Afmörkunin nú er því rýmri en áður.
- Sett er fram stefna um að ýmsar aukabúgreinar séu heimilar á landbúnaðarsvæðum – innan tilgreindra marka, s.s. gisti-/

ferðaþjónusta, heimarafstöðvar, smávirkjanir, smáíðnaður, fiskeldi og mannvirkni í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning.

- Áfram er gert ráð fyrir að reisa megi allt að 5 stök frístundahús en bætt við að reisa megi 2 stök íbúðarhús, án tengsla við landbúnað, á hverri jörð innan skilgreindss svæðis fyrir landbúnaðarnotkun. Miðað er við jarðir eins og þær voru við staðfestingu Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039. Lóðir og landskikar sem áður tilheyrðu viðkomandi jörðum teljast hluti af jörðinni m.t.t. fjöldu stakra íbúðarhúsa án tengsla við búskap og frístundahúsa sem eru heimil á hverri jörð. Kort Nytjalands árið 2006 verði haft til viðmiðunar. Tekið er fram að aðalskipulagið tekur ekki til jarðamarka, heldur eru þau til skýringar. Sett er fram stefna um að ný stök íbúðarhús og frístundahús falli vel að þeirri byggð sem fyrir er á jörðinni, gangi ekki gegn annarri stefnu aðalskipulagsins og séu í samræmi við deiliskipulag. Við bætist einnig stefna um að ný stök íbúðarhús án tengsla við búrekstur á viðkomandi jörð, skulu, eftir því sem við verður komið, nýta heimreið jarðarinnar og vera í tengslum og samhengi við aðra byggð þannig að sorphirða og önnur tilskilin þjónsuta verði sem hagkvæmust. Markmiðið er að fjölgja ekki tengingum við þjóðveg og að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varðar form, liti og efni. Stefnan miðar við jarðamörk eins og þau voru við staðfestingu Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039. Í fyrra aðalskipulagi var heimild fyrir allt að 5 stökum frístundahúsum á hverri jörð en ekki var sett fram stefna um stök íbúðarhús að öðru leyti en að sett var fram markmið um varðveislu byggðamynsturs, aðlögun bygginga að landslagi og byggingarhefðum og að ekki yrðu skert gæði landslags eða vistkerfi svæðisins.

- Gert er ráð fyrir stækkun nokkurra svæða fyrir frístundabyggð og þremur nýjum svæðum.
- Stefna um efnistökusvæði var yfirfarin og settar málsméðferðarreglur/kröfur til framkvæmdaleyfisveitinga. Nokkur svæði voru felld út.
- Efnislosunarsvæði er skilgreint í Kolgrafaþirði.
- Förgunarsvæði í Kolgrafaþirði er lokað.

E. Opin svæði, ferðaleiðir og orlofsbyggð

- Ferðaleiðir fyrir gangandi og hjólandi eru skilgreindar nánar en í fyrra aðalskipulagi. Lagðar eru til viðbótar hjólaleiðir en gönguleiðum í dreifbýli er fækkað þannig að þær taki fyrst og fremst til megingönguleiða á milli einstakra hluta sveitarfélagsins og tenginga við önnur sveitarfélög en ekki styttri innansveitarleiða. Meginreiðleið er breytt lítillega fyrir ofan þéttbýlið til samræmi við núverandi legu og leið um Hjarðarból er færð niður að þjóðvegi þar sem um meginleið er að ræða sem gera má ráð fyrir að sé tæk til reiðvegagerðar og styrkhæf hjá Vegagerðinni.
- Sett er fram nánari skilgreining á hlutverki opinna svæða í þéttbýli en í fyrra aðalskipulagi, þ.m.t. stefna um útkennslustofu í Þríhyrningi. Svæði ofan og umhverfis þéttbýlið er skilgreint sem samfelldur útvistarkragi. Fyrir hann verði unnið heildarskipulag sem miðar að því að skapa skjól með trjárækt og öðrum gróðri og bæta útvistaraðstöðu með stígum, bekkjum og annarri aðstöðu sem hæfa þykir. Haldið verði áfram með frekari skógrækt ofan byggðarinna suður og austur af núverandi skógræktarsvæði. Markmiðið ræktunar er að auka skjól fyrir byggðina og gera aðlaðandi útvistarsvæði sem verði opíð fyrir íbúa og gesti. Á Grafarlandi verði áfram hefðbundin landbúnaðarnot eins og verið hafa af hálfu eigenda/ábúenda Grafarbæja, en við móton heildarskipulags fyrir útvistarkragann verði kannað verði hvort og hvernig megi opna svæðið að hluta fyrir almenna útvist..
- Sett er fram nánari skilgreining á hlutverki opinna svæða í þéttbýli en í fyrra aðalskipulagi, þ.m.t. stefna um útkennslustofu í Þríhyrningi.
- Mörkum golfvallar er breytt lítillega, sömuleiðis skíðasvæðis og

gert er ráð fyrir nýju skíðasvæði við Eldhamra.

- Ofan þéttbýlismarka í Grundarfirði er gert ráð fyrir nýju rúmlega 10 ha frístundabyggðarsvæði á landi sem er í eigu sveitarfélagsins. Á svæðinu rúmast um 50 2000 m² lóðir en gert er ráð fyrir að stærð og fyrirkomulag lóð og endanlegur fjöldi bústaða verði ákveðinn í deiliskipulagi. Svæðið er hugsað fyrir orlofshús í tengslum við nýtt skíðasvæði við Eldhamra og mun nýta sama aðkomuveg og skíðasvæðið.
- Afmarkað er nýtt fjárhúsasvæði fyrir frístundabúskap með sauðfé ofan núverandi hesthústasvæði sem skilgreint er fyrir hestahald eingöngu
- Afmarkaður er samfellt útvistarsvæði ofan þéttbýlis og sett fram stefna um að unnið verði heildarskipulag fyrir það sem miðar að því að skapa skjól með trjárækt og öðrum gróðri og bæta útvistaraðstöðu með stígum, bekkjum og annarri aðstöðu sem hæfa þykir. Haldið verði áfram með frekari skógrækt ofan byggðarinna suður og austur af núverandi skógræktarsvæði. Markmiðið ræktunar er að auka skjól fyrir byggðina og gera aðlaðandi útvistarsvæði sem verði opíð fyrir íbúa og gesti. Á Grafarlandi verði áfram hefðbundin landbúnaðarnot eins og verið hafa af hálfu eigenda/ábúenda Grafarbæja, en við móton heildarskipulags fyrir útvistarkragann verði kannað verði hvort og hvernig megi opna svæðið að hluta fyrir almenna útvist..

F. Grunnkerfi

- Sett er fram stefna um að blágrænar ofanvatnslausnir verði innleiddar í þéttbýlinu, sem miða að því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi. Mótað verði skipulag slíkra lausna fyrir þéttbýlið og það fest sem rammahluti aðalskipulags

eftir því sem við á.

- Sett er fram stefna um að hafin verði leit að varavatnsbóli fyrir þéttbýlið og að skilgreint verði vatnsverndarsvæði umhverfis það.
- Svæði flugvallar er stækkað þannig að það nái til fyrirhugaðra þjónustubygginga þar.
- Bryggja (hafnarsvæði) í Kolgrafafirði er felld út.
- Sett er fram stefna um að lokið verði við Framsveitarveg með tengingu við Kolgrafafjörð.
- Sett eru fram viðmið um bílastæðakröfur í þéttbýlinu.
- Gert er ráð fyrir nýjum vegi að nýju skíðasvæði ofan þéttbýlis.
- Tillaga að skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, innan marka sveitarfélagsins er sett fram á stafrænu formi til samþykktar samhliða afgreiðslu aðalskipulagsins, í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd.

G. Takmarkanir á landnotkun

- Hverfisverndarsvæði á Kirkjufelli er felld út en sett inn skýrari stefna um verndun ásýndar bess.
- Stefna fyrra aðalskipulags um hverfisverndarsvæði í Kolgrafafirði, er fest í sessi með afmörkun svæðis.
- Sett er fram stefna um stækkun brunnsvæðis vatnsbóls Grundarfjarðar. Einnig er gert ráð fyrir að varasvæði fyrir vatnsöflun verði skilgreint á skipulagstímabilinu.

H. Rammahluti

- Settur er fram rammahluti fyrir kjarna þéttbýlisins; miðbæ, hafnarsvæði og Framnes (svæðið úti á Nesi), sem lýsir ítarlegri stefnu um framtíðarnotkun og þróun þess svæðis, til nánari

útfærslu í deiliskipulagi. Í stefnu fyrir kjarnann er fjallað um landnotkun og blöndun hennar, gerð húsnæðis, yfirbragð byggðar, umferðarskipulag og fyrirkomulag almenningsrýma. Settar eru fram skýringarmyndir til að lýsa möguleikum til nánari umfjöllunar og mótnar við deiliskipulagsgerð.

I. Aðrar breytingar

- Skipulagsuppdrættir eru settir fram í samræmi við skipulagsreglugerð sem nú gildir en framsetning er nokkuð frábrugðin fyrrí reglugerð.
- Dregin eru mörk þéttbýlis en þau voru ekki sérstaklega dregin í fyrra aðalskipulagi. Við afmörkunina var tekið mið af skilgreiningu skipulagsreglugerðar á þéttbýli sem miðar við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.
- Strandlína er dregin samkvæmt kortagögnum frá Landmælingum Íslands og er hún ekki alveg í samræmi við þá línu sem notuð var í fyrra aðalskipulagi.
- Skipulagsmörk til sjávar eru dregin við 115 m frá strandlinu, en lögsaga sveitarfélaga nær til 115 m utan við stórstraumsfjöruborð (netlög).



2. Staða og bróun

2.1 STAÐHÆTTIR


Grundarfjörður er sjávarþorp miðsvæðis á norðanverðu Snæfellsnesi, umfaðmað fjöllum og firði. Mörkum sveitarfélagsins er lýst í kafla 1.2.

Tilkumumikill fjallgarðurinn myndar ramma um sveitarfélagið, landið er vogskorið og fjöll og höfðar sem ganga í sjó fram eru einkennandi fyrir landslagið. Vegna þessa má skipta sveitarfélagini í minni einingar eftir landslagsheildum. Þéttbýlisstaðurinn Grundarfjörður er fyrir botni Grundarfjarðar en vestan hans er Útsveit. Hún afmarkast af Kirkjufelli í austri og Búlandshöfða í vestri. Útsveitin skiptist í tvö rými um Brimlárhöfða. Við austanverðan Grundarfjörð er Framsveit. Sveitin liggur umhverfis Eyrarfjall og Klakk á milli Grundarfjarðar og Kolgrafafjarðar. Innanverður Kolgrafafjörður er lítt snortinn og myndar eina landslagsheild. Undir Kolgrafamúla þar sem Hraunsfjörður og Kolgrafafjörður mætast er byggð sem í daglegu tali er nefnd Múlabær.⁹

Um 25 km akstursleið er í næsta þéttbýli, Ólafsvík og um 38 km akstur er til Stykkishólms. Til Borgarness eru um 100 km og til höfuðborgarinnar er um 176 km akstur, en um 417 km akstursleið til höfuðstaðar Norðurlands, Akureyrar.

Helstu **verðmæti** byggðarlagsins felast í náttúru, menningu og mannauði svæðisins og í þeim verðmætum felast að sama skapi helstu tækifærin. Í svæðisskipulagi Snæfellsness er að finna greiningu á þessu, undir kaflanum GRUNNUR.

1) Grundarfjarðarbær (2008a) Bls. 10



2.1.1 NÁTTÚRUAUÐUR

Haf og strönd, lífríki og vatnafar, jarðfræði, himinn og veður

Grundarfjarðarbær býr að mikilvægum auðlindum til sjávarins og á þeim hefur hagseld byggðarinnar að miklu leyti byggst á liðnum áratugum. Fengsæl fiskimið og hlunnindi Breiðafjarðar hafa skipt íbúa svæðisins miklu og í sjávargróðrinum felast mikilvægar uppeldisstöðvar allra helstu fisktegundanna sem veiðast við Ísland. Fjölskrúðugt lífríki til landsins tengist jafnframt fjölbreytni í jarðfræði svæðisins, sem gefur einnig ýmiss konar jarðefni sem ganga þarf vel um og nýta af varkárni. Í Stöðinni og Búlandshöfða eru fundarstaðir steingervinga, en þeir njóta verndunar eins og fjallað er um í kafla 5.1.

Fuglalíf Breiðafjarðar er sérlega auðugt og eitt hið þýðingarmesta á landinu og á Norður-Atlantshafi öllu. Breiðafjörður nýtur verndar skv. lögum, jafnframt því að vera á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna BirdLife International yfir Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA).¹⁰ Kolgrafafjörður og fjörur hans eru mikilvægur viðkomustaður farfugla og bústaður sjófugla. Kirkjufell er sömuleiðis alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð, en þar búa einkum fýll og hvítmáfur, eða um 20% íslenska hvítmáfastofnsins.¹¹ Við Snæfellsnes svamlar jafnframt hvalir og selir.

Láglendi er víðast gróið á Snæfellsnesi, fyrir utan hraunin sem flest eru gróðurlítil. Mikið er um myrlendi innan skipulagssvæðisins, en engir skógar, fjöll eru gróðurlítil ofantil og upplástur nokkur.¹²

Heilbrigði sjávarins við Snæfellsnes og ástand lands og lífríkis byggir á góðri umgengni við auðlindir og samfélögin hafa þegar sýnt frumkvæði og ábyrgð, einkum með umhverfisvottun Snæfellsness, Svæðisgarði Snæfellsness og vilja til að halda áfram á þeirri braut.

10) Breiðafjarðarnefnd (2014)

11) Náttúrufræðistofnun Íslands (á.á.)

12) Grundarfjarðarbær (2008a)

2.1.2 MENNINGARAUÐUR

Söguþræðir, menningarlíf

Menningarauður svæðisins er fjölbreyttur og eru honum gerð skil í Svæðisskipulagi Snæfellsness. Eyrbyggja saga tengist landnámsjörðinni Öndverðareyri, síðar Hallbjarnareyri, og margir staðir tengjast þjóðsögum og ýmiss konar sögnum. Verðmæti felast í þekkingu, reynslu og hefðum tengdum nýtingu hráefna úr sjó og af landi til matar og gömlum sögum sem þessu tengjast. Á Grundarkampi stóð hinn forni Grundarfjarðarkaupstaður. Þar setti franski útgerðarmaðurinn Sylvain Allenou einnig niður bækistöðvar sínar, en Frakkar stunduðu fiskveiðar og gerðu út frá Grundarfirði. Lítill merki sjást þó um forna byggð á Grundarkampi. Þar var reistur stór steinkross í júlí 2006, sem minnisvarði um franska sjómenn sem létust á Íslandsmiðum, og var gjöf franska bæjarins Paimpol, sem er vinabær Grundarfjarðar.

Ríkri sögu Snæfellsness tengjast margar fornleifar og fyrir liggur fornleifaskráning fyrir land Grundarfjarðarbæjar.¹³ Myndasafn Bærings Cecilssonar geymir einstakan fjársjóð, heimildir um byggð og mannlif í Grundarfirði í áratugi. Kirkjur, samkomuhús, fjárréttir og fleiri mannvirki má telja til menningarauðs. Setbergskirkja er eina friðaða byggingin og gömul hús eru fá. Gamlia Kaupfélagið, samkomuhúsið og gamall fiskihjallur við Nesveg hafa þó sess í hugum íbúa.¹⁴ Hátíðir og skemmtanir sem hafa fest sig í sessi eru hluti af menningarauði bæjarins, s.s. Á góðri stund í Grundarfirði og Rökkurdagar.



2.1.3 ÞEKKINGARAUÐUR

Skólar og rannsóknarsetur, mannauður og verkþekking, samstarf og félög

Í Grundarfirði starfa leik-, grunn- og tónlistarskóli sem sveitarfélagið rekur, sem og framhaldsskóli sem tók til starfa haustið 2004. Símenntunarmiðstöð Vesturlands býður nám og ýmis námskeið á svæðinu. Í verkfærakistu Snæfellinga¹⁵ eru aðgengileg ýmis gögn og fróðleikur um svæðið sem nýta má til að styrkja kennslu á öllum skólastigum um auðlindir og sérkenni Snæfellsness, sem og til hagnýtingar í atvinnuskyni. Verðmæt þekking á sjávarútvegi og landbúnaði byggir á langri sögu og reynslu í atvinnugreinunum. Þekking íbúa á heimahögum sínum, sögu þeirra og náttúru, er líka mikilvæg auðlind. Samstarf íbúa, í gegnum félög og samtök, eru að sama skapi verðmætur grunnur.

13) Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson (2005)

14) Alta (2016b).

15) Svæðisgarðurinn Snæfellsnes (á.á.)

2.1.4 STAÐARANDI

Tengsl og sjálfsmynd, landslag og kennileiti, táknumyndir og ímynd

Staðarandi er ekki einungis til í hugum gesta, sem lýsing á upplifun þeirra af áfangastað eða þeim áhrifum sem þeir urðu fyrir á staðnum; af umhverfinu og samféluginu. Hann er jafnframt lýsing á tengslum heimamanna við átthaga sína.

Því sterkari tengsl, þeim mun skýrari sjálfsmynd íbúa og samfélagsins. Það eru þessi tengsl sem gestir vilja gjarnan kynnast og fá að upplifa. Ferðalangar leita eftir því sem er „ekta” og sérkennandi fyrir viðkomandi stað. Í staðarandanum felast því verðmæti og til að nýta þau er mikilvægt að geta lýst honum og miðlað með fjölbreyttum en - að einhverju leyti - samræmdum hætti¹⁶.



16) Sveitarfélögin á Snæfellsnesi (2014)

Staðaranda Snæfellsness er lýst í Svæðisskipulagi Snæfellsness. Hann mótað einkum af Snæfellsjökli, andstæðum og fjölbreytileika í umhverfinu og sterkum tengslum og sambúð við sjóinn. Til grundvallar umfjöllun um staðaranda Snæfellsness lá landkosta- og sérstöðugreining sem unnin var af ráðgjafarfyrirtækinu Alta fyrir svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness.¹⁷ Í greiningunni voru skilgreindar tvær landslagseiningar eða karaktersvæði í sveitarféluginu; Grundarfjörður og Kolgrafafjörður.


Landslagseiningin Grundarfjörður nær frá Búlandsgili í vestri að Skarfatanga í austri. Til suðurs eru mörkin í fjallgarðinum og teygja sig eftir Höfðakúlum, Helgrindum að Hvítahnúk niður með Skáladal yfir Klakk og Eyrarfjall. Séreinkenni svæðisins voru eftirtalin:

- Sterk umgjörð brattra fjalla.
- Grænir litir áberandi í undirlendi og fjallshlíðum.
- Útgerðarþorp og söguleg tengsl við nýtingu sjávar.
- Fossar áberandi í hlíðum, tjarnir og lón á undirlendi.
- Kirkjufell er afgerandi kennileiti á miðju svæðinu.

Landslagseiningin er fjölbreytt í landformum og gerð. Tangar sem skera á strandlínuna valda opnum og lokunum til skiptis á útsýni. Fyrir vikið virkar landslagið áhugavert og örvariði. Landmótun einkennist af bröttum fjallshlíðum með litlu undirlendi, grösugum að Framsveitinni slepptri, og settum hamrabeltum efst. Myndir í klettunum eru fjölbreyttar og víða renna lækir niður hlíðarnar. Strandlinan er nokkuð bein, en löng og einkennist af stórum töngum sem ganga út í fjörðinn og mynda vaðla sín á milli. Á töngunum rísa stök fjöll sem gefa landslaginu sterkan karakter. Kirkjufellið er sérlega sterkt einkenni þéttbýlisins í Grundarfirði og er enda vinsælt ljósmyndamótíff.

17) Alta (2014), Svæðisgarðurinn Snæfellsnes (á.a.)

Fjölbreyttur berggrunnur einkennir landslagseininguna og jarðfræði hennar lýst gróflega. Svæðið er ríkt af fossamyndunum, ekki síst í hlíðinni gegnt Kirkjufelli. Jarðvegsrof er útbreitt og mikið, til dæmis á Klakki og í Eyrarfjalli. Það leiðir af sér gróðursnautt land. Landnotkun litast af því hversu lítið undirlendi sé að finna á svæðinu. Gróðursælar spildur eru við Grundarkamp og í vesturhlíðum Klakks og Eyrarfjalls þar sem landbúnaður er stundaður.



Landslagseiningin Kolgrafafjörður nær frá Skarfatanga í vestri til Bjarnarhafnarfjalls í austri og afmarkast af fjalllendi við Kolgrafafjörð. Síreinkenni svæðisins eru:

- Sterk umgjörð, fjöllin og fjörðurinn.
- Afskekkt og einangruð byggð.
- Eyðibyggð – að mestu – í Kolgrafafirði.
- Brú yfir fjörðinn.



Fjöllin og fjörðurinn móta sterka umgjörð um landslagseininguna. Lítið en vel gróið undirlendi er við Kolgrafafjörð og mikið um skriður í bröttum, gróðurlitlum fjallshlíðum. Áberandi kennileiti eru heit borhola við Berserkseyri og brúin yfir Kolgrafafjörð. Svæðið er mjög strjálbýlt; Kolgrafafjörður er að mestu kominn í eyði en sumarhús í austurhlíðum Klakks eru áberandi þegar ekið er yfir Kolgrafafjörðinn í vesturátt.

2.2 LÝÐFRÆÐILEG PRÓUN


2.2.1 ÍBÚAFJÖLDI

Í greiningu á íbúapróun er litið 20 ár aftur í tímann ýmist frá árinu 2017 eða 2018 eftir því hvaða gögn voru tiltæk þegar greiningin var gerð. Breyting sem orðið hefur á sl. 1-2 árum er ekki það veruleg að hún breyti þeirri mynd sem hér er dregin upp.


Talsverðar sveiflur voru í íbúafjölda Grundarfjarðarbæjar á tímabilinu 1998-2018. Íbúar voru flestir árið 2006 eða 975 talsins en fæstir árið 2014 eða 872. Á tímabilinu hefur íbúum fækkað um 4,8%.

Á sama tíma fjölgaði íbúum á Vesturlandi úr rúmlega 13.900 í rúmlega 16.200 íbúa, sem er fjölgun um 16,8%. Fjölgunin á landinu öllu var á sama tíma 24,8%.

Sé þróunin á Vesturlandi skoðuð er ljóst að fjölgunin er meiri eftir því sem sunnar dregur. Dalir eru með umtalsverða fækkun, Borgarfjarðarsvæðið með þó nokkra fjölgun og Akranessvæðið með umtalsverða fjölgun eða yfir 40%. Íbúafjöldi á Snæfellsnesi hefur nokkurn vegginn staðið í stað, er nú um 3800-3900 íbúar. Þess má geta að íbúafjöldinn á Snæfellsnesi var u.p.b. 4000 í kringum 1970.¹⁸



Íbúafjöldi í Grundarfjarðarbæ 1998-2018 (Hagstofa Íslands).



Íbúafjöldi í Grundarfjarðarbæ og fleiri sveitarfélögum á Vesturlandi 1998-2018 (Hagstofa Íslands).

18) Vifill Karlsson (2017a).


2.2.2 DREIFBÝLI/ÞÉTTBÝLI

Íbúafjöldi þéttbýlis hefur á hverju ári vaxið sem hlutfall af heildaríbúafjölda í sveitarféluginu. Árið 1998 bjuggu rúmlega 89% íbúa í þéttbýlinu, en árið 2017 var hlutfallið komið í 95%. Íbúafjöldi þéttbýlis árið 2017 er nánast sá sami (825) og hann var árið 1998 (822). Því má segja að fækkunin í sveitarféluginu síðustu 20 árin skrifist nær öll á dreifbýlið, eða úr 98 íbúum (100 árið 2002) í 44 íbúa árið 2017.


2.2.3 RÍKISFANG

Íbúar Grundarfjarðarbæjar af erlendum uppruna hafa á liðnum áratugum komið víðsvegar að úr heiminum, m.a. frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Suður-Afríku, Gambíu, Moldóvíu og Bandaríkjunum, en flestir koma þeir í dag frá Póllandi og Litháen. Á tímabilinu 1998-2017 hefur íbúum af erlendum uppruna fjöldað úr 6,6% af heildaríbúafjölda í 17,8%. Í janúar 2017 voru 155 af 869 íbúum með erlent ríkisfang, þar af 100 með pólskt ríkisfang, 17 frá Litháen og 10 frá Ítalíu.

Svipuð þróun hefur verið í Snæfellsbæ, þar sem hlutfallið fór úr um 5% árið 1998 í 16,4% árið 2017, og í Stykkishólmi úr nálægt 5% í um 12% á sama tímabili. Á landinu öllu er hlutfall íbúa með erlent ríkisfang rétt tæp 9%.



Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang af heildaríbúafjölda í sveitarfélögum á Snæfellsnesi og á landinu öllu 1998-2017 (Hagstofa Íslands)




2.2.4 ALDURS- OG KYNJASKIPTING

Aldurssamsetning og kynjahlutföll í sveitarfélaginu hafa breyst talsvert síðasta áratuginn, frá 2007-2017. Helstu breytingar eru þær að samfélagið er að eldast, færri börn eru í hverri fjölskyldu og kynjahlutföll hafa breyst.

Breytingar í eftirfarandi aldursflokkum á þessu tímabili eru m.a.:


- 0-15 ára: Árið 2007 voru 236 einstaklingar í þessum aldurshópi en árið 2017 hafði þeim fækkað um 82 eða niður í 154. Á allra síðustu árum hefur fæðingum þó fjölgæð.
- 16-20 ára: Unglingum hefur einnig fækkað, úr 96 einstaklingum árið 2007 niður í 52 einstaklinga árið 2017.
- 21-35 ára: Fjölgæð hefur úr 192 einstaklingum í 228 á þessu aldursbili, eða um 19%. Þetta er aldurshópur sem gera má ráð fyrir að sé að hefja sjálfstæða búsetu, einstaklingar eða pör, fólk á algengasta barneignaraldrinum.
- 36-50 ára: Íbúum á aldrinum 36-50 ára hefur fækkað úr 236 í 149, eða um 37%. Ætla má að þessi aldurshópur sé mjög virkur á vinnumarkaði, svo fækkun vinnandi handa á þessum aldri er ekki góð þróun.
- 51 árs og eldri: Hlutfallslega fleiri eru í aldurshópunum yfir 50 ára, en það er þróun sem sést víðast hvar í hinum vestræna heimi með lægri fæðingartíðni og auknum lífslíkum fólks. Íbúar 51 árs og eldri voru 189 árið 2007 en árið 2017 voru þeir orðnar 286 talsins, sem er fjölgun um rúmlega 51%. Konum hefur fjölgæð hlutfallslega meira; úr 87 í 135 eða um rúm 55% og körlum á sama aldri fjölgæði úr 102 í 151, þ.e. um 48%.



Hlutfall íbúa eftir aldursskeiðum og kyni 2007 og 2017 (Hagstofa Íslands).

Af 869 íbúum í ársþyrjun 2017 voru 451 karl og 418 konur. Íbúafjöldi árið 2007 var 949 íbúar og kynjaskipting var nánast suð sama og hún er 2017.

Í hópi íbúa 20 ára og yngri eru 127 stúlkur og 115 drengir. Konur á aldrinum 21-40 ára eru 129 en karlarnir 145. Konur 41-60 ára eru alls 95 en karlarnir 111 og konur 61 árs og eldri eru 67 en karlar 86 talsins.



Íbúafjöldi í Grundarfjarðarbæ eftir aldri á árunum 2007 og 2017 (Hagstofa Íslands).




2.2.5 FJÖLSKYLDUSAMSETNING

Á síðustu 20 árum hefur orðið mikil hlutfallsleg fækkun á fjölskyldum með börn í Grundarfirði. Á sama tíma hefur einstaklingum og pörum án barna fjölgæð verulega.

Í gögnum Hagstofu Íslands kemur fram að meðalfjöldi barna á hverja fjölskyldu árið 1998 var 1,92, en árið 2018 er það 1,67.

Með fjölskyldu er átt við: (1) hjónaband með börnum, (2) óvígða sambúð með börnum, (3) karl með barn og (4) kona með barn. Einstaklingar eru 18 ára og eldri.




Samanburður á heildarfjölda fjölskyldna og einstaklinga í Grundarfirði árin 1998 og 2018 (Hagstofa Íslands).

2.3 ATVINNUÞRÓUN

2.3.1 ALMENNT

Atvinnuþróun og starfsumhverfi á svæðinu síðustu árin má lýsa þannig:

- Atvinnusókn Grundfirðinga er í vaxandi mæli um allt Snæfellsnesið og litið er á það sem eitt atvinnusvæði. Stórbættar samgöngur á svæðinu síðustu rúma tvo áratugi hafa lagt þar lóð á vogarskálarnar.
- Bættar samgöngur hafa haft jákvæð áhrif á sjávarútveg á Snæfellsnesi, sem byggir afkomu sína í auknum mæli á útflutningi á ferskum fiski með flugi. Sömuleiðis hafa samgöngubætur haft mikið að segja fyrir ferðaþjónustu á svæðinu og gert Snæfellsnes að valkosti fyrir skemmti ferðir út frá höfuðborgarsvæðinu.
- Þegar horft er til atvinnulífsins í Grundarfirði hafa meginatvinnugreinarnar til langs tíma verið sjávarútvegur og fiskvinnsla í þéttbýlinu og landbúnaður í dreifbýli. Umfang sjávarútvegs hefur ekki breyst verulega á síðustu árum en landbúnaður hefur dregist talsvert saman. Vægi ferðaþjónustu hefur hinsvegar farið ört vaxandi og er nú umtalsvert. Önnur þjónustustarfsemi og störf við skóla eru einnig þýðingarmikil fyrir samfélagið og hafa aukist, m.a. með tilkomu Fjölbautaskóla Snæfellinga.
- Atvinnuleysi hefur sjaldan verið minna en einmitt nú, en það var 0,7% í árslok 2017. Hæst fór það á árunum 2009-2011, yfir 3 og 4%.
- Árið 2014 stofnuðu fimm sveitarfélög á Snæfellsnesi til fjölpætts samstarfs með félagasamtökum í atvinnulífi á svæðinu undir merkjum Svæðisgarðsins Snæfellsness. Samstarfið beinist m.a. að uppbyggingu í atvinnulífi, á grunni sameiginlegrar sýnar um



Atvinnuleysi í Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmssbær 2000-2017 (Vifill Karlsson, 2017).

sérstöðu svæðisins og samtakamætti við að hagnýta sérstöðuna og vernda hana. Ekki liggur fyrir samantekt um samstarf á vegum Svæðisgarðs um atvinnulífstengd verkefni, en starfsemin byggir á langtímasýn.¹⁹

- Unnið var að lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu árið 2017 og mun sú framkvæmd auka stöðugleika í fjarskiptum og skipta dreifbýlið sérstaklega miklu máli.
- Menntun er þáttur sem horft er til þegar þróun í atvinnulífi er metin. Könnun SSV sýnir að menntunarstig hefur hækkað á Snæfellsnesi á síðustu árum. Árið 2007 höfðu um 42% íbúa lokið grunnnámi sem eina formlega náminu, en árið 2016 voru um 27% íbúa einungis með grunnnám. Að sama skapi hafði þeim fjölgæð sem höfðu lokið iðnnámi, úr 17 í 23%, þeim sem höfðu lokið stúdentsprófi úr 9 í 46% sem er sláandi hækkun og telja má víst að leiði af tilvist FSN sem hóf starfsemi haustið 2004. Samkvæmt könnun SSV höfðu um 18% íbúa háskólamenntun árið 2007, en um 27% árið 2016.²⁰
- Kostnaður við húshitun í sveitarfélaginu er hár²¹ og er ókostur við staðsetningu á svæðinu að mati fyrirtækja á svæðinu.²²

19) Sveitarfélögin á Snæfellsnesi (2014)

20) Vifill Karlsson (2017a)

21) Byggðastofnun (2018)

22) Vifill Karlsson (2017b)

2.3.2 SJÁVARÚTVEGUR

Sjávarútvegur í Grundarfirði byggir á góðum hafnaraðstæðum og því að stutt er á gjöful fiskimið. Grundarfjarðarhöfn er afar góð frá náttúrunnar hendi, aðstæður í höfninni eru góðar og uppygging hafnarmannvirkja hefur verið forsenda byggðarinnar allt frá upphafi. Fiskvinnsla hefur verið sterk, einkum vinnsla á bolfiski, fiskmarkaður hefur byggst upp, öflug löndunar- og flutningaþjónusta og fjölbreytt önnur þjónusta tengd sjávarútvegi og við viðskiptavini hafnar.


Stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi hafa verið Guðmundur Runólfsson hf. og Soffanías Cecilsson hf., með blandaða útgerð, og FISK Seafood, sem hefur verið með rækjuvinnslu í Grundarfirði síðustu árin. All nokkur skelfiskvinnsla var í Grundarfirði en liggur nú niðri.²³

Skipum skráðum með heimahöfn í Grundarfirði fækkaði árin 2010-2018 úr tólf í níu. Flest voru þau fimmtán talsins, árið 2012.²⁴


Aflaheimildir skipa sem skráð eru í Grundarfirði síðustu fimm árin eru frá 8.300 og uppí 8.600 þorskígildistonn.

Landaður afli í Grundarfjarðarhöfn hefur sveiflast nokkuð á milli ára. Árið 2017 var landaður afli tæplega 11.600 tonn, sem er svipað magn og fyrir 20 árum.

Komum skemmtiferðaskipa til Grundarfjarðar hefur fjölgæð mikið síðustu árin. Árið 2000 komu einungis 2 skemmtiferðaskip til Grundarfjarðar með 456 farþega en árið 2017 komu 26 skip með 11.142 farþega. Árið 2000 voru tekjur vegna komu skemmtiferðaskipa eingöngu 1% af heildartekjum Grundarfjarðarhafnar en eru í dag um 16%.



Aflaheimildir skipa skráðra í Grundarfirði 2013-2018.



Landaður afli í Grundarfjarðarhöfn árin 1998-2017 (Grundarfjarðarhöfn, hafnarstjóri. Maí 2018).

23) Vifill Karlsson (2017b)

24) Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri. Munnleg heimild - samantekt. Maí 2018.

2.3.3 LANDBÚNAÐUR

Landbúnaður í Grundarfirði hefur gefið verulega eftir á síðustu árum. Búskapur hefur lagst af á jörðum og störfum í landbúnaði fækkað verulega. Íbúum í dreifbýlinu hefur fækkað úr 98 árið 2002 í 44 árið 2017.

Árið 2017 voru 22 lögbýli skráð í sveitarfélaginu og á níu þeirra voru skráðir ábúendur.²⁵

Árið 2017 var kúabúskapur á þremur býlum, með samtals um 160 skráðum nautgripum. Fyrir 30 árum voru um 250 nautgripir skráðir í sveitinni. Á kúabúnum er einnig sauðfjárbúskapur, en einungis eitt býli hefur yfir 100 kindur.

Sauðfjárbúskapur er á öðrum býlum²⁶ og árið 2017 var sauðfé skráð á sautján stöðum, þar af á sextán jörðum í sveitinni. Samtals telur sauðfé og geitur rétt á fjórtánda hundraðið og hefur fækkað um hér um bil 50% á 30 árum, en árið 1987 voru um 2700 kindur skráðar á bæjum í Eyrarsveit. Af þeim sautján stöðum þar sem sauðfé er halddið eru fimm býli með yfir 100 kindur. Alifuglar eru skráðir á einu búi, samtals um 1100 fuglar. Skráð eru um 270 hross á um átján ábyrgðaraðila árið 2017, en árið 1987 voru þau um 170 talsins.

Jarðirnar sem búið er á, þ.m.t. lögbýli, eru flestar í Framsveit og Útsveit.

Ferðaþjónusta, með rekstrarleyfi fyrir gististað, er stunduð án búskapar á fimm jörðum í dreifbýli, á tveimur jörðum er ferðaþjónusta stunduð auk búskapar (kúabú og bú með >100 fjár) og á þremur jörðum til viðbótar er ferðaþjónusta þar sem skráð eru hross og <100 fjár. Í öllum tilvikum er um gistiþjónustu að ræða.



2.3.4 FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónustu hefur vaxið fiskur um hrygg í takt við verulega fjölgun ferðamanna sem sækja Ísland heim og birtist m.a. í mikilli fjölgun gesta á Snæfellsnesi allan ársins hring. Ferðaþjónustan er orðin ein af megininstöðum íslensks efnahags og býr yfir enn frekari vaxtarmöguleikum. Ferðaþjónustan og umsvif í greininni eru talin hafa stutt verulega við stöðugleika í búsetu í dreifðari byggðum. Því hefur engu að síður verið halddið á lofti að mikill vöxtur í greininni hafi ekki skilað sér í auknum íbúafjölda og störfum fyrir nýja íbúa, en sí ályktun dregin að íbúum hefði mögulega fækkað meira á ákveðnum svæðum á Vesturlandi ef ekki hefði verið um vöxt í ferðaþjónustu að ræða á tímabilinu.²⁷

25) Þjóðskrá Ísland (2018)

26) Matvælastofnun. Munnleg heimild - Upplýsingar í tölvupósti. Febrúar 2018.

27) Guðrún Egglárdóttir (2016).



Störfum í ferðaþjónustu hefur fjöldað verulega. Fjöldi launþega í einkennandi atvinnugreinum í ferðaþjónustu var um 14.200 í ágústmánuði 2008, en var kominn í 30.700 í ágústmánuði 2017. Á árinu 2008 voru skráðir launþegar (hlutastörf meðtalin) í einkennandi atvinnugreinum innan ferðaþjónustu um 147.700 að meðaltali, en á árinu 2017 voru að meðaltali 326.000 launþegar skráðir í greininni.²⁸ Reikna má með að það sama sé uppi á teningnum í Grundarfirði, að störfum í ferðaþjónustu hafi fjöldað, en ekki liggja fyrir tölur um það.

Gestakomur á Vesturlandi voru um 63.000 á árinu 1998 (135.000 árið 2008) en fjöldaði í 356.000 á árinu 2017. Á sama tímabili fjöldaði gistenóttum á Vesturlandi úr 96.000 í 510.000.

Gestum í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli fjöldaði úr um 120 þúsund árið 2010 í um 400 þúsund árið 2017.²⁹ Þjóðgarðurinn hefur án efa dregið fleiri ferðamenn á Snæfellsnes og stuðlað að auknum tekjum fyrtækja á svæðinu.³⁰ Gisti- og veitingastöðum með rekstrarleyfi hefur fjöldað sem og annari þjónustu við ferðamenn. Í Grundarfirði voru útgefin

rekstrarleyfi (flokkar II-IV) fyrir gististaði í Grundarfirði 30 talsins bæði í maí 2017 og maí 2018 Áætlaður fjöldi gistirýma í maí 2017 var rétt tæplega 400 gistirými, þar af voru gistirými í dreifbýli um 81.³¹

Umferðartölur sýna að umferð hefur aukist jafnt og þétt. Umferðartalning við Kolgrafafjarðarbrú frá 2005-2017 sýnir 92% aukningu á dagsumferð (meðalumferð á dag yfirárið) eða úr 416 bílum árið 2005 í 795 bíla árið 2017.³² Árið 2000 komu tvö skemmtiferðaskip í Grundarfjarðarhöfn með 456 farþega en árið 2017 komu 26 skip með 11.142 farþega.

Á undanförnum árum hefur stríður straumur ferðamanna legið að Kirkjufellinu, einkum Kirkjufellsfossi en þaðan er fallegt sjónarhorn á fjallid. Álag á umhverfi og umferð þar hefur verið talsvert og ástæða er til að dreifa álagi og leita leiða til að laða fleiri inn í þéttbýlið þaðan sem einnig er fallegt útsýni til fjallsins og þjónusta í boði.

Tækifæri til eflingar þjónustu í þéttbýlinu liggja einnig í að nýta þennan ferðamannastrauð meira en gert hefur verið.

2.3.5 ÖNNUR ÞJÓNUSTA

Þjónusta eins og verslun hefur gefið eftir að því leyti að litlar sérverslanir sem áður störfuðu hafa verið lagðar niður. Á móti kemur að aðrar verslanir hafa leitast við að auka vörumramboð sitt og samgöngur hafa batnað milli staða á Snæfellsnesi, sem og á höfuðborgarsvæðið. Með auknum fjölda ferðamanna á svæðinu, og ekki síst þar sem fjöldinn dreifist nú líka yfir vetrarmánuðina, má gera því skóna að dagvöruverslun hafi aukist og geti betur þjónað samfélagini. Veitingastaðir njóta einnig góðs af fjölda ferðafólks og eru opnir allt árið. Bankajónusta og póstþjónusta hefur dregist saman og breyst. Ný þjónusta hefur þó einnig litið dagsins ljós, eins og efnalaug, líkamsrækt og þjónusta stéttarfélaga sem þjóna félögum sínum með opnum skrifstofum. Þjónusta sýslumannsembættis með viðveru á staðnum hefur lagst af.

28) Hagstofa Íslands. Vitað er að tölur Hagstofu eru lægri en tölur annarra sem byggja t.d. á talningu gesta og könnunum.

29) Ferðamálastofa (2019)

30) Jukka K. Siltanen (2017)

31) Sýslumenn (2017) og munnlegar upplýsingar frá Grundarfjarðarbæ, skipulags- og byggingarfulltrúa dags. 4. maí 2017.

32) Vegagerðin (2017)

2.4 HÚSNÆÐISGREINING

2.4.1 FJÖLDI, STÆRÐ OG ALDUR ÍBÚÐA

Í þéttbýli Grundarfjarðar voru 314 fullbyggðar íbúðir, samtals um 38.800 m², í október 2016.³³ Hér er eingöngu horft til íbúðarhúsnæðis, en ekki atvinnuhúsnæðis og bygginga sem hýsa stofnanir. Á yfirlitsmynd á næstu blaðsíðu má þó sjá uppbyggingu alls húsnæðis í þéttbýlinu, greint eftir áratugum.



Íbúðarhús í þéttbýli Grundarfjarðar (ljósblá)

Eftirfarandi tafla sýnir byggingarár og stærð íbúðarhúsa. Flestar íbúðir voru byggðar árin 1970-1979, eða 71 talsins, samtals 9.565 m². Áratuginn 1960-1969 voru byggðar 54 íbúðir, samtals 6.896 m².

Tímabil	Fjöldi byggðra íbúða	Byggðir fermetrar (m ²)	Meðalstærð byggðra íbúða á tímabilinu (m ²)
1930-1939	1	?	?
1940-1949	20	1527	76
1950-1959	38	4320	114
1960-1969	59	7394	125
1970-1979	72	9771	136
1980-1989	42	7006	167
1990-1999	41	4435	108
2000-2009	41	4344	106
Samtals	314	34.678	118 m ²


Byggingarár og stærð íbúðarhúsa í þéttbýli Grundarfjarðar frá 1930 til 2016 (Gögn frá Þjóðskrá Íslands).

Yfirlitið sýnir jafnframt hversu stórar íbúðir voru byggðar á hverjum áratug. Meðalíbúðin fór stækkandi á hverjum áratug allt til 1990, frá því að vera 76 m² árin 1940-49, en þá höfðu um 28 íbúðir verið reistar í Grundarfirði, upp í það að vera að meðaltali 164 m², þær sem byggðar voru á áratugnum 1980-1989. Eftir það hefur meðalíbúðin minnkað, niður í 106-108 m², en á því tímabili, þ.e. frá 1990-2009, var byggð 81 íbúð.

33) Þjóðskrá Íslands: Gögn tekin saman fyrir Alta um fasteignir, íbúa og staðföng, október 2016.

Byggingarár

- 1930 - 1940
- 1940 - 1950
- 1950 - 1960
- 1960 - 1970
- 1970 - 1980
- 1980 - 1990
- 1990 - 2000
- 2000 - 2010
- 2010 - 2016



Byggingarár alls húsnæðis í þéttbýli Grundarfjarðar, eftir áratugum. (Gögn frá Þjóðskrá Íslands).

2.4.2 SAMANBURÐUR VIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Samanburður við höfuðborgarsvæðið sýnir að í þéttbýli Grundarfjarðar hefur verið byggt hlutfallslega meira af stærri íbúðum heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig eru 2ja-3ja herbergja íbúðir um 33% af öllu íbúðarhúsnæði í þéttbýli Grundarfjarðar, en um 44% á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðir upp að 110 m² að stærð eru tæp 45% húsnæðis í Grundarfirði, en um 56% húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúar í þéttbýli Grundarfjarðar voru 813 skv. gögnum Þjóðskrár í september 2016, með um 47,7 m² íbúðarhúsnæðis á hvern einstakling og um 2,59 íbúar eru því á hverja íbúð. Á höfuðborgarsvæðinu voru á sama tíma 212.754 íbúar með um 44,3 m² íbúðarhúsnæðis á einstakling. Þar eru um 2,66 íbúar um hverja íbúð. Til samanburðar má taka þéttbýlið á Húsavík en þar bjuggu árið 2016 um 2.168 íbúar í 885 fullbyggðum



íbúðum, eða um 2,45 íbúar í hverri íbúð.³⁴⁾ Meðalstærð fullbyggðra íbúða í þéttbýli Grundarfjarðar er 123,6 m² eða um 6 m² stærri en á höfuðborgarsvæðinu þar sem hún er 117,6 m². Á Húsavík er meðalíbúðin 136,2 m², eða um 19 m² stærri en á höfuðborgarsvæðinu.

Samanburður við höfuðborgarsvæðið er ekki endilega „réttur“ en höfuðborgarsvæðið endurspeglar þó virkari markað sem er í betra jafnvægi við eftirspurn.

³⁴⁾ Alta (2016).



2.4.3 ATVINNUHÚSNÆÐI

Alls eru 154 fasteignir skráðar sem atvinnuhúsnæði í febrúar 2018. Þær skiptast þannig að vörugeymslur eru 8 talsins, verslunar- og skrifstofuhúsnæði alls 12, iðnaðarhús 54 og sérhæfðar eignir alls 88 talsins.



Atvinnuhúsnæði í þéttbýli Grundarfjarðar flokkað eftir tegund starfsemi.



2.5 ÁÆTLUN UM FRAMTÍÐARÞRÓUN

Út frá framangreindum upplýsingum er sett fram eftirfarandi áætlun um íbúaþróun á skipulagstímabilinu. Einnig er sett fram mat á húsnæðisþörf, út frá forsendum um íbúaþróun og öðrum upplýsingum sem fram eru komnar, auk þess sem settar eru niður hugleiðingar um þróun í atvinnulífi. Á þessum forsendum byggir stefna aðalskipulagsins.

2.5.1 ÁÆTLUÐ ATVINNUÞRÓUN

Með eftirfarandi hætti er ályktað um forsendur atvinnuþróunar næstu ára:

- Staðsetning Grundarfjarðar miðsvæðis á norðanverðu Snæfellsnesi felur í sér tækifæri.
- Gríðarleg fjölbreytni landslagsins og hið fjölbreyttu dýralíf skapar ævintýralega umgjörð um daglegt líf íbúa og áhugavert svæði til náttúruskoðunar og þróunar ferðaþjónustu.
- Fiski- og flutningaskip, sem og skemmtiferðaskip, hafa verið að stækka og verða djúpristari. Með þeiri þróun, sem halda mun áfram, mun skipunum einnig fækka. Það kallar á betri hafnaraðstæður og hafnarmannvirki sem geta tekið við þeim.
- Bygging tæknivædds fiskvinnsluhúss G.Run. hófst á árinu 2018. Væntingar eru að starfsemi fyrirtækisins styrkist verulega, en fyrirtækið er stærsti vinnuveitandi byggðarlagsins.
- Reiknað er með að uppsöfnuð áhrif og þróun í ferðaþjónustu, m.a. uppbygging fyrirtækja í Grundarfirði eigi, eftir að skila sér í styrkingu greinarinnar á svæðinu.
- Undirliggjandi og uppsöfnuð þörf og eftirspurn eftir hentugu íbúðarhúsnæði getur leitt til eftirspurnar eftir vinnu iðnaðarmanna.



- Á árinu 2017 var unnið að lagningu ljósleiðara í dreifbýlinu. Með betra netsambandi er tryggður meiri stöðugleiki í fjarskiptum. Ný atvinnutækifæri gætu skapast við það sem og að búseta í dreifbýli verði fýsilegri. Með betra netsambandi á landsbyggðinni ætti að vera auðveldara, og jafnvel eftirsóknarverðara, fyrir þjónustufyrirtæki að hafa starfsemi sína þar.



Reikna má með að eftirfarandi atriði, sem finna má í stefnumótun opinberra aðila, geti haft áhrif á framtíðarþróun:

- Sóknaráætlanir landshluta eru hluti af nýrri byggðastefnu en í þeim eru skilgreind verkefni á svæðisvísu. SSV heldur utan um sóknaráætlun Vesturlands og hefur lagt fram stefnu til ársins 2020 þar sem settar eru megináherslur um atvinnumál og nýsköpun, mennta- og menningarmál og skilgreind markmið og aðgerðir á þeim sviðum. Framkvæmdaráð hefur samþykkt að leggja til þrjú meginverkefni: Eflingu matvælaiðnaðar og ferðaþjónustu á Vesturlandi, hækkan þekkingarstigs og samstarf atvinnulífs og menntastofnana og eflingu ímyndar Vesturlands.
- Áfangastaðaáætlun Vesturlands (DMP)³⁵, unnin af Markaðsstofu Vesturlands, kom út í febrúar 2019.³⁶ Áætlunin leysir af hólmi stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi 2012-2015. Með skipulagningu áfangastaða og áætlun um hvernig eigi að standa að uppbyggingu, í samstarfi aðila á svæðinu, skapast grunnur að markvissri uppbyggingu á staðra svæði, sem ætti að koma fyrirtækjum á svæðinu til góða.

35) Ferðamálastofa (2019)

36) Markaðsstofa Vesturlands (2012)

- Skýr og klár tækifæri felast í samstarfinu sem komið hefur verið á með Svæðisgarðinum Snæfellsnesi og þeirri undirbúningsvinnu sem unnin var og sett fram í Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026.
- Út frá áherslum svæðisskipulagsins og sérstöðu Grundarfjarðar eru hér tilgreind þrjú meginþvíð til verðmætasköpunar, þ.e. matvælaframleiðsla (sjávarútvegur og landbúnaður m.a.), ferðaþjónusta og rannsóknir.
- Framleiðsla og markaðssetning á matvælum af svæðinu felur í sér mikla möguleika, m.t.t. gæða hráefnis, umhverfis og hreinleikaímyndar svæðisins. Snæfellingar hafa því sett fram þá stefnu í atvinnumálum að matvælavinnsla sé þeirra stóriðja. Þetta felst í því markmiði Svæðisskipulags Snæfellsness að Snæfellsnes sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu". Í þessu felst tækifæri til að byggja upp og laða að starfsemi sem hefur hag af því að geta sýnt fram á slíka stefnu.
- Svæðisskipulagið og stefnan sem þar birtist felur í sér skýra og nærtæka áherslu á ferðaþjónustu til framtíðar. Í svæðisskipulaginu er útfært hvernig greinin getur hagnýtt þau tækifæri sem greind eru í auðlindum svæðisins, ekki síst staðarandanum, og hvernig sveitarfélögini búi í haginn fyrir greinina.
- Svæðið er kjörinn vettvangur fyrir margs konar náttúrfarsrannsóknir og mikilvægt er að afla frekari þekkingar á lífríki svæðisins, m.t.t. verndargildis, umgengni við náttúruna og skynsamlegrar og ábyrgrar nýtingar auðlinda, eins og markmið eru sett um í Svæðisskipulagi Snæfellsness.

- Sérstæð náttúra, jarðfræði og landslag er fóður í sterka ímynd Snæfellsness, sem nýst getur á margvíslegan hátt, fyrir fyrirtæki og samfélagið í heild. Þörfum ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina þarf að mæta með stefnumótun til framtíðar, í gegnum aðalskipulag. Í þessu aðalskipulagi gefst tækifæri til að móta þessar áherslur fyrir Grundarfjörð.
- Tækfærin sem liggja í staðaranda svæðis eru ekki bara á sviði ferðaþjónustu heldur má einnig nýta verðmætin í staðarandanum á öðrum sviðum, eins og í vörubróun og markaðssetningu á handverki eða matvælum. Sterkur staðarandi getur líka laðað að nýja íbúa.³⁷ Verði markmiðum svæðisskipulagsins fylgt eftir með framkvæmd þeirra leiða sem þar eru skilgreindar til að ýta undir og styðja við vörubróun og markaðssetningu svæðisins þá væri það mikill stuðningur við atvinnulíf í Grundarfirði og á Snæfellsnesinu öllu.



37) Sveitarfélögin á Snæfellsnesi (2014)

- Sameiginleg stefna sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfis-, menningar-, samfélags- og efnahagslegu tilliti³⁸ kemur á ýmsan hátt inná sömu svið og Svæðisskipulag Snæfellsness, hvað varðar umgengni um náttúru svæðisins og upplifun heimamanna og gesta. Í stefnunni hafa sveitarfélögin sett markmið um að ný atvinnutækifæri skapist fyrir heimamenn á Snæfellsnesi í tengslum við sjálfbæra ímynd svæðisins, m.a. þannig að vörubróun byggi á þessari ímynd. Dæmi eru nefnd um framleiðslu minjagripa, náttúru- og heilsuafurða og ræktun og framleiðslu lífrænna matvæla. Í framkvæmdaáætlun eru sett 12 lykilsvið, byggð á staðli og vottunarkerfi EarthCheck, og skilgreindir sjálfbærnivísar sem hjálpa til við mat á frammistöðu skv. stefnunni. Gangi framkvæmd stefnunnar eftir eins og skilgreint er, mun það hjálpa til við að byggja upp ímynd Snæfellsness sem lýst er í stefnunni. Auk þess má telja líklegt að það komi fyrirtækjum á svæðinu til góða og geti laðað að þá atvinnustarfsemi sem fellur að stefnu Svæðisskipulags Snæfellsness.
- Þessi stefna sveitarfélaganna og framkvæmdaáætlun, frá 2017, leggur áherslu á að á Snæfellsnesi sé rekin öflug ferðaþjónusta í sátt við umhverfi og samfélag, og að ferðaþjónustufyrirtæki hafi óháða umhverfisvottun. Líklegt er að það hjálpi til við uppbyggingu greinarinnar, auki gæðavitund og bæti ímynd svæðisins.

38) Sveitarfélögin á Snæfellsnesi (2017)





2.5.2 ÁÆTLUÐ ÍBÚAÐRÓUN

Þrátt fyrir fækkun undanfarinna ára verður sú forsenda lögð hér til grundvallar að Grundarfjarðarbær „eigi nokkuð inni“ hvað varðar fjölgun íbúa. Vísast til ályktana í kafla 2.5.1 því til stuðnings.

Íbúafjöldi í ársbyrjun 2017 og 2018*	0,25% fjölgun á 20 árum	0,5% fjölgun á 20 árum	0,75% fjölgun á 20 árum	1% fjölgun á 20 árum
869 (2017)	~44	~91	~140	~191
877 (2018)	~44	~92	~141	~193

*Íbúafjöldi í ársbyrjun 2019 var 856.

Miðað við íbúaþróunina síðustu ár þykir óraunhæft að gera ráð fyrir 1% fjölgun á ári út skipulagstímabilið, eða til ársins 2038. Í þessari áætlun verður stuðst við þær forsendur að fjölgun íbúa geti orðið á bilinu 0,25%-0,75% á ári, og miðgildið nýtt við gerð áætlana. Með útreikningum veldisvaxtar er reiknað með allt að 92 nýjum íbúum á skipulagstímabilinu.

2.5.3 ÁÆTLUÐ HÚSNÆÐISÞÖRF

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar í spám um íbúðaþörf í þéttbýlinu, sem byggt er á í stefnu aðalskipulagsins. Nánar er vikið að því í kafla 4.1 hvernig þessari þörf verður mætt.

Út frá áætlun um íbúaþróun er dregin eftirfarandi ályktun um íbúðaþörf á skipulagstímabilinu. Ekki þótti ástæða til að uppfæra tölur m.v. árið 2019, þar sem íbúafjöldi er næstum sá sami.

Fjöldi íbúa í þéttbýlinu í ársbyrjun 2017	0,25% fjölgun á 20 árum	0,5% fjölgun á 20 árum	0,75% fjölgun á 20 árum	1% fjölgun á 20 árum
825	~42	~87	~133	~182
Íbúðaþörf á 20 árum	M.v. 2,6 íbúa í íbúð	M.v. 2,6 íbúa í íbúð	M.v. 2,6 íbúa í íbúð	M.v. 2,6 íbúa í íbúð
	~16 íbúðir	~34 íbúðir	~51 íbúðir	~70 íbúðir

Miðað við áætlaða fjölgun íbúa til ársins 2038 má gera ráð fyrir að byggja þurfi 16-51 íbúð á skipulagstímabilinu. Miðgildið verður nýtt og gerir það ráð fyrir um 34 íbúðum (námundað í 35). Það þýdir um 1,7 íbúð að meðaltali á ári á skipulagstímabilinu.

Framvinda eftirspurnar

Þó lagt sé upp með ákveðna áætlun um heildaruppbyggingu á skipulagstímabilinu er erfitt að spá fyrir um hver framvindan verði. Gera má ráð fyrir að uppbygging geti orðið í stökkum, þ.e. að sum ár eða tímabil innan skipulagstímabilsins verði meira byggt en önnur.

Fari svo að uppgangur verði hraðari en þessar áætlanir gera ráð fyrir, er engu að síður rúm fyrir það í aðalskipulaginu, því eins og fram kemur í kafla 4.1 er talsvert svigrúm til að bæta við lóðum í samræmi við heimildir í þessu aðalskipulagi.

Íbúðagerðir

Í rannsóknnum sem gerðar hafa verið á sviði húsnæðismála hefur m.a. komið fram að íbúðir í minna fjölbýli, t.d. parhúsum og fjörbýli, hafa verið vinsælli en íbúðir í stærra fjölbýli, t.d. í margra íbúða blokkum á nokkrum hæðum.³⁹ Minni einbýlishús, og einkum sérbýli eins og raðhús, parhús og minni sérbýli, seljist betur. Bent hefur verið á að meiri hefð sé fyrir sérbýli á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu og hugsanlega telji fólk ekki eftirsóknarvert að flytja út á land til að búa í fjölbýli. Gæta verði þess að byggð hæfi samfélaginu á hverjum stað, bæði hvað varðar húsagerðir og útlit.

Íbúðarbyggð bæjarins er að mestu sunnan Grundargötu, en teygir sig einnig að sjónum í vestari byggðum, við Grundargötu utanverða og við Sæból. Flest íbúðarhúsin eru einbýli eða raðhús á einni hæð, þar sem íbúðir eru fremur stórar. Innan byggðra hverfa eru víða auðar lóðir eða byggingarreitir.

Af því sem sagt var um íbúðabyggingar hér að framan má sjá að dregið hefur úr byggingum stærri einbýlishúsa og/eða að meðalíbúðarstærð fór aftur minnkandi eftir 1990. Engu að síður hefur vantað minni íbúðir síðustu árin.

Í kafla 2.2 kom fram að töluverðar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu íbúa. Hlutfallsleg fjölgun er í eldri aldurshópunum og má búast við að sú þróun haldi áfram. Ennfremur hefur orðið fjölgun í aldurshópum 20-35 ára en á þeim aldri er fólk alla jafna að hefja sjálfstæða búsetu. Mikil hlutfallsleg fækkan er á fjölskyldum með börn, en aukning hjá þeim sem búa ein eða í sambúð án barna.

Af þessu má draga þá ályktun að eftirspurn verði eftir 2ja-3ja herbergja íbúðum sem henta vel þeim sem eru að hefja búskap, einstaklingum og pörum, m.a. eldra fólk sem vill minnka við sig húsnæði. Þá losna um leið stærri íbúðir, t.d. í einbýlum, sem yngri fjölskyldur geta svo flutt í þegar þær stækka.

Það er í samræmi við umræður skipulagsnefndar og mat á stöðu á árinu 2018, þó lóðaframboð eigi að öðru leyti að geta mætt óskum bæði þeirra sem vilja byggja minna og stærra.

Ennfremur má álykta að leggja þurfi áherslu á að mæta óskum um tilteknar húsagerðir, þ.e. sérbýli eða minna fjölbýli, í samræmi við það sem fram kemur í rannsóknum á óskum fólks á landsbyggðinni. Hagstætt og rökrétt er því að leggja áherslu á uppbyggingu á slíku húsnæði.

39) Hjalti Jóhannesson o.fl., 2008. Hrönn Pétursdóttir, 2010.



3. Framtíðarsýn

Eftirfarandi framtíðarsýn er sett fram fyrir sveitarfélagið; byggð og samfélag.

Grundarfjörður er **stöndugur þjónustukjarni miðsvæðis á Snæfellsnesi**, sem byggir einkum á sjávarútvegi og ferðaþjónustu, auk þess að vera menntasetur.

Byggðin er vaxandi og börnum hefur fjölgað

Staðarandi svæðisins endurspeglast í umhverfismótun sveitarfélagsins, vörum og þjónustu sem í boði er og **ímynd** byggðar og samfélags er sett fram með skýrum hætti.

Táknmynd Grundarfjarðar er Kirkjufellið.

Ágætt úrval **íbúðarhúsnæðis** er í sveitarfélagini.

Fjölbreytni er í atvinnutækifærum og menningu og þjónusta er góð; einkum heilbrigðispjónusta, góður framhaldsskóli og aðrir skólar, dvalarkostir eldri borgara og aðstaða fyrir þá.

Lífsgæði íbúa felast í að búa í:

- **fjölskylduvænu samfélagi** - samfélagi sem hlúir að íbúum sínum
- **umhverfisvænu samfélagi** - þar sem umhverfi menntar og gleður, er gróðurríkt og vel skipulagt, friðsælt og snyrtilegt, og þar sem ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfið eru teknar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Að þessari sýn er unnið og hún útfærð með markmiðum sem sett eru fram í eftirfarandi köflum skipulagstillögunnar, með leiðum undir hverju markmiði og stefnu um landnotkun.



4. Byggð og samfélag

Meginútgangspunktar

Hið byggða umhverfi - mannvirki og grunnkerfi - er:

- Hluti af lífsgæðum íbúa og ræður miklu um hve fýsileg byggðin þykir til búsetu.
- Auðlind sem atvinnulífið nýtir og byggir á.
- Verðmæti sem núverandi og komandi kynslóðir eiga að njóta.

Íbúar sveitarfélagsins eru stoltir af byggðinni sinni; af einstökum náttúrugæðum svæðisins og af því samfélagi sem byggt hefur verið upp í Grundarfirði.

Leitast er við að tryggja góð og samkeppnishæf búsetu- og atvinnuskilyrði; að íbúar geti notið fjölbreytrar þjónustu á heimasvæðinu, að hér sé eftirsóknarvert að búa og að sækja svæðið heim.

Meginmarkmið

Fjölbreyttur Grundarfjörður

Út frá framangreindum meginútgangspunktum er sett fram það meginmarkmið að í Grundarfirði þyki aðstæður ákjósanlegar til búsetu.

Í eftirfarandi köflum er sett fram stefna sem ætlað er að stuðla að því.

4.1 ÍBÚÐIR

Framtíðarsýn: Fjölbreyttur Grundarfjörður með íbúðir fyrir alla

Forsendur

Þörf fyrir íbúðarhúsnæði

- Þörfin fyrir nýtt íbúðarhúsnæði í framtíðinni og eftirspurn eftir mismunandi gerð og stærð húsnæðis ræðst af íbúaþróun og aldurssamsetningu íbúa, af fjölskyldugerð og heimilisstærð. Lífsstíll og lífskjör hafa jafnframt áhrif, sem og möguleikarnir á að laga eldra húsnæði og innviði sveitarfélagsins að breyttum þörfum.
- Miðað við áætlaða fjölgun íbúa til ársins 2038 er gert ráð fyrir þörf fyrir um 35 íbúðir, sjá kafla 2.5.3. Það þýðir að byggja þurfi um 1,7 íbúð að meðaltali á ári á skipulagstímabilinu.
- Í kafla 2.5.3 var ályktað í þá veru að eftirspurn verði eftir minna íbúðarhúsnæði, 2ja-3ja herbergja íbúðum, þó lóðaframboð eigi að öðru leyti að geta mætt óskum bæði þeirra sem vilja byggja minna og stærra. Einnig, hvað varðar húsagerðir, að hagstætt og rökrétt sé að leggja áherslu á uppbyggingu á sérþýli eða minna fjölbýli.
- Umfjöllunin er bundin við þéttbýlið þar sem íbúðarsvæði eru ekki skilgreind í dreifbýli, þ.e. landnotkunarflokkurinn íbúðarbyggð skv. grein 6.2. í skipulagsreglugerð. Um stök íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum er fjallað síðar í kaflanum og í kafla 6.4 um landbúnaðarsvæði.

Lóðaframboð

- Flest íbúðarhúsin í þéttbýli Grundarfjarðar eru einbýli eða raðhús á einni hæð, þar sem íbúðir eru fremur stórar. Innan byggðra hverfa er töluvert af lausum byggingarlóðum eða byggingarreitum skv. gildandi aðalskipulagi, bæði fyrir sérþýli og eitthvað fyrir fjölbýli.
- Í töflu hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir heimildir fyrir uppbyggingu samkvæmt fyrra aðalskipulagi og deiliskipulagi Ölkeldudals (2003). Miðað er við íbúðarlóðir sem eru lausar til úthlutunar þann 4. apríl 2018 í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015 og áætlað byggingarmagn á þegar skipulögðum svæðum, auk lóða sem úthlutað hefur verið án þess að byggingu á þeim sé lokið. Þó ber að hafa í huga að meirihluti lóðanna eru ekki deiliskipulagðar og er því gerð áætlun um fjölda íbúða á hverri lóð í takt við aðliggjandi lóðir, neðri mörk og efri mörk. Tölur um fjölda íbúða eru því ekki nákvæmar, heldur settar fram til viðmiðunar og verður fjöldi lóða og íbúða á hverjum reit ákveðinn frekar í deiliskipulagi. Að auki má í töflunni sjá hvar lagt er til að nýta svæði frekar með því að gera ráð fyrir auknu byggingarmagni m.v. útgefnar upplýsingar (t.d. parhús þar sem auglýst hefur verið einbýlishúsalóð) eða að lögð er til skipulagsbreyting til að stækka reiti og nýta betur grunnkerfi eins og götur og lagnir.
- Í mótu aðalskipulagstillögunnar var farið yfir möguleika á frekari nýtingu innan þegar skipulagðra íbúðarsvæða og því að taka ný svæði undir íbúðarbyggð. Almennt var niðurstaða þeirrar greiningar sú sú að frekari nýting hefur jákvæðari áhrif á umhverfið en að taka ný svæði undir íbúðabyggð. Því er lögð áhersla á að í forgangi sé uppbygging á slíkum svæðum.

Taflan hér að neðan gefur yfirlit yfir áætlaðan fjölda íbúða sem gera má ráð fyrir á skipulögðum svæðum, að viðbættum mögulegum heimildum með breytingum á skipulagi þegar skipulagðra landnotkunarreita. Yfirlitinu er ætlað að draga upp hvaða svigrúm er fyrir íbúðarbyggingar

innan þéttbýlisins í heild. Tölur fyrir einstaka reiti eru forsendur en ekki stefna/ákvæði. Landnotkunarákvæði fyrir einstaka skipulagsreiti koma fram í kaflanum „Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti“ hér aftar.

Númer	Heiti	Stærð (ha)	Áætlaður fjöldi íbúða	Samtals fjöldi íbúða með breytingum
ÍB-1	Grundargata og Hlíðarvegur austan Borgarbrautar	4,1	Samtals 3 óbyggðar lóðir (einbýli) - þar af 2 úthlutaðar. Byggingarmagn á reit: 3 Viðbótarbyggingarmagn á reit: 6 íbúðir Nýjar lóðir, með skipulagsbreytingu: allt að 8 íbúðir.	Neðri mörk - 3 Efri mörk - allt að 17
ÍB-2	Miðsvæði	7,0	Fullbyggt.	0
M-1	Miðbæjarsvæði	6,9	Samtals 1 lóð óbyggð (einbýli), 1 lóð óbyggð (atvinnuhúsnaði) og ein óskráð lóð. Áætlað byggingarmagn á reit: 4-12 íbúðir. Aðrar lóðir, breytt notkun: allt að 4 íbúðir.	Neðri mörk - 4 Efri mörk - allt að 16
ÍB-3	Hjaltalínsholt og ofanverð Grundargata að vestan	5,4	Samtals 10 óbyggðar lóðir (einbýli, parhús, fjölbýli) - þar af 5 úthlutaðar. Áætlað byggingarmagn á reit: 13 íbúðir. Viðbótarbyggingarmagn á reit: 2-3 íbúðir.	Neðri mörk - 13 Efri mörk - allt að 16
ÍB-4	Sæból og botnlangar vestast á Grundargötu	8,1	Samtals 2 óbyggðar lóðir (einbýli) - báðar úthlutaðar. Viðbótarbyggingarmagn á þeim lóðum: 2 íbúðir Áætlað byggingarmagn á óskilgreindu svæði: 2-8 íbúðir.	Neðri mörk - 2 Efri mörk - allt að 12
ÍB-5	Ölkeldudalur	3,5	Samtals 4 óbyggðar lóðir (einbýli) - þar af 2 úthlutaðar. Nýjar lóðir, með skipulagsbreytingu: allt að 6 íbúðir. Á reitnum er óskilgreint/óbyggt svæði ofan Ölkelduvegar skv. gildandi aðalskipulagi. Ódeiliskipulagt, en við aðalskiplagsvinnu (Zeppelin, 2005-6) var áætlað allt að 22 íbúðum á svæðinu.	Neðri mörk - 26 Efri mörk - 32
ÍB-6	Vestursvæði	2,3	Svæðið er óbyggt og ódeiliskipulagt, en við aðalskiplagsvinnu (Zeppelin, 2005-6) var reiknað með 46 íbúðum á svæðinu.	Neðri mörk - 46 Efri mörk - 46
ÍB-7	Grafarbæir	3,4	Svæðið var skilgreint sem íbúðarsvæði í eldra aðalskipulagi og er svo áfram. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á skipulagstímabilinu	0
S-2	Hrannarstígur syðst og Fagurhóll	2,5	Í gildandi deiliskipulagi sem nær yfir lóð dvalarheimilisins Fellaskjóls er gert ráð fyrir 3 íbúðum í tengslum við stofnunina. Stjórn dvalarheimilis hefur óskað eftir að þær verði felldar út og eru þær því ekki taldar með í þessari greiningu en breyta þarf deiliskipulagi ef fella á lóðirnar út.	Ekki talið með.
			Samtals íbúðafjöldi við neðri mörk 81 og við efri mörk 139, eða um 80-140 íbúðir	

Samkvæmt greiningunni í töflunni að framan er möguleiki á 80-140 nýjum íbúðum á þegar skilgreindum landnotkunarreitum. Miðað við að þörf sé fyrir um 35 íbúðir á skipulagstímabilinu (sbr. kafla 2.5.3), þá ættu þegar skipulögð svæði, auk áfórmá um breytingar, að svara þeirri þörf og gefa svigrúm til að forgangsraða með ólíkar þarfir íbúa í huga. Forgangsröðun uppbyggingarsvæða gæti verið með eftirfarandi hætti, sem miðar að því að nýta grunnkerfi sem til staðar eru sem best.

Æskileg forgangsröðun við uppbyggingu (litir á reitum vísa til kortsins til hliðar)	Áætlaður fjöldi íbúða (ekki bindandi)
A. Áætlaður fjöldi íbúða á lóðum sem eru lausar til úthlutunar skv. aðalskipulagi (gulir reitir)	26
B. Áætlað viðbótarbyggingarmagn á lóðum skv. A (gulir reitir)	17-19
C. Áætlað byggingarmagn tilkomið vegna viðbótarlóða (breytt notkun byggðra lóða og nýjar lóðir á þegar skipulögðum reitum) (bláir punktar)	20-26
D. Sá möguleiki er fyrir hendi að kanna íbúðarbyggingar við gatnamót Hrannarstígs og Fagurhóls og á heilsugæslureit en íbúðafjöldi á þessum reitum er ekki áætlaður á þessu stigi.	
Samtals A+B+C	63-71
F. Næsta hverfi, óbyggt svæði ofan Ölkelduvegar á reit ÍB-5 (bleikur reitur)	22
G. Næsta hverfi, óbyggt svæði, Vestursvæði ÍB-6 (bleikur reitur)	46
Samtals, allt að:	114-139



Íbúðarlóðir og íbúðarsvæði

Markmið og leiðir

Íbúðarbyggð í þéttbýli og dreifbýli svari húsnæðisþörfum íbúa sem best og nýti vel þau grunnkerfi sem fyrir eru.

- Tiltækta sé nægt magn lóða til byggingar íbúðarhúsnæðis m.v. áætlaða íbúapróun og þarfir hverju sinni.
- Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum við deiliskipulagsgerð til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa og fjölskyldustærða.
- Sérstök áhersla verði á lóðir fyrir minna íbúðarhúsnæði, sérþýli eða fjölbýli, sem er hagkvæmt í byggingu.
- Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 6.4.
- Lögð verði áhersla á að byggja í eyður í byggðinni til að nýta grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum í þjónustu, með fjárhagslega hagsmuni íbúa og bæjarsjóðs í huga. Sérstök áhersla verði á að nýta óbyggðar lóðir og fullbyggja hverfi áður en ráðist er í ný hverfi eða nýframkvæmdir við grunnkerfi með tilheyrandi kostnaði.
- Áhersla verði á að deiliskipuleggja og þróa svæði til íbúðarbygginga í og nálægt miðbæ, með blöndun byggðar, m.a. með möguleika á þjónustustarfsemi á jarðhæð og íbúðum á efri hæð(um).
- Skýr stefna sé um gististaði í íbúðarbyggð.
 - Sjá stefnu um gististaði í kafla 6.3.



- Ný byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og taki mið af sérkennum landslags.
 - Heimilt er að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Sjá einnig stefnu í kafla 4.4.



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Íbúðarsvæði í þéttbýli

Landnotkunarflokkinn íbúðarsvæði er eingöngu að finna í þéttbýlinu. Íbúðir innan annarra landnotkunarflokkja í þéttbýli eru á svæði S-1 (sjá kafla 4.2) og M-1 (sjá kafla 8.1). Íbúðir í dreifbýli eru á L-1 (sjá kafla 6.4).

Íbúðarbyggð (IB)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærbjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að framan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti. Tillögur að stefnu um gististaði í íbúðarbyggð eru í kafla 6.3. Um byggingarmagn á hverjum reit vílast í greiningartöflu að framan sem höfð skal til viðmiðunar við deiliskipulagsgerð.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÍB-1	Austurhluti, sunnan Grundargötu (Þríhyrningur) Hverfið er nánast fullbyggt.	4,1	<p>Á Grundargötu 12 og 14 verði heimilt að byggja lítil fjölbýli eða parhús sem falli að umhverfi og nærliggjandi húsum. Heimilt er einnig að byggja eitt fjölbýlishús á lóðum 12 og 14 sameiginlega eða sameina lóðirnar.</p> <p>Gert er ráð fyrir 1-2 nýjum lóðum suðaustan við Grundargötu 4, í tengslum við veglagningu Nesvegar og tengingu hans við þjóðveginn og innra hafnarsvæði, sbr. kafla 8.2. Fyrirvari er settur um hagkvæma lausn fráveitumála.</p> <p>Gert er ráð fyrir 1-2 nýjum lóðum suðaustan við Grundargötu 5. Á þeim lóðum verði heimilt að byggja einbýli, parhús eða lítið fjölbýli. Fyrirvari er settur um hagkvæma lausn fráveitumála.</p> <p>Útvistarsvæðið í Þríhyrningnum er innan svæðisins. Í því verði sett upp leiktæki með tilvísun í gamla tíma og sögulegt hlutverk garðsins, s.s. rólur, rennbraut, vegasalt og sandkassi. Jafnframt verði sett upp aðstaða til útikennslu fyrir nemendum leik- og grunnskólans.</p>
ÍB-2	Miðsvæði Hverfið er fullbyggt.	7,0	<p>Heimilt er að byggja við eða endurbyggja.</p> <p>Heimilt er að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar (endurbyggingar) sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.</p>

ÍB-3	Hjaltalínsholt og ofanverð Grundargata að vestan Svæðið er íbúðarhverfi en þó eru tvær lóðir fyrir þjónustustarfsemi. Við Grundargötu 59 hefur verið starfræktur veitingastaður með vínveitingaleyfi í áratugi. Við Grundargötu 61 er efnalaug og verslun. Nokkuð er um auðar og óbyggðar lóðir á reitnum. Allir innviðir eru til staðar (götur, gangstéttir að mestu, lagnir) og því æskilegt að nýta óbyggðar lóðir til íbúðarbyggings.	5,4	Heimild er til að auka byggingarmagn á óbyggðum lóðum þar sem það þykir henta, t.d. með því að leyfa aukaibúðir þar sem stórar einbýlishúsalóðir eru, t.d. við Hellnafell 1. Fellabrekka 7-9: Heimild er til að byggja allt að 3ja íbúða hús á lóðunum sameiginlega, eða parhús og einbýli á lóðunum tveimur. Gert er ráð fyrir þjónustustarfsemi á lóðum við Grundargötu 59 og 61 eins og verið hefur. Lóð nr. 63 er óbyggð en hana er heimilt að nýta fyrir íbúðarhúsnaði og/eða þjónustustarfsemi.
ÍB-4	Sæból og botnlangar vestast á Grundargötu Tvær lóðir eru óbyggðar í botnlöngum vestast á Grundargötu, auk þess sem óbyggt rými er vestast á reitnum.	8,1	Reiturinn er stækkaður örlítið til vesturs til samræmis við reit ÍB-6 og til að fella að landslagi svæðisins. Heimilt að að byggja íbúðarhús sem falla vel að þeirri byggð sem fyrir er s.s. hvað varðar hæð húsa.
ÍB-5	Ölkeldudalur Nokkrar auðar og óbyggðar lóðir eru í hverfinu við Ölkelduveg, götu sem þegar hefur verið lögð. Með breytingu á aðalskipulagi staðfestu 12.5.2010 (Reitur 30) var skilgreint svæði fyrir íbúðabyggð ofan Ölkelduvegar, austarlega. Reiknað var með allt að 22 íbúðum þar. Í gildi er deiliskipulag af Ölkeldudal, frá 2002, sem tekur til hluta reitsins.	3,5	Svæðið er stækkað til vesturs og smáhluti tekinn af opnu svæði (OP-5) að sunnanverðu, þar sem heimild verði til að byggja rað- eða parhús í framhaldi af Ölkelduvegi 29, vestur upp brekkuna að Fellasneið og mögulega einbýlishús efst, skv. nánari skilgreiningu í deiliskipulagi. Byggðin falli vel að aðliggjandi húsum og að opnu svæði að sunnanverðu.
ÍB-6	Vestursvæði Svæðið er óbyggt og hefur ekki verið deiliskipulagt.	2,3	Svæði er stækkað örlítið til vesturs og suðurs til betri aðlögunar að landslaginu. Gera má svæðið að uppbyggingarsvæði að loknu skipulagstímabilinu, eða þegar önnur svæði eru fullbyggð.
ÍB-7	Grafarbæir	3,4	Ekki er gert ráð fyrir nýjum íbúðarbyggingsum á reitnum.

4.2 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA OG MENNING

Framtíðarsýn: Skemmtilegur Grundarfjörður með aðgengilega samfélagsþjónustu og nærandi menningu

Forsendur

Samfélagsþjónusta

- Samfélagsþjónusta nær yfir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið.
- Samfélagsþjónusta sveitarfélagsins er nokkuð dreifð um bæinn.



Samfélagsþjónusta í þéttbýli Grundarfjarðar flokkað eftir tegund starfsemi.

Skólar og tómstundir

- Í Grundarfirði eru skólar á öllum skólastigum nema háskólastigi. Í þéttbýlinu eru leik-, grunn- og tónlistarskóli sem sveitarfelagið rekur, auk framhaldsskólans sem þjónar Snæfellsnesi.
- **Leikskólinn Sólvellir** er þriggja deilda leikskóli fyrir börn frá 12 mánaða alðri og upp í 5 ára. Skólinn er til húsa að Sólvöllum 1. Í leikskólanum er eldaður matur bæði fyrir nemendur leik- og grunnskóla, alla virka skóladaga. Aldurshópurinn sex ára og yngri telur 20 færri börn 2017 en 2003, þegar fyrra aðalskipulag var staðfest, en sex ára börn eru nú í Eldhömrum. Fjöldi barna 1-5 ára er í kringum 70 börn, svipað og 2003. Reiknað er með að húsnæði og aðstaða leikskóla anni þeiri fjölgun sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu ef ekki verða miklar sveiflur milli árganga á tímabilinu. Þó verður að taka með í reikninginn að hluti húsnæðisins er kominn til ára sinna auk þess sem kröfur til leikskólastarfs hafa aukist síðustu árin, sem hefur haft áhrif á fyrirkomulag og aðstöðu. Búast má við að sú þróun haldi áfram.
- **Eldhamrar** eru fimm ára leikskóladeild, sem stýrt er af grunnskóla, með aðsetur í elsta hluta skólans þar sem sérstök aðstaða er fyrir nemendurna. Deildin starfar í samræmi við ákvæði leikskólagaga og aðalnámskrá leikskóla og er nokkuð aðskilin frá grunnskólastarfinu. Börnin nýta þó aðstöðu grunnskóla, íþróttahúss og tónlistarskóla reglulega.
- **Grunnskóli Grundarfjarðar** bjónar tæplega 90 börnum, vorið 2018. Grunnskólinn stendur efst við Borgarbraut og er innangengt fyrir nemendur í íþróttahús og sundlaug, sem og í tónlistarskólann. Í skólanum er rekið skólabókasafn og starfræktur heilsdagsskóli fyrir yngstu nemendurna. Skólaakstur er fyrir nemendur úr dreifbýlinu. Veruleg fækkan hefur orðið í grunnskólanum á rúnum áratug. Árið 2003, þegar fyrra aðalskipulag var staðfest, var

231 barn á aldrinum 6-16 ára, að báðum árgögum meðtöldum. Árið 2000 hafði húsnæði grunnskólaus verið nálega tvöfaldar. Reiknað er með að húsnæði og aðstaða grunnskóla anni talsverðri fjölgun nemenda og a.m.k. þeirri fjölgun sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu. Óskir eru um aðstöðu fyrir útikennslu fyrir nemendur grunn- og leikskóla, sjá kafla 5.3.

- **Tónlistarskóli Grundarfjarðar** er til húsa á neðri hæð íþróttahússins og var húsnæðið innréttar sérstaklega fyrir skólann árið 1997. Innangengt er fyrir grunnskólabörn af eftir hæð, úr grunnskólanum. Skólinn hefur um 50 nemendur vorið 2018. Gert er ráð fyrir að húsnæði og aðstaða skólaus anni fjölgun nemenda og a.m.k. þeirri fjölgun sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu.
- **Fjölbautaskóli Snæfellinga** er staðsettur við Grundargötu 44. Skólinn gegnir mikilvægu miðstöðvarhlutverki þar sem hann sækja ungmanni af öllu Snæfellsnesi, með daglegum skólaakstri úr Snæfellsbæ og Stykkishólmi, auk þess sem hann þjónar einnig nemendum á sunnanverðum Vestfjörðum. Nemendur voru 185 haustið 2017 og hefur fjöldinn haldist nokkuð stöðugur frá upphafi. Fjögur sveitarfélög á Snæfellsnesi eiga húsnæði skólaus og hafa lóðarleigusamning við bæinn. Lóðin er hugsuð fyrir starfsemi skólaus og tengda starfsemi til framtíðar, en í gildi er deiliskipulag lóðar.⁴⁰ Skólinn nýtir svæði í Torfabótinni til útvistar og hefur áhuga á að auka það í framtíðinni, í tengslum við íþróttakennslu og útvist.
- **Skólastefna Grundarfjarðarbærar**, frá 2014⁴¹, tekur til leik-, grunn- og tónlistarskóla. Leiðarljos hennar, sem eiga að birtast í skólastarfinu, eru ánægja, virðing og samvinna milli skóla og við samfélagið. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist góða þekkingu á nánasta umhverfi, sögu þess og sérkennum. Leitast á við að skapa samfelli í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi og kappkosta að aðstaða og aðbúnaður nemenda og starfsfólks sé til fyrirmynadar.



Aðalnámskrár fyrir leik- og grunnskóla⁴² leggja mikið upp úr námsumhverfinu, m.a. hinu manngerða eða náttúrulega umhverfi skóla. Það á að vera heilsueflandi, örvari, öruggt, hvetjandi og hentugt fyrir fjölbreytta hreyfingu, rannsókn og upplifun. Skipulag hins manngerða umhverfis á að vera sveigjanlegt og taka mið af fjölbreyttum þörfum nemenda. Í aðalnámskrá grunnskóla er vikið að hugmyndafræði um græna skóla, en hluti af því er að auka útikennslu og veru nemenda utan dyra í náttúrulegu umhverfi. Einn af kjarnaþáttum í **fjölskyldustefnu Grundfirðinga**⁴³ er að íbúar búi við öryggi í ytra umhverfi. Í umfjöllun um skólana var þetta atriði útfært m.a. með því að kappkosta ætti að húsnæði skólanna, lóðir þeirra og nánasta umhverfi væru eins örugg og hægt er. Umferðaröryggi og ferlimál voru enn fremur atriði sem fjölskyldustefnan skilgreindi mikilvæg. Tekið er mið af þessum þáttum í stefnu aðalskipulagsins, m.a. með áherslu á gönguleiðir og opin svæði, sjá kafla 4.3, ákvæði um útikennslu o.fl.

40) Skipulagsstofnun (2019)

41) Grundarfjarðarbær (2014)

42) Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2011), Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013)

43) Grundarfjarðarbær (2006)

- **Námsver.** Það hefur færst í vöxt að íbúar stundi fjarnám, bæði á framhalds- og háskólastigi. Kallað var eftir aðstöðu fyrir þennan hóp, sbr. óskir á íbúafundi í nóvember 2016 og fengu fjarnemar aðstöðu til náms að Grundargötu 30 í janúar 2019.
- Við **Borgarbraut 20** er autt svæði sem haldið er til haga fyrir starfsemi af samfélagslegum toga. Sunnan við íþróttahús og sundlaug er sömuleiðis autt svæði fyrir samfélagsþjónustu.
- **Félagsstarf eldri borgara** hefur frá hausti 2016 haft aðsetur að Borgarbraut 2, en starfinu stýrir félag eldri borgara.
- **Félagsmiðstöðin Eden** er starfrækt fyrir nemendur elstu bekkja grunnskólans. Starfsemin fer fram í gömlu íbúðarhúsi að Borgarbraut 18. Húsið er komið nokkuð til ára sinna, er í eigu bæjarins og er víkjandi við skipulag svæðisins til framtíðar. Reikna má með að finna þurfi starfsemi félagsmiðstöðvar annað rými á skipulagstímabilinu, mögulega í samengi við félagsstarf annarra og/eða starf grunnskóla.



Heilbrigðis- og félagsþjónusta

- **Fjölskyldustefnan** skilgreinir öryggi sem einn af fjórum grunnþáttum og að í því felist m.a. að íbúar búi við trausta og örugga heilbrigðis- og félagsþjónustu.
- **Heilsugæslustöð** er starfrækt að Hrannarstíg 7. Sjúkrahús er í Stykkishólmi og fjórðungssjúkrahús á Akranesi, þar sem fæðingarþjónusta er veitt í landshlutanum. Allar heyra þessar stofnanir undir sameiginlegan rekstur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, sem einnig annast sjúkraflutningaþjónustu í byggðarlaginu. Lóð heilsugæslustöðvarinnar er gríðarstór og gefur möguleika á hvorutveggja; þróun fyrir starfsemi stöðvarinnar sjálfrar og annarri þróun tengdri miðbæjarstarfsemi, sjá nánar í kafla 8.1 - miðbær, rammahluti.
- **Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól** er rekið sem sjálfseignarstofnun og tók til starfa árið 1988 í eigin húsnæði að Hrannarstíg 20, á eignarlóð. Voríð 2018 voru íbúar heimilisins tólf, túi í hjúkrunarrými og tveir í dvalarrými. Framkvæmdir hófust árið 2016 við 260 m² stækkun og er áætlað að byggingin verði tilbúin á árinu 2019. Spár ganga út á að eldri íbúum haldi áfram að fjölgja og reikna má með að þörf verði fyrir að stækka aðstöðu heimilisins enn frekar á skipulagstímabilinu.
- **Íbúðir eldri borgara** eru í nágrenni Fellaskjóls, alls 15 kaupleiguíbúðir sem sveitarfélagið á og leigir út til eldri borgara. Íbúðirnar eru ótengdar Dvalarheimilinu, en íbúum stendur þó til boða að kaupa máltíðir þar. Gera má ráð fyrir að byggðar verði fleiri íbúðir fyrir eldri íbúa byggðarlagsins á skipulagstímabilinu, á vegum sveitarfélagsins eða annarra aðila. Í deiliskipulagi Ölkeldudals frá 2002 er heimild til að byggja 3 íbúðir á Hrannarstíg 22, 24 og 26 en fram hafa komið óskir um að fella þær lóðir út. Sjá nánar skilmála fyrir reit S-2.



- **Heimapjónusta** við eldri borgara er í höndum sameiginlegrar félagsþjónustu á Snæfellsnesi. Rætt hefur verið um að málefni aldraðra flytjist frá ríki til sveitarfélaga á næstu árum, en ekkert er fast í hendi. Slík yfirlit gæti haft í för með sér endurskipulagningu ýmissar þjónustu og mögulega samleið með annars konar starfsemi á sviðinu. Ekki verður séð að það kalli á sérstakar ráðstafanir í þessu aðalskipulagi, en æskilegt er að hafa í huga að aðgengismál að stofnunum á sviði samfélagsþjónustu séu í góðu lagi.
- **Þjónusta við fatlað fólk** er í höndum sameiginlegrar félagsþjónustu á Snæfellsnesi. Samkomulag er um uppbyggini íbúða fyrir sjálfstæða búsetu fatlaðs fólks og framkvæmdir munu fljóttlega hefjast við byggingu slíks íbúðarkjarna í Ólafsvík. Gert er ráð fyrir að sambærilegar íbúðir verði byggðar í Stykkishólmi og Grundarfirði í framtíðinni og að íbúðirnar standi fötluðu fólk til boða burtséð frá því hvar á Snæfellsnesinu það býr.

Menningarstofnanir

- **Sögumiðstöðin** er samfélagsmiðstöð og er til húsa að Grundargötu 35, í hjarta bæjarins. Í húsinu er að finna muni og gögn sem tilheyra sögu byggðarinnar. Þar er leikfangasafn kennt við Þórðarbúð og Bæringsstofa, tileinkuð minningu áhugaljósmyndarans Bærings Cecilssonar, en ljósmyndasafn hans er í umsjón bæjarins. Bókasafn Grundarfjarðarbæjar er til húsa í Sögumiðstöðinni og þar er rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk. Í húsinu er leigð út aðstaða fyrir kaffihús. Húsið er nýtt fyrir ýmiss konar samkomur og fundahöld. Áform voru um að stækka húsið og byggja yfir bátinn Brönu SH sem á sína heimahöfn í húsinu. Gera verður ráð fyrir möguleikum til stækkunar húss og lóðar.
- **Samkomuhús** Grundarfjarðar stendur við Sólverli 3. Húsið hefur þjónað margvíslegri félagsstarfsemi í áratugi. Á íbúafundi vegna endurskoðunar aðalskipulags í nóvember 2016 komu fram sjónarmið um að skýra stefnu vantaði um hlutverk hússins og nýtingu þess. Á vinnslutíma aðalskipulagstillögu hefur notkun hússins til ýmiskonar viðburða aukist verulega og æ fleiri séð möguleika til nýtingar þess. Á íbúafundinum komu fram óskir um að færa húsið til upprunalegs horfs, eftir atvikum, sjá nánar kafla 8.1.

Stjórnsýsla og öryggismál

- **Skrifstofur Grundarfjarðarbæjar** eru staðsettar á efri hæð ráðhúss Grundarfjarðar að Borgarbraut 16. Ekki er talin þörf á frekara húsnaði fyrir stjórnsýslu bæjarins. Líklegt er að þróun verði í átt að aukinni samvinnu og jafnvel sameiningu sveitarfélaga á skipulagstímabilinu og ekki er ólíklegt að það hafi í för með sér breytingar á fyrirkomulagi stjórnsýslu og þjónustu.
- **Slökkvilið Grundarfjarðar** hefur aðstöðu sína á neðri hæð hússins að Borgarbraut 16, í nábýli við áhaldahús sveitarfélagsins. Ekki liggur fyrir mat á þörf fyrir aðstöðu í framtíðinni.
- Löggæsla heyrir undir umdæmi löggreglustjórans á Vesturlandi. Löggreglustöð er að Hrannarstíg 2. Um er að ræða timburhús sem reikna má með að þurfi viðhald eða endurnýjun á skipulagstímabilinu. Sjá nánar í umfjöllun um íbúðarhúsnæði í kafla 4.1.
- Gera má ráð fyrir að hluti löggæslu, þjónusta við sjúklinga, almanna- og brunavarnir og önnur starfsemi sem felst í gæslu og vernd borgaranna geti átt samleið og að á skipulagstímabilinu muni nokkur þróun jafnvel eiga sér stað í þeim efnum.

Trúarstofnanir, kirkjugarðar og grafreitir

- **Grundarfjarðarkirkja** stendur á Fagurhól. Í kirkjunni fer fram hefðbundið safnaðarstarf og þar eiga Skátarnir athvarf. Kirkjan er vinsæl til tónleikahalds ýmiss konar. Á lóð númer 1 við Fagurhól hefur verið malbikað bílastæði sem nýtt eru af gestum kirkjunnar. Lóð kirkjunnar hefur aldrei verið afmörkuð. Gert er ráð fyrir byggingu safnaðarheimilis við kirkjuna og að slík bygging geti nýst fyrir fjölbreytta starfsemi.



- **Setbergskirkja** var vígð 1892 en að Setbergi var prestssetur á árum áður. Gamla kirkjan að Setbergi er eina friðaða hús sveitarfélagsins.⁴⁴ Messað er reglulega í Setbergskirkju.
- **Kirkjugarður** er að Setbergi. Garðurinn er á 1,5 ha eignarlandi sveitarfélagsins. Árið 2000 var samþykkt um 2700 m² stækkan garðsins til 35 ára sem rúmaði um 310 ný legstæði sem gera að verkum að ekki er þörf fyrir stækkan á skipulagstímabilinu.

44) Minjastofnun Íslands (2019)

Markmið og leiðir

Tryggt verði gott rými fyrir samfélagsþjónustu, aukna starfsemi stofnana sem fyrir eru og nýja þjónustu.

- Stofnanir fyrir samfélagsþjónustu hafi rými til að stækka og bróast.
- Rými sé fyrir frekari skólastarfsemi í grennd við grunnskóla, t.d. ef áfram verður haldið á þeirri braut að auka samstarf skóla og samþætta stjórnun þeirra.
- Gert er ráð fyrir nýju safnaðarheimili við Grundarfjarðarkirkju.
- Sögumiðstöð verði tryggt rými til stækkunar og/eða þróunar á starfsemi sinni. Sjá einnig kafla 4.1 og 8.1.
- Gott aðgengi sé að samfélagsþjónustu fyrir fatlaða og aðra með skerta færni til daglegra hluta, fyrir akandi, gangandi og hjólandi.
- Vandað verði til umhverfisfrágangs við stofnanir bæjarins þannig að löðir nýtist vel til útiveru allra aldurshópa. Sérstaklega verði hugað að möguleikum eldri borgara og fatlaðs fólks.

Náms- og starfsumhverfi barna og ungmenna sé vandað, vel sé að þeim búið og fjölþættum þörfum þeirra mætt.

- Tryggðar séu öruggar aksturs-, hjóla- og gönguleiðir að skólum og skólaakstur sé í boði þar sem þess er þörf.
- Skólalóðir séu vel úr garði gerðar fyrir leik og útiveru og hönnun þeirra og umhverfismótun sé tengd við sögu og sérkenni Snæfellsness.
- Stutt verði við möguleika allra skólastiga til að nýta sér útikennslu til að styrkja þekkingu þeirra um sérstöðu svæðisins, náttúru- og menningararf.



Menningararfur svæðisins sé sýnilegur í umhverfinu og aðgengilegur sem víðast.

- Byggingum með sögulegt eða menningarlegt gildi sé viðhaldið, ekki síst upphaflegum einkennum þeirra eða sögulegri skírskotun.
- Listaverk, munir og gamalt handverk tengt svæðinu sé sýnilegt í umhverfinu, við byggingar eða á opnum svæðum, á upplýsingaskiltum og áningarástöðum.
- Unnið sé með öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi að samræmdum merkingum og sögulegar byggingar, minjar og markverðir staði í þéttbýli og dreifbýli merktir. Tekið verði mið af „karaktersvæðum“ og greiningu svæðisskipulags Snæfellsness.
- Útilistaverkum verði fjöldað.



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Samfélagsþjónusta (S)


Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
S-1	Kvíabryggja Fangelsi með 22 fangarymum, vinnuskálum, íþróttahúsi og útisvæði.		Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir fangelsi og tengda starfsemi. Gert er ráð fyrir að þar verði stundaður landbúnaður og léttur iðnaður samhlíða rekstri fangelsisins.
S-2	Hrannarstígur syðst og Fagurhóll Á svæðinu er dvalar- og hjúkrunarheimili, 15 íbúðir fyrir eldri íbúa á vegum bæjarins, kirkja og safnaðarheimili í kjallara kirkjunnar. Skv. deiliskipulagi Ölkeldudals frá 2002 er heimild til að byggja 3 íbúðir á Hrannarstíg 22, 24 og 26, á lóð dvalarheimilisins. Stjórn heimilisins hefur óskað eftir að þessar lóðir verði felldar út.	2,5	Á svæðinu eru möguleikar til frekari uppbyggingar samfélagsþjónustu. Gert er ráð fyrir stækkan dvalarheimilis eða nýrrri þjónustu við eldri íbúa á reitnum. Ennfremur að mögulegt verði að byggja fleiri íbúðir sem ætlaðar eru eldri íbúum á reitnum, að undangenginni deiliskipulagsgerð. Við móton nýs deiliskipulags verði tekin afstaða til bygginga á lóðum við Hrannarstig 22, 4 og 26. Gert er ráð fyrir byggingu nýs safnaðarheimilis í tengslum við kirkjuna. Áfram er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir kirkjugesti á lóðinni Fagurhóli 1.
S-3	Skólasvæði Á svæðinu er grunnskóli með fimm ára deild og skólabókasafni, tónlistarskóli, félagsmiðstöð unglings, bæjarskrifstofur, slökkvistöð. Auk þess íþróttahús og sundlaug.	2,3	Á svæðinu eru möguleikar til frekari uppbyggingar samfélagsþjónustu. Borgarbraut 20; félagsmiðstöð: hús er víkjandi - fyrir samfélagsþjónustu. Heimild er til að reka áhaldahús og slökkvilið, sem nú eru á neðri hæð Ráðhúss Grundarfjarðar. Auð lóð gegnt grunnskólanum er tekin frá fyrir starfsemi tengri skóla- og íþróttastarfi. Autt svæði sunnan grunnskóla og íþróttahúss er ætlað fyrir uppbyggingu samfélagsþjónustu.

S-4	Setbergskirkja Heimildir eru um kirkju á Setbergi allt frá því um 1200. Núverandi kirkja er turnlaus timburkirkja, reist 1892 af Sveini Jónssyni forsmiði. Í henni er að finna muni úr eldri kirkjum. Kirkjan er friðuð vegna aldurs.		Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir kirkju og kirkjugarð. Friðaðar fornleifar skv. lögum um menningarminjar. Fylgja skal friðunarákvæðum við varðveislu og viðhald kirkjunnar. Kirkjan og umhverfi hennar verði varðveitt og áframhaldandi notkun kirkjunnar verði tryggð. Sögu staðarins verði gerð skil á skilti.
M-1	Stofnanir á miðsvæði Á svæðinu er Fjölbautaskóli Snæfellinga, Sögumiðstöð, leikskóli og heilsugæslustöð.		Sjá landnotkunareit M-1 í kafla 8.1



Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
K-1	Setbergskirkjugarður Kirkjugarður er að Setbergi. Garðurinn er á 1,5 ha eignarlandi, en stóran hluta þess keypti Grundarfjarðarbær árið 2000. Það ár var samþykkt um 2700 m ² stækkun til 35 ára. Staðkunin rúmaði þá 310 ný legstæði.	2,3	Reiknað er með að fjöldi grafreita dugi út skipulagstímabilið.

4.3 FARARMÁTI OG ÚTIVISTARMÖGULEIKAR

Framtíðarsýn: Gönguvænn Grundarfjörður með fjölbreytta útvistar-möguleika

Forsendur

Göngur og hjólreiðar sem fararmáti, heilsurækt og umhverfisvernd

- Skipulag þarf að vera þannig úr garði gert að það hvetji til göngu og hjólreiða sem daglegs ferðarmáta og þægilegrar heilsuræktar. Mikilvægt er að hvetja til vistvænni fararmáta í því skyni að draga úr útblæstri og losun gróðurhúsalofttegunda sem valda loftslagsbreytingum, en það er viðfangsefni sem borgir og bærir um allan heim þurfa að takast á við. Þetta má t.d. gera með þéttriðnu og vel skipulögðu stíganeti, aðlaðandi og skjólgóðum götum og öðrum almenningsrýmum, ásamt góðri umhirðu gatna og stíga að sumri sem vetri.
- Stærstur hluti þéttbýlisins er í innan við 5 mínutna göngufjarlægð frá helstu vinnustöðum og þjónustustofnunum. Bærinn er því vel fallinn til heilsuvænna samgöngumáta.



Göngufjarlægðir frá grunnskóla og miðbæ.



Gangstéttar og stígar

- Gönguleiðir um bæinn eru aðallega eftir gangstéttum en þær vantar sumstaðar í nýrri götum. Það kemur ef til vill ekki að sök í minni götum eða botnlöngum þar sem umferð er lítil en annars staðar er ástæða til að bæta úr.
- Sérstakir stígar innan byggðarinnar eru fáir.
- Reiðvegurinn ofan byggðar er mikið nýttur til göngu og hafin er stígagerð meðfram ströndinni, frá Torfabót út á Framnes. Stígar sem liggja ofan byggðar og meðfram ströndu eru kjörnir til útvistar.
- Með því að tengja slíka stíga betur saman og tengja þá við valdar götur eða nýja stíga innan bæjar má fjölga áhugaverðum leiðum til að iðka göngur, hlaup eða hjóreiðar.



Gangstéttar meðfram götum og stígar utan gatnakerfis, skv. greiningu sumarið 2018.

Göturými

Götur bæjarins eru það rými sem flestir fara um daglega. Ástand gatna og útfærsla hefur mikil áhrif á upplifun af því að vera á ferðinni. Þar skiptir öryggi, aðgengi, skjól og gróður miklu. Með því að betrumbæta göturými m.t.t. þessara þátta má gera þau gönguvænni.

Græn svæði, torg, leiksvæði

- Helstu opnu svæðin í þéttbýlinu eru Torfabótin, Þríhyrningurinn, skógræktarsvæðið sunnan og vestan við byggðina og Paimpol-garðurinn. Mikilvægir samkomustaðir eru Þríhyrningurinn, íþróttavöllur og íþróttasvæði, einkum fyrir íþróttaviðburði, og hafnarsvæðið, sem er talsvert nýtt til hátíðarhalsa. Kirkjutúnið hefur einstaka sinnum verið nýtt sem samkomusvæði.
- Torfabótin er falleg grasflót og strönd með frábæru útsýni. Þar þarf framtíðaruppbrygging að taka mið af þróun á Framnesi sem vaxandi ferðapjónustusvæðis.
- Þríhyrningurinn er vel staðsettur og sögulegur sem „róló“ á árum áður en á síðari árum einnig sem hátfðarsvæði. Þörf er á að skýra hlutverk hans og móta svæðið út frá því. Hugmyndir hafa verið um að koma upp aðstöðu til útikennslu fyrir leik- og grunnskólann í Þríhyrningi.
- Auk þess að nýtast sem samkomusvæði er hluti hafnarsvæðisins jafnframt móttökustaður farþega af skemmtiferðaskipum. Hluti svæðisins, þ.e. á milli Norðurgarðs og Miðgarðs, hefur verið mótaður með tilliti til þessa. Þar eru skilti og þar er hægt að setjast á bekki og fylgjast með hafnarlífini.
- Paimpol-garður er fremur nýtilkominn sem útvistarsvæði en eftir er að móta hann nánar. Gönguleið skólabarna mun liggja um garðinn og þarf að taka mið af því við frekari útfærslu.
- Norðvestur af Paimpol-garði er grænn geiri sem liggur sunnan Dvalarheimilis og niður „Hönnugil“. Græni geirinn í Hönnugili er gróinn villtum gróðri en er nokkuð erfiður yfirferðar. Hann mun þó eitthvað nýttur af börnum á leið til og frá skóla. Tilvalið væri að nýta svæðið betur og tengja sem gönguleið.



Græn svæði og almenningsrými.




- Svæði Skógræktarinnar sunnan og vestan byggðarinnar skapar skjól og er til yndisauka. Í auknum mæli nýta íbúar og gestir svæðið til útvistar.
- Skógræktin hefur sömuleiðis ræktað upp reit sunnanvert við bæinn Eiði. Sá reitur er fullræktaður, aðgengi er fyrir almenning en aðstaða er lítil þar.
- Garður á lóð heilsugæslustöðvar er opinn almenningi en hann er nokkuð opinn út á götu og í honum er líttill gróður.
- Auðar lóðir á horni Grundargötu og Hrannarstígs, þar sem Víkingafélagið hefur komið upp aðstöðu til bráðabirgða, eru einkum nýttar af ferðafólk. Að sumarlagi hefur einnig verið þar matarvagn sem laðar að viðskiptavini. Á þessum lóðum er víslir að torgi og hið sama má segja um svæði við útsýnisskifu á lóð heilsugæslustöðvar og útiaðstöðu við Sögumiðstöðina. Svæðið í heild þyrfti að afmarka skýrar með gróðri og yfirborðsfrágangi, en jafnframt með góðu skipulagi fyrir uppbyggingu til framtíðar, sjá nánar í kafla 8.1 - rammahluta miðbæjar.
- Sum framatalinna svæða eru nýtt sem leiksvæði barna. Má þar t.d. nefna Þríhyrninginn og að vetrarlagi Hönnubrekku. Vinsælustu leiksvæðin eru þó á lóðum grunnskóla og leikskóla, sparkvöllurinn við grunnskóla og íþróttavöllurinn að sumarlagi. Á Hjaltalínsholti er lítið leiksvæði sem íbúar tóku þátt í að útbúa þegar hverfið byggðist upp.



Íþrótt- og tómstundasvæði

- Íþróttavöllur bæjarins er austan við grunnskólann. Þar er knattspyrnuvöllur og frjálsíþróttaaðstaða, auk þess sem Ungmennafélagið hefur þar litla áhaldageymslu. Svæðinu fylgja áhorfendabrekkur og bílastæði.
- Sunnan og ofan við íþróttasvæðið og tjaldsvæði bæjarins er skíðasvæðið (Íþ-4). Skíðabrekurnar liggja upp undir Nónkúlu. Þar er mikið endurnýjuð diskalyfta og lítið aðstöðuhús Skíðadeildar Ungmennafélags Grundarfjarðar. Snjóleysi síðustu ára hefur einkum aftrað skíðaiðkun bæjarbúa en uppi eru áform um að fram lengja skíðasvæðið og stækka það til suðurs, eða hafa annað svæði þar uppi, í brekkunum ofan Nónkúlu eða undir Eldhömrum (Íþ-3). Í þeim áformum felst að aðkomu að svæðinu yrði breytt og nýr vegur lagður vestan og ofan Hellnafellanna, vestanvert við hið nýja skíðasvæði. Stærra skíðasvæði getur nýst öllu Snæfellsnesi þar sem ekkert stórt skíðasvæði er á Snæfellsnesi.
- Í tengslum við nýtt skíðasvæði og nýjan veg að því hafa komið upp hugmyndir um orlofshúsasvæði austan Innri-Búðarár/Svartagils. Sjá nánar kafla 4.5 um frístundabyggð.
- Gróið svæði en ekki vel aðgengilegt er vestan Fagurhóls og Fagurhólstúnus, austan undir brekkum Hjaltalínsholts. Hönnubrekka þar fyrir ofan er vinsælt sleðasvæði barna að vetrarlagi.
- Í Lárvaðli, vestan Kirkjufells, myndast um 1 km² skautasvell við rétt veðurskilyrði. Vaðallinn hentar einnig til siglinga en hann er um 1,6 km² og allgrunnur þó mesta dýpi sé um 11 m. Aðgengi að svæðinu er gott frá þjóðvegi en engin skipulögð bílastæði eru fyrir hendi.
- Við Suður-Bár er 9 holu golfvöllur með Kirkjufell í forgrunni og útsýni út á Grundarfjörð. Fram hafa komið hugmyndir um nýtt svæði fyrir fjárhús ofan hesthúsasvæðisins.



- Hesthús eru vestan við þéttbýlið og er gott rými til að fjölga þeim.
- Í Hrafnkelsstaðabotni í Kolgrafafirði er skotæfingasvæði og motocrossbraut. Brýnt er að taka tillit til mikilvægs fuglalífs í firðinum, einkum á viðkvæmum tímabilum. Sjá kafla 5.1.



Tækifæri til þróunar

- Flest opnu svæðin í þéttbýlinu eru látlaus, sum vaxin grasi eða villtum gróðri. Með því að tengja þau betur saman með skýrum leiðum eftir götum eða stígum má útbúa samfelldan útvistarvef innan bæjar sem tengist útvistarkrafa ofan bæjar.

- Einnig er þörf á að skýra hlutverk hvers svæðis betur til að þau nýtist sem best og fjölbreytni svæða í útvistarvefnum sé tryggð. Hluti af því er skipulag á hafnarsvæði og stefna um hvert eigi að beina ferðafólki og gestum skemmtiferðaskipa sem koma að landi í Grundarfjarðarhöfn, sbr. rammahluta aðalskipulagstillögunnar, kafla 8.2.

Markmið og leiðir

Göngu- og hjólaleiðir í þéttbýli myndi þéttriðið net sem aðlaðandi og auðvelt er að fara um allan ársins hring

- Gangstéttar verði bættar og gerðar samfelldar sem víðast, einkum á þeim leiðum sem skilgreindar eru sem aðalleiðir og tengileiðir á korti á næstu bls.
- Gerðir verði stígar þar sem þá vantar til að leiðirnar verði samfelldar. Þveranir yfir götur verði gerðar sem öruggastar með merkingum eða yfirborðsfrágangi.
- Hjólastæðum verði komið fyrir við stofnanir, í miðbæ og á helstu áningarástöðum.
- Við endurnýjun gatna eða aðrar framkvæmdir í göturýmum verði hugað að því að breikka gangstéttir á stofn- og tengileiðum til að gera þær aðgengilegri fyrir barnavagna og hjóleiðar. Einnig verði hugað að því að afmarka sérstakar hjólareinar í götum þar sem því verður við komið (sjá rammahluta fyrir miðbæ).
- Þær gönguleiðir sem mynda hringi í neðri og efri hluta bæjarins og tengja saman helstu græn svæði, verði mótaðar sem helstu útvistarleiðir, sbr. kortið hér til hliðar. Á þeim verði komið fyrir áningarástöðum með bekkjum og æfingataekjum og umhverfi þeirra hannað t.d. með tilvísun í sjó (blár hringur) og land/sveit (grænn hringur). Sjá einnig rammahluta m.t.t. Kirkjufells í 8. kafla.

Göturými séu vel afmörkuð, skjólgóð og falleg þannig að öruggt og skemmtilegt sé að fara um bæinn.

- Trjám og runnum í götum verði fjöldað og gróður almennt aukinn.
- Unnið verði í að bæta yfirborðsfrágang til að auka öryggi, fegra og skýra skil á milli gatna og annarra rýma.
- Nánari stefna fyrir miðbæinn er mörkuð í rammahluta, kafla 8.1.

Vel búin og aðlaðandi græn svæði, torg og leiksvæði bjóði upp á fjölbreytta útiveru og samveru.

- Í Þríhyrningnum verði sett upp leiktæki sem gjarnan hafa tilvísun í gamla tíma og sögulegt mikilvægi garðsins, s.s. rólur, rennibraut, vegasalt og sandkassi. Svæðið er hluti af íbúðarsvæði ÍB-1. Þar verði sömuleiðis komið upp aðstöðu til útikennslu fyrir leik- og grunnskóla.
- Í Hönnugili verði mótuð falleg gönguleið sem tengir saman hverfi bæjarins og leiðir til og frá grunnskólanum í gegnum Paimpol-garðinn.



Útvistarleiðir með áningarástöðum á völdum stöðum.

- Uppbygging í Paimpol-garðinum verði í samræmi við fyrirliggjandi hönnun. Paimpol-garðurinn verði gróðurríkur og geri skil vinabæjartengslum bæjarins við Paimpol í Frakklandi og sögu Íslandsveiða Frakka eftir atvikum. Þar sem vatn safnast fyrir á svæðinu er tækifæri til að vinna með blágrænar regnvatnslausnir í landmótuninni.
- Gert er ráð fyrir frekari ræktun trjáa, til skjóls og yndisauka, ofan byggðarinnar, í framhaldi og austur af núverandi skógræktar- og landgræðslusvæði og opnu svæði í Ölkeldudal, sbr. hugmyndir um „grænan trefil“ frá 2006.⁴⁵ Ræktunin skapi aðlaðandi vettvang til útivistar og heilsubótar fyrir íbúa og gesti. Þar má einnig útbúa aðstöðu fyrir útikennslu.
- Vel verði staðið að viðhaldi og umhirðu svæða.
- Uppbyggingu og endurbótum svæða verði forgangsraðað og gerð framkvæmdaáætlun.
- Um torg á miðbæjartorg er fjallað í rammahluta aðalskipulagstillögunnar, kafla 8.1.
- Hluti hafnarsvæðis nýtist sem torg/samkomusvæði á hátiðardögum og bæjarhátið.

Góðar aðstæður séu til að stunda útiíþróttir og frístundabúskap.


- Unnið verði áfram að uppbyggingu íþróttavallar og nærliggjandi svæðis sem nýtist til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar, einkum knattspyrnu og frjálsíþróta.
- Núverandi skíðasvæði (Íþ-4) er framlengt til suðurs og gert er ráð fyrir nýju skíðasvæði sunna við það, ofan Nónkúlu eða undir Eldhömrum. Þangað verði lagður nýr akvegur frá Snæfellsnesvegi í gegnum heshúsahverfið merkt Íþ-1.

⁴⁵Jón Geir Pétursson (2006)

- Í Torfabót verði komið upp strandútvistarsvæði með aðstöðu fyrir kajak, sjósund, strandbað, útigrill eða annað í þeim dúr. Þar má einnig byggja upp leikvöll fyrir eldri börn með hafnarþema þar sem nýta mætti hluti tengda höfninni.
- Gert er ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja; aðstöðuhúss og umhverfis þess, á skotæfingasvæði í Hrafnkelsstaðabotni. Mörkum svæðisins verði breytt þannig að það rúmi viðbótaröryggissvæði vegna riffliskotæfingabrautar, auk betri aðlögunar að landi að öðru leyti. Ákvæði um hverfisvernd í Kolgrafafirði eru sýnd á uppdrætti, sjá nánar kafla 5.
- Gert er ráð fyrir nýju svæði fyrir frístundabúskap með sauðfé sunnan við hesthúsahverfið.



Gönguleiðir og reiðleiðir.



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Opin svæði (OP)


Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Þessum landnotkunarflokkum tilheyra svæði fyrir útvist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem tilheyrir almennri útvist, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útvistar.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
OP-1	Lárvaðall Afmarkast af malarrifi en hefur einnig verið lokað með grjótgarði þannig að hann er nærrí því að vera stöðuvatn. Hentar til skaутa og siglinga.	15,3	Heimilt er að reisa minniháttar mannvirki vegna útvistariðkunar, s.s. aðstöðu fyrir siglingar að sumri og skautaiðkun að vetrí. Staðinn verði vörður um lífríki og landslag í fjörum og gönguleið meðfram strönd verði tryggð.
OP-2	Torfabót Falleg grasflót og strönd sem býður upp á möguleika til strandútvistar.	0,6	Heimilt er að koma fyrir aðstöðu fyrir kayak, sjósund, strandbað, útigrill eða annað í þeim dúr. Þar má einnig byggja upp leikvöll fyrir eldri börn með hafnarþema þar sem nýta mætti hluti tengda höfninni við umhverfismótun. Sérstök gát verði höfð vegna hækkaní sjávarstöðu.
OP-3	Paimpolgarður Stórt grænt svæði við ofanverðan Hrannarstíg og Ölkelduveg, á milli grunnskólans og dvalarheimilisreits og íbúða eldri borgara.	0,9	Byggður verði upp fallegur og gróðurríkur garður með samspili við vatn. Vinabæjartengslum við Paimpol verði þar gerð skil og unnið með sögu og eiginleika svæðisins, sem áður var Steinatjörn.
OP-4	Hönnugil og gönguleið að grunnskóla Gróður svæði en ekki vel aðgengilegt vestan Fagurhóls og Fagurhólstúns, austan undir brekkum Hjaltalinsholts. Í brekkunni fyrir ofan er vinsælt sleðasvæði barna að vetrarlagi.	1,0	Svæðið verði útbúið með fallegri gönguleið sem tengir saman vestanverða Grundargötu, Sæból og Fagurhólstún eftir „gilinu“, framhjá Dvalarheimili gegnum Paimpolgarð og að grunnskóla. Jafnframt verði útbúin einföld aðstaða til áningar, s.s. bekur.

OP-5	Útvistarkragi ofan þéttbýlis Ofan þéttbýlis eru nokkur ólík opin svæði sem með góðu skipulagi geta myndað eina heild. Skógræktarsvæði er vestan og sunnan Hjaltalínsholts, í Hellnafellunum og í Ölkeldudal. Í dalnum er ölkelda og í hlíðinni fyrir ofan svæðið er vatnsmiðlunartankur fyrir byggðina. Austan skógræktarsvæðis tekur við opið svæði ofan tjaldsvæðis og umhverfis skíðasvæði. Þar fyrir austan er opið svæði ofan Grafarbæja sem í dag er nýtt sem landbúnaðarsvæði og til almennrar útvistar. Austast í þéttbýlinu, vestan Kvernár, er síðan opið svæði við strandlínuna, þar sem hægt er að komast ofan í fjöru.	60,3	Unnið verði heildarskipulag fyrir útvistarkragann sem miðar að því að skapa skjól með trjárekt og öðrum gróðri og bæta útvistaraðstöðu með stígum, bekkjum og annarri aðstöðu sem hæfa þykir. Haldið verði áfram með frekari skógrækt ofan byggðarinnar suður og austur af númerandi skógræktarsvæði, þ.e. Hjaltalínsholti, Hellnafellum og Ölkeldudal. Ölkeldan í dalnum er undir hverfisvernd, sbr kafla 5.1. Markmiðið ræktunar er að auka skjól fyrir byggðina og gera aðlaðandi útvistarsvæði sem verði opíð fyrir íbúa og gesti. Ræktun skal haga þannig að svæðið nýtist almenningu til útvistar. Plöntuval taki mið af náttúru svæðisins og ræktun falli vel að landslagi og umhverfi. Svæðið sé í góðu samhengi við númerandi skógræktarsvæði og við skíðasvæði, bæði númerandi og fyrirhugað svæði ofar í hlíðunum. Á Grafarlandi verði áfram hefðbundin landbúnaðarnot eins og verið hafa af hálfu eigenda/ábúenda Grafarbæja, en við móttun heildarskipulags fyrir útvistarkragann verði kannað verði hvort og hvernig megi opna svæðið að hluta fyrir almenna útvist.
ÍB-1	Þríhyrningurinn Opið svæði sem liggur bakvið og á milli húsa við austanverða Grundargötu og Hlíðarveg og miðja Borgarbraut.		Sjá skilmála fyrir ÍB-1 í kafla 4.1




Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
SL-1	Skógræktarsvæði sunnan við Eiði Afgirt skógræktarsvæði vestan við bæinn Eiði, við vestanverðan Kolgrafafjörð. Byggir á samningi frá 1990 um leigu til 50 ára á 11 ha spildu úr jörðinni Eiði. Þar hefur Skógræktarfélag Eyrarsveitar ræktat upp svæðið allt frá árinu 1990 í tengslum við landgræðsluskógaátak Skógræktarfélags Íslands. Að liðnum leigutíma hefur Skógræktarfélagið forleigurétt að landspildunni, með ákveðnum skilmálum.	16,2	Reiturinn er nær fullræktaður. Útvistarskógar, þar sem aðgengi er fyrir almenningu, en með lágmarksáðstöðu.



Íþróttasvæði (Íþ)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

I þessum landnotkunarflokkji eru svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknar hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
Íþ-1	Hesthúsahverfi Á svæðinu, sem er í landi Hellnafells, eru hesthús og félagsheimili Hesteigendafélagsins og skeiðvöllur.	7,6	Gert er ráð fyrir hesthúsum og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins fyrir hesthús og hestahald krefst. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
Íþ-2	Fjárhúsahverfi Nýtt svæði fyrir frístundabúskap með sauðfé.	3,7	Gert er ráð fyrir fjárhúsum og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins fyrir fjárhús og sauðfjárhald krefst. Byggingar skulu vera sömu gerðar, hvað varðar efni, hæð og form. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
Íþ-3	Skíðasvæði undir Eldhömrum Nýtt skíðasvæði, talsvert sunnan Nónkúlu og upp undir Eldhömrum. Svæðið er hugsað sem framhald af neðra skíðasvæði, en tenging þeirra hefur þó ekki verið skilgreind.	22,7	Gert er ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallar á. Ennfremur er gert ráð fyrir aðkomu (vegi) vestanmegin að svæðinu, austan hesthúsabyggðar og austan við og síðan ofan eða sunnan við Lægra og Hærra Hellnafell og Grafargil. Nánari útfærsla vegarins fer fram á hönnunar- og framkvæmdastigi.

Íþ-4	Skíðasvæði eldra Á svæðinu er ein diskalyfta fyrir skíðabrekkur sem liggja upp undir Nónkúlu, litið aðstöðuhús Skíðadeildar Ungmennafélags Grundarfjarðar og bílastæði norðan svæðisins.	5,6	Lögun og stærð svæðis er breytt frá fyrra skipulagi, til samræmis við það svæði sem nýtt er og við landslag. Gert er ráð fyrir þeiri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallað á.
Íþ-5	Íþróttavöllur Grundarfjarðar Á svæðinu er knattspyrnuvöllur, frjálsíþróttaaðstaða og áhaldageymsla. Áhorfendasvæði og bílastæði eru fyrir sunnan íþróttavöllinn.	4,5	Gert er ráð fyrir uppbyggingu sem nýtist til fjölbreytrar íþróttaiðkunar. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu og frágangur vandaður. Möguleiki er á uppbyggingu nýrrar áhaldageymslu og/eða aðstöðuhúsi tengdu íþróttavelli og skíðasvæðinu sunnar á vegum Ungmennafélags Grundarfjarðar. Bætt er lítillega við skilgreiningu opins svæðis, þannig að svæðið rúmi mögulegt áhaldahús syðst á svæðinu.
Íþ-6	Bárvöllur, Suður-Bár 9 holu golfvöllur með golfskála, 9 flatir, 18 teigar, ásamt sandgryfjum og vatnstorfærum.	21,9	Heimilt er að móta svæðið áfram m.t.t. þarfa golfvallar og reisa þjónustuhús. Lögun svæðisins austan þjóðvegar er breytt frá fyrra aðalskipulagi og svæði vestan þjóðvegar er tekið út og gert að landbúnaðarsvæði. Stærð svæðisins breytist við þetta. Svæðið er undir Hrísfellri þar sem upplýsingar eru um að snjóflóð hafi fallið. Gera skal hættumat áður en gengið er frá deiliskipulagi og/eða byggingarleyfi er veitt á svæðin
Íþ-7	Hrafnkelsstaðabotn, Kolgrafafirði Skotæfingasvæði, akstursíþróttasvæði og almennt útvistarsvæði. Á svæðinu, norðan akvegar, er fjárrétt sem nýtt er af fjáreigendum í sveitinni. Sunnan akvegarins er aflagður sorpurðunarstaður fyrir óvirkan úrgang, meðhöndlun garðaúrgangs og geymslusvæði fyrir brotajárn og timbur. Svæðið hefur ekki starfsleyfi lengur og hefur verið lokað.	173,1	Mörkum svæðisins verði breytt, þannig: Syðri mörk svæðisins verði við Hrafna og að austan nái svæðið að veginum. Bætt er við afmarkaðri rein að vestanverðu, í samræmi við það svæði sem Skotfélagið Skotgrund hefur til afnota og er hluti af rifflbraut félagsins. Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir skotæfingar og akstursíþróttir og þeiri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem sílik nýting kallað á. Við skotæfingasvæði er gert ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja, m.a. aðstöðuhúss félagsins, með bílastæðum og aðkomu að svæðinu. Vandað verði til umhverfisfrágangs. Kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki falla undir framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. 6. gr. gildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lið 11.01 og flokk B í 1. viðauka laganna. Hverfisvernd nær yfir svæði neðan akvegar um Kolgrafafirð innanverðan, sjá HV-3. Í nánara skipulagi og/eða leyfisveitingum fyrir svæðið er unnt að setja skilyrði um takmarkanir á starfsemi á svæðinu vegna fuglalífs. Sérstaklega verði tekið tillit til fuglalífs á viðkvæmum tímabilum. Á gamla sorpurðunarstaðnum í landi Hrafnkelsstaða gilda fyrirmæli Umhverfisstofnunar um frágang, vöktun og greiningu vatns í nágrenni staðarins, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003. Jarðvegslag sem hylur urðunarstaðinn skal vera a.m.k. 1 m þykkt og yfirborðið mótað þannig að ofanvatn renni greiðlega frá urðunarstaðnum en sígi ekki ofan í úrganginn. Afrennslishalli yfirlags fylgi landslagi. Eftir frágang falli svæðið sem best að umhverfi.


4.4 BYGGINGAR OG ALMENNINGSRÝMI

Framtíðarsýn: Fallegur Grundarfjörður með aðlaðandi byggingar og almenningsrými með sögulegar rætur

Forsendur

Bæjarmynd

- Byggingar og rýmin á milli þeirra skapa bæjarmynd. Hversu aðlaðandi sú mynd er ræðst m.a. af formi, efni og litum húsa, stærð og lögun rýma, yfirborðsfrágangi, lýsingu, gróðri og umhirðu. Samanlagt og í samspili við landslag, mynda þessir þættir bæjarmynd sem getur veitt íbúum vellíðan og laðað að gesti.



Sjónlinur og kennileiti.

- Í Grundarfirði umlykja tilkomumikil og formfögur fjöll þéttbýlið, sem einkennist af stakstæðum, lágreistum byggingum. Íbúðarbyggðin myndar víðast fíngert mynstur í skýrt afmörkuðum húsagötum. Atvinnuhúsnaði er stórgerðara í samræmi við hlutverk sitt og myndar niðurröðun þess frekar óregluleg og lítt afmörkuð rými. Úr því mætti einkum bæta á miðbæjarsvæðinu þar sem hús standa stök með allmikið pláss á milli (sjá nánar kafla 8.1 um rammahluta aðalskipulags).

- Elstu húsin í bænum eru flest frá miðbiki síðustu aldar þegar þéttbýlið fór að myndast. Helstu byggingar sem hafa sögulegt mikilvægi eru samkomuhúsið, gamla Mjólkurstöðin, sem nú hýsir m.a. matvöruverslun staðarins, og gamla Kaupfélagið niðri við höfnina. Mikilvægt er að viðhalda slíkum byggingum svo sagan sé sýnileg í bæjarmyndinni. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð og er óheimilt að raska þeim, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Þá er eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.⁴⁶
- Við áframhaldandi mótn bæjarins er tækifæri til að skapa skýra bæjarmynd, t.d. með því að huga að því að ný mannvirki og mótn rýma taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlinum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Þá er við mótn og útfærslu núverandi og nýrra rýma mikilvægt að taka tillit til veðurfars og sólaráttar svo til verði skjólgóð svæði sem snúa vel við sólu. Götur og torg á miðbæjarsvæðinu mætti gera meira lifandi og aðlaðandi með því að tryggja að starfsemi á jarðhæðum hafi stóra glugga sem snúa að götu.
- Þetting byggðar getur líka verið liður í að skýra bæjarmyndina, um leið og hún miðar að því að nýta sem best grunngerð bæjarins og að sem flestir séu í göngufjarlægð frá þjónustu og atvinnu.



Þróunarsvæði, íbúðarsvæði og óbyggðar lóðir innan núverandi byggðar.

⁴⁶ Lög um menningarminjar (nr. 80/2012).

Búsetulandslag

- Í dreifbýlinu er einnig mikilvægt að vanda til mótnar umhverfis og mannvirkjagerðar þannig að sérkenni og staðarandi sveitanna styrkist. Þar þarf líkt og í þéttbýlinu að huga að húsvernd.
- Á Setbergi hefur verið kirkja frá því á 12 öld. Setbergskirkja, sú sem nú stendur, er timburkirkja, turnlaus, byggð 1892 af Sveini Jónssyni snikkara úr Stykkishólmi.⁴⁷ Reglulega er messað í Setbergskirkju.
- Veitingahúsið Bjargarsteinn við Sólvelli, fremst á Framnesi, er í samnefndu húsi byggðu 1908. Húsið Bjargarsteinn var byggt við Vesturgötu 64 á Akranesi en var flutt til Grundarfjarðar í desember 2014, þar sem byggt var við það.



47) Minjastofnun Íslands (2019)

Minjar

- Fornleifar, líkt og gamlar byggingar, eru menningararfur sem er mikilvægur fyrir rótfestu og sjálfsmynd samfélags. Til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Verndun þeirra er m.a. liður í að viðhalda nauðsynlegu samhengi í tíma og rúmi.
- Fyrir liggur fornleifaskrá fyrir Grundarfjörð með yfir 320 minjastaði með fleiri en 478 fornleifum. Af þessum 478 fornleifum eru 92 talðar hafa hátt minjagildi og 241 fornleifar hafa talsvert minjagildi. Hætta er talin á að 87 fornleifar geti eyðst af manna- eða náttúrvöldum, þar af eru 27 fornleifar sem hafa hátt minjagildi. Taka ber mið af fornleifaskránni við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir en öllum fornleifum er óheimilt að „spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“⁴⁸
- Auk þess sem fornleifar njóta sjálfkrafa friðunar er hægt að friðlýsa fornleifar og setja á þær þinglýstar kvaðir til að tryggja sem best varðveislu þeirra.⁴⁹ Í Grundarfirði eru fornminjar á Fornu-Grund á Grundarkampi friðlýstar en talið er að þar megi finna minjar um skipulagða byggð allt frá 16. öld. Í Krossnesi og á Hallbjarnareyri eru einnig friðlýstar fornleifar. Þessar fornleifar voru friðlýstar áður en almenn friðun minja var fyrst tryggð með lagasetningu 1989.
- Í fornleifaskrá Grundarfjarðar er lagt til að minjar að Fornu-Lá verði friðlýstar. Þar er um að ræða einn örfárra gangabæja frá síðmiðöldum sem rannsakaðir hafa verið í heild sinni. Þá er í skránni lagt til að 75 fornleifar verði merktar á vettvangi.

48) Lög um menningarminjar (nr. 80/2012)

49) Fornleifafnfd (1990)

Markmið og leiðir

Bæjarmynd þéttbýlisins í Grundarfirði styrkist og fegrist

- Nýjar byggingar verði staðsettar þannig að þær myndi vel afmörkuð göturými, torg eða opin svæði sem eru skjólgóð, liggja vel við sólu, nýtast vel og eru ekki of stór. Tekið sé mið af því reglubundna götumynstri sem einkennir bæinn.
- Leitast verði við að fylla í eyður í byggðinni og skapa þannig heildstæðari og þéttari byggð þar sem verslun og þjónusta er í göngufæri og grunnkerfi vel nýtt.
- Við hönnun nýrra stærri bygginga og bygginga á lykilstöðum eins og við gatnamót og í miðbæ verði hugað að því að skapa ný kennileiti um leið og sjónlínur til landslagskennileita eru virtar og þess gætt að byggingarnar falli vel að þeirri byggð sem fyrir er, einkum m.t.t. hæðar húsa. Þá verði hugað að því að skapa ný kennileiti með landslagshönnun eða listaverkum. Sjá einnig rammahluta aðalskipulagstillögunnar í 8. kafla.
- Staðinn verði vörður um sögulega mikilvægar byggingar og stuðlað að því að þær verði færðar til upprunalegs útlits. Þannig verði gildi þeirra sem kennileiti styrkt um leið og saga bæjarins er varðveitt.
- Unnið verði að því að fegra götur og önnur almenningsrými með gróðri, yfirborðsfrágangi, götugögnum og listaverkum.
- Umhirða um öll almenningsrými verði til fyrirmynadar og íbúar verði hvattir til að hugsa vel um eignir sínar, lóðir og jarðir og ganga vel um.



Uppbygging, landnýting og umgengni í sveitum taki tillit til einkenna náttúru og búsetulandslags

- Við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnýtingu verði tekið tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem falla undir X. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja.
- Landgæði og ásýnd lands verði bætt með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands, einnig með frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og gömlum urðunarstöðum.
- Lögð verði áhersla á fallegt heildaryfirbragð bygginga á bújörðum og svæðum fyrir frístundabyggð. Byggingar falli vel að landslagi, t.d. með tilliti til hæðar, forms, lita og efnis og búsetuminjar verði virtar.
- Í samvinnu við Svæðisgarðinn Snæfellsnes verði mörkuð stefnu um útlit, efni, stærð skilta og merkinga fyrir áfangastaði og ferðaleiðir á svæðinu. Stefnan taki tillit til viðeigandi laga og reglugerða um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis.
- Merkar minjar í þéttbýli og dreifbýli varðveitist.
- Við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð, skógrækt og aðra landnýtingu verði tekið tillit til fornleifa og annarra menningarminja.
- Spornað verði við landbroti vegna ágangs sjávar þar sem fornleifar eru með hátt minjagildi skv. Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar.
- Aðgengi að völdum minjastöðum verði bætt og minjar merktar skv. tillögum í Fornleifaskránni.
- Eigendur og ábúendur jarða verði hvattir til að hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjart getur talist. Minjastofnun Íslands veitir ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.⁵⁰⁾

50) Lög um menningarminjar (nr. 80/2012).



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Minjavernd (MV)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Í þessum flokki eru svæði þar sem finna má friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
MV-1	Forna-Lá Einn örfárra gangabæja frá síðmiðöldum sem rannsakaðir hafa verið í heild sinni.		Friðaðar fornleifar skv. lögum um menningarminjar.
MV-2	Krossnes Tóftir hins forna bæjar, sem var vestar en bærinn er nú, vestan mýrarsunds, sem er milli hins forna túns og þess sem nú er.		Friðlýstar fornleifar. Sbr. Árb. 1927: 33-34. Skjal undirritað af Mþ 12.05.1928. Þinglýst 20.06.1929.
MV-3	Grund Rústir hins forna Grundarfjarðarkaupstaðar austast á Grundarkampi og grunnur undan „franska húsinu“ spölkorn í útsuður frá aðalrústunum.	3,4	Friðlýstar fornleifar. Skjal undirritað af ÞM 29.10.1985. Þinglýst 07.11.1985.
MV-4	Hallbjarnareyri, Öndverðareyri Rústir hins forna bæjar að Öndverðareyri, tóftir, girðingar og önnur gömul mannvirki á bæjarstæðinu og í námunda við það.	14,8	Friðlýstar fornleifar. Sbr. Árb. 1927: 33. Skjal undirritað af Mþ 12.05.1928. Þinglýst 20.06.1929.
S-4	Setbergskirkja Heimildir eru um kirkju á Setbergi allt frá því um 1200. Núverandi kirkja er turnlaus timburkirkja, reist 1892 af Sveini Jónssyni forsmiði. Í henni er að finna muni úr eldri kirkjum. Kirkjan er friðuð vegna aldurs.		Friðaðar fornleifar skv. lögum um menningarminjar. Sjá S-4 í kafla 4.2.

4.5 FRÍSTUNDAHÚS OG FRÍSTUNDABYGGÐ

Framtíðarsýn: Endurnærandi Grundarfjörður með frístundahús og frístundabyggð

Forsendur

- Frístundahús eru hús utan þéttbýlis sem aðallega eru nýtt til tímabundinnar orlofsdvalar og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Þau geta ýmist staðið stök eða verið hluti af frístundabyggð.⁵¹ Í skipulagsreglugerð er frístundabyggð skilgreind sem svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í pyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur og tiltekið að frístundabyggð sé ekki ætluð til fastrarar búsetu.⁵²
- Meirihluti frístundahúsa í sveitarfélagini eru stök hús en í fyrra aðalskipulagi voru afmörkuð fimm frístundabyggðarsvæði þar sem gert var ráð fyrir á bilinu 2-15 húsum á hverju og einu svæði.
- Samkvæmt fyrra aðalskipulagi var heimilt að reisa allt að 5 sumarhús á hverri jörð innan skilgreinds svæðis fyrir landbúnaðarnotkun. Settar voru reglur um lágmarksfjarlægð frístundahúsa frá landamerkjum, vatnsbakka, fornminjum, veitulögnum, stofn- og tengivegum, öðrum vegum og loðdýra-, alifugla- og svínabúum eða annari starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar. Einnig að hæfileg fjarlægð frá strönd væri tryggð.

Markmið og leiðir

Sveigjanleiki verði til að reisa frístundahús í sveitum

- A hverri jörð er heimilt að reisa allt að 5 stök frístundahús án beinna tengsla við búskap á jörðinni, enda falli slík hús vel að þeiri byggð sem fyrir er á jörðinni, gangi ekki gegn annari stefnu aðalskipulagsins og séu í samræmi við deiliskipulag. Miða skal við jarðamörk eins og þau voru við upphaflega staðfestingu þessa aðalskipulags. Sjá í samhengi við annað sem heimilt er á landbúnaðarsvæðum, sbr. kafla 6.4.
- Ef reisa á fleiri hús á sömu jörð skulu þau reist á skilgreindu frístundabyggðarsvæði. Við deiliskipulag þeirra svæða skal taka mið af stefnu og ákvæðum í kafla 5 um umhverfi og auðlindir og annarrar viðeigandi stefnu aðalskipulagsins.
- Frístundahús ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem geymslu, gestahúsi og bátaskýli skulu að jafnaði vera á sér lóð, nema sérstakar aðstæður kalli á annað, eins og þegar um er að ræða orlofsbústaði í eigu félagasamtaka, eða sérstaka staðhætti sem þarfast samvinnu eigenda. Í slíkum tilvikum skal afmarka frístundahúsunum svæði til einkaafnota innan lóðar. Ekki skal byggja nær lóðarmörkum en 10 m og ekki nær mörkum aðliggjandi jarða en 50 m. Ef svæði utan einkalóða sem þjóna sameiginlegum hagsmunum frístundabyggðarinnar, svo sem leiksvæði, götur eða svæði fyrir veitur, eru á sameiginlegri lóð skal afmarka hana á uppdrætti.


51) Lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús (nr. 75/2008)


52) Skipulagsreglugerð (nr. 90/2013) með síðari breytingum

- Við afmörkun lóða fyrir frístundahús eða frístundabyggð, skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Í samræmi við ákvæði í lögum hverju sinni þar að lítandi, má ekki reisa frístundahús nær vötnum, ám eða sjó en 50 m, ekki nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.

Frístundabyggð og stök frístundahús skulu falla vel að landslagi og byggðarmynstri og þeim búrekstri sem fyrir er

- Vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varðar form, liti og efni.
- Við staðsetningu frístundahúsa eða frístundabyggðar skal þess gætt að notkun þeirra og starfsemi á jörðinni geti farið saman.
- Áhersla skal lögð á að samnýta vegakerfi og veitur og að yfirbragð byggðar verði heildstætt.





Frístundabyggð (F)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærbjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
F-1	Mýrarhús, Krókur, Lá og Lárkot Á svæðinu voru 10 frístundahús árið 2018. Í gildi er deiliskipulag fyrir Mýrarhús samþ. 2. júní 2000 með breytingu samþykkti 12. maí 2016, þar sem gert er ráð fyrir 5 frístundahúsum auk gamla bæjarins. Í gildi er einnig deiliskipulag fyrir Krók, samþ. 9.2.2012, sem skilgreinir lóðir fyrir 6 frístundahús auk tilheyrandi geymslina. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Lá og Lárkot. Alls er því heimild í deiliskipulagi fyrir allt að 12 húsum á svæðinu en samkvæmt fyrra aðalskipulagi voru ráðgerð 8 hús á því. Svæðið var stækkað til norðausturs (úr 25 ha í tæpa 35 ha) með aðalskipulagsbreytingu samþ. 14.6.2011. Með breytingunni voru heimiluð allt að 16 frístundahús á öllu svæðinu í stað 8 húsa áður.	36	Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 21 frístundahúsi. Staðinn verði vörður um lífríki og landslag í fjörum og gönguleið meðfram strönd verði tryggð.
F-2	Orlofshúsasvæði neðan skíðasvæðis við Eldhamra Nýtt svæði fyrir orlofshús.	10,8	Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 50 orlofshúsum en endanlegur fjöldi húsa og nánari mörk svæðis verði ákveðin í deiliskipulagi. Þar verði tryggt að byggðin falli vel að landi og hafi ákveðin heildarsvip hvað varðar form, efni og hæðir húsa.

F-3	Spjör Á jörðinni var 1 frístundahús árið 2018, auk gamla bæjarins. Fyrir liggja áform um allt að 12 frístundahús.	20,7	Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 12 frístundahúsum. Svæðið er nýtt frístundabyggðarsvæði frá fyrra aðalskipulagi.
F-4	Suður-Bár Á jörðinni var 1 frístundahús árið 2018, en ekki var afmarkað frístundabyggðarsvæði þarna í fyrra aðalskipulagi.	12,8	Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 10 frístundahúsum. Svæðið er nýtt frístundabyggðarsvæði frá fyrra aðalskipulagi.
F-5	Naustáll Á svæðinu voru 4 frístundahús árið 2018. Í gildi er deiliskipulag frá 1988 sem heimilar allt að 15 hús samkvæmt upplýsingum í fyrra aðalskipulagi, en deiliskipulagið er ekki í Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar.	10,8	Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 15 frístundahúsum, sem er óbreytt frá fyrra aðalskipulagi.
F-6	Hjarðarból Á svæðinu var 1 frístundahús árið 2018, auk gamla bæjarins. Í gildi er deiliskipulag, samþ. 13.6.2013, sem skilgreinir lóðir fyrir 7 frístundahús.	5,8	Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 7 frístundahúsum, sem er óbreytt frá fyrra aðalskipulagi.
F-7	Berserkseyri Svæðið er afmarkað í samræmi við framkomna tillögu að deiliskipulags- og aðalskipulagsbreytingu, sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn en hefur ekki verið staðfest af Skipulagsstofnun.	44,5	Gert er ráð fyrir 12 lóðum fyrir frístundahús.



5. Umhverfi og auðlindir

Meginútgangspunktar

Landslag myndar umgjörð um daglegt líf íbúa og er hluti af lífsgæðum þeirra.

Það er jafnframt auðlind sem ferðaþjónustan nýtir. Landslag getur verið innblástur við þróun og markaðssetningu hvers konar vara í sveitarfélaginu.

Lífríki til lands og sjávar er undirstaða lífsafkomu og arfur sem núverandi og komandi kynslóðir eiga að njóta.

Hreint vatn og loft er nauðsynlegt fyrir heilbrigði vistkerfa og mannfólks.

Meginmarkmið

Umhverfisvænn Grundarfjörður

Út frá framangreindum útgangspunktum er sett fram það meginmarkmið að byggð og landnotkun í Grundarfirði þróist með umhverfisvænum hætti.

Í eftirfarandi köflum er sett fram stefna sem ætlað er að stuðla að því.

5.1 LANDSLAG, LÍFRÍKI OG MINJAR

Framtíðarsýn: Staðinn vörður um landslag, lífríki og minjar sem dýrmætan arf


Forsendur

Landslag

- Í sveitarfélagini eru tveir firðir stærstir, Grundarfjörður og Kolgrafafjörður. Þéttbýlið stendur við Grundarfjörð, umkringt fjöllum og næst bænum grösugum hlíðum. Sveitabærir raða sér með ströndinni til vesturs í Útsveit og til austurs í Framsveit. Búlandshöfði er vestasta jörðin í sveitinni og Berserkseyri sú austasta og stendur við sunnanverðan Seljavfjörð. Í Kolgrafafirði eru býli við vestan- og austanverðan fjörðinn en í innri hluta fjarðarins hefur byggð lagst af fyrir áratugum. Svæði á Hrafnkelsstaðabotni er nýtt fyrir íþróttir og þar er nýleg fjárrétt, Hrafnkelsstaðarétt. Fyrir utan hrossa- og fjárbeit og ræktun túna til heyskapar, er gróðurnýting ekki umfangsmikil. Nýting fjöru- og sjávargróðurs er það ekki heldur, en gæti farið vaxandi á komandi árum.
- Vestanvert við brúna yfir Kolgrafafjörð staldra ferðamenn gjarnan við til að njóta útsýnis og fjölbreytts lífríkis. Ofan þéttbýlisins í Grundarfirði ber Helgrindur við himin, sem hæsta hluta Snæfellsnessfjallgarðsins séðan frá þessum stað. Víðsvegar í fjallgarðinum eru tilkomumiklir hnúkar og tindar. Úti fyrir báðum fjörðum er hinn stóri Breiðafjörður; sameiginleg matarkista byggða og býla sem að honum liggja og perla til náttúruskoðunar. Eyjan Melrakkaey rétt norðan við Kirkjufell er friðuð vegna sérstæðs og fjölbreytts fuglalífs. Á nokkrum stöðum í sveitarfélagini er aðgengileg fjara og vötn og lón eru t.d. við Stöðina (Brimlárhöfða), á Klakki og Eyrarfjalli. Minni vötn eru einnig uppi í fjallgarðinum.

Fuglalíf er mikið og fjölbreytt á þessum slóðum, svo og meðfram allri ströndinni þar sem gjarnan má fylgjast með sel og hval.

- Fallegt landslag og útsýni veitir íbúum gleði og er hluti af sjálfsmýnd samfélaga. Sú góða tilfinning sem fugurð umhverfis getur gefið er einkum skýrð með því hve stór hluti af skynrænni upplifun okkar er sjónræn. Fallegt landslag gerir svæði eftirsóknarvert til búsetu, gefur þeim sterka ímynd og laðar að ferðamenn. Þannig styður það við efnahagsgrunn staða og svæða. Í þeim tilgangi að vernda slík verðmæti er gjarnan sett stefna og ákvæði í skipulagsáætlani sem geta t.d. snúist um



Vistgerðir í Grundarfjardarbæ.



hönnunar- leiðbeiningar (e. design guidelines), hönnunarmat (e. design review), sjónrænt áhrifamat (e. visual impact assessment) eða reglur (e. zoning bylaw) sem ætlað er að lágmarka neikvæð áhrif á falleg svæði, sjónlínur, sjónarhorn eða útsýni og tryggja að mannvirki og landslagsmótun falli vel að landslagi. Þessum verkfærum er þá t.d. ætlað að stýra hæð, umfangi, formi, efnum og lit mannvirkja og landslagshönnun s.s. gróðri, yfirborðsefnum og skiltum.⁵³

Lífríki

- Í sveitarfélagini er að finna fjölbreyttar vistgerðir og margskonar landslag sem er aðlaðandi umgjörð um daglegt líf íbúa og veitir möguleika á margvíslegri útvist og náttúruupplifun. Mikilvægt er að varðveita þau sérkenni sem íbúum þykir vænt um og svæði sem skipta miklu máli fyrir lífríki og sjálfbæra auðlindanýtingu.

53) Scenic America (á.á.), Landscape institute (á.á.), Scottish Natural Heritage (á.á.).

Sjónræn verðmæti Kirkjufells

- Kirkjufellið er það fjall á Íslandi sem er hvað mest ljósmyndað. Sjónarhornið er gjarnan frá Kirkjufellsfossi eða þéttbýlinu þó finna megi myndir frá öllum sjónarhornum til fjallsins. Það er mikilvægur hluti af magnaðri upplifun á akstursleiðinni á norðanverðu Snæfellsnesi, hvort heldur sem komið er úr austri eða vestri. Því er mikilvægt að huga að útsýni frá Snæfellsnesen vegi þegar stefna um verndun ásýndar fjallsins er til umræðu. Ásýnd frá þéttbýlinu er einnig mikilvæg og þar er upplifun af fjallinu einnig sterk.
- Áhugi ferðmanna á fjallinu jókst verulega eftir að það varð hluti af sviðsmynd bíómyndarinnar *The Secret Life of Walter Mitty* og ennfrekar eftir að það varð eitt af sögusviðum vinsælu sjónvarpsseriúnnum *Game of Thrones*. Segja má að fjallið og fegurð þess hafi verið „uppgötvað“. Ferðapjónustan á Íslandi, ekki bara á Snæfellsnesi, hefur nýtt sér þá verðskulduðu athygli sem Kirkjufell hefur fengið. Sem dæmi blasir fjallið við á stórum vegg við aðkomu komusalar Leifsstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Þá er það gjarnan notað í kynningarefni um Ísland og vörum framleiddum á Íslandi. Því má segja að það sé orðið eitt af táknumyndum landsins.
- Löngu áður en fjallið varð „heimsfrægt“ hefur það verið stolt og gleði íbúa við Grundarfjörð og á Snæfellsnesi. Fjallið er í merki Grundarfjarðarbæjar og í svæðisskipulagi Snæfellsness er það skilgreint sem ein af táknumyndum Snæfellsness, sem stefnt er að nota við frekari styrkingu ímyndar svæðisins. Í þessari aðalskipulagstillögu er jafnframt lagt til að nýta þetta einstaka bæjarfjall Grundfirðinga til eflingar ferðapjónustu og annarrar þjónustu í þéttbýlinu, um leið og dregið er úr álagi á umhverfi og umferð næst fjallinu. Sjá nánar 8. kafla um rammahluta aðalskipulagsins.

- Sjónræn verðmæti Kirkjufells liggja m.a. í staðsetningu þess og landnotkun umhverfis það auk ásýndarsérkenna eins og forms, lita, mynsturs og áferðar:

Staðsetning: Kirkjufellið stendur eitt og sér, við aðalveg um Snæfellsnesið, sem gerir það mjög sýnilegt fyrir alla akandi ferðalanga um Nesið. Ekki þarf að gera sér sérstaka ferð um langan veg til að líta það augum eins og kannski á við um mörg önnur stök fjöll á Íslandi. Fjallið er líka aðgengilegt fyrir gangandi ferðalanga en bæði er hægt að klifa það og ganga í kringum það. Einnig má njóta þess frá sjó en skemmtiferðaskip leggja að í Grundarfirði og þaðan er gerðar út skoðunarferðir á sjó. Síðast en ekki síst blasir það við úr þéttbýlinu og er eins og landslagsmálverk sem íbúar njóta dag hvern.

Landnotkun: Kirkjufellssvæðið er nær óbyggt / óhreyft þar sem mannvirki sjást lítt eða ekkert. Lýsing við fjallið er jafnframt takmörkuð.

Form: Form fjallsins er afar sterkt, stílhreint og glæsilegt. Það er sannkölluð staðarprýði. Fáir bærir á Íslandi hafa bæjarfjall af slíkri formfegurð að státa við bæjardyrnar. Ásýnd fjallsins frá þéttbýlinu séð er mikilvæg fyrir bæjarbúa og stór hluti af upplifun þeirra sem heimsækja bæinn. Í erlendum miðlum hefur Kirkjufell verið sett á lista yfir 10 fallegustu fjöll heims.

Litir, mynstur og áferð: Jarðfraði Kirkjufells er merkileg. Jarðlög eru vel sýnileg þannig að að lesa má jarðsöguna úr því að einhverju leyti. Lögin mynda skýrar þverlínur og bergveggir eru berir efst. Fjallið er að öðru leyti nær grasi vaxið upp á topp og hefur mjög græna ásýnd séð frá Kirkjufellsfossi en grárra frá bænum séð.



- Út frá sjónrænum þáttum má því segja að Kirkjufellið sé aðgengilegt, formfagurt og afgerandi kennileiti sem er hluti af ímynd sveitarfélagsins, Snæfellsness og Íslands. Það er mikilvægur þáttur í bæjarmynd Grundarfjarðar og sjálfsmynd og ímynd samfélagsins. Það hefur einnig mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Það styður þannig við lífsgæði og efnahag. Sjónrænt verðmæti telst því mikið og ástæða þykir til að setja fram stefnu um um verndun ásýndar þess, en um leið að nýta það tækifæri sem það gefur Grundarfirði sem áfangastað, sbr. nánari umfjöllun í kafla 6.3 um ferðapjónustu og í kafla 8 um rammahluta.
- Þær framkvæmdir sem helst gætu ógnað sjónrænu verðmæti Kirkjufells eru:

Breytingar á landnotkun og mannvirkjagerð við fjallið: Lítill byggð er við fjallið en það tilheyrir þremur jörðum, Hálsi, Búðum og Kirkjufelli. Búskapur er á Hálsi en út úr jörðinni hafa verið stofnaðir sjálfstæðir jarðarhlutar, Hálsaból og Sólbakki, í jarðarhluta Hálsabóls hafa

verið byggð tvö sumarhús og eitt er í byggingu í landi Sólbakka. Búðir eru í eyði og eru ummerki um búskap lítt sýnileg þó þar sé talsvert af rústum. Býlið Kirkjufell er einnig í eyði en úтиhús eru þar uppistandandi og tún nytjuð. Austast í landi Kirkjufells, rétt vestan við Búðaá, stendur íbúðarhús. Hin takmarkaða byggð við Kirkjufell er hluti af þeim sérkennum fjallsins sem mannvirkjagerð getur haft áhrif á. Breyting á landnotkun, s.s. með trjá- eða skógrækt getur einnig breytt þeim karakter. Þá gæti ásýndin verið sérstaklega viðkvæm fyrir ljósum sem lýsa mannvirki, t.d. í ljósaskiptum og skammdeginu þegar sést móta fyrir fjallinu.

Mannvirkjagerð í þéttbýlinu frá mikilvægum sjónarhornum: Uppbygging innan þéttbýlisins getur einnig haft áhrif á upplifun af ásýnd fjallsins. Við áframhaldandi þróun þéttbýlisins er því ástæða til að huga að staðsetningu, hæð og formi bygginga við mikilvægar sjónlínur að fjallinu. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga við þróun byggðar á Framnesi.

Markmið og leiðir

Uppbygging og landnýting í sveitum taki tillit til landslagseinkenna

- Við skógrækt verði tekið tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra
- jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa, og annarra búsetuminja. Trjám verði ekki plantað í hraun. Í umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar komi fram hvernig tekið er tillit til staðhátta, s.s. minja, landslagsgerða, fjarlægðar frá vatnsbökkum, veitum og samgönguæðum og til stefnu svæðisskipulags Snæfellsness og þessa aðalskipulags.
- Um aðlögun mannvirkja og framkvæmda að landslagi í þéttbýli sjá kafla 4.4 um byggingar og almenningsrými.



Nýting gróðurs og annarra náttúruauðlinda og sjávargróðurs og annarra sjávarauðlinda sé með sjálfbærum hætti.

- Farið sé vel með land og gróður við nýtingu jurta til ýmiss konar framleiðslu.
- Farið sé vel með lífríki og auðlindir, við hagnýtingu sjárvargróðurs, s.s. við þang-, þara- og sölvatöku.

Fjölbreytni fuglalífs og gróðurs viðhaldist.


- Staðinn verði vörður um merkileg og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.
- Komið verði í veg fyrir að lúpína og aðrar ágengar tegundir breiðist yfir gróðurlendi og ræktað land. Farið verði varlega í notkun framandi tegunda sem ekki eru sérkennandi fyrir Snæfellsnes.
- Óröskað votlendi verði vernduð og votlendi endurheimt þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt verði þó skoðuð m.t.t. stefnu um varðveislu verðmæts landbúnaðarlands til ræktunar og matvælaframleiðslu (sjá kafla 6.4 um landbúnað).
- Fjörum verði ekki spillt og þær verði hreinsaðar reglulega.

Leitast verði við að vernda ásýnd og sérkenni Kirkjufells, eins og þeim er lýst hér framar

- Áður en gengið er frá deiliskipulagi og veitt heimild til mannvirkjagerðar við Kirkjufell eða í grennd fjallsins, verði sjónræn áhrif fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar á fjallið metin. Sjónræna matið (e. Visual Impact Assessment) verði sett fram í deiliskipulagsgreinargerð eða í fylgiskjali með því. Á grunni matsins taki sveitarstjórn ákvörðun um hvort framkvæmdir

verði heimilaðar. Þar verði tekið mið af hvort framkvæmdirnar gætu breytt sérkennum fjallsins og truflað hlutverk þess sem afgerandi kennileitis og hluta af sjálfsmýnd samfélagsins og ímynd sveitarfélagsins og Snæfellsness. Það getur t.d. átt við um framkvæmdir sem keppa við fjallið um athygli eða breyta þeim sérkennum fjallsins sem lýst er að framan. Sveitarstjórn getur ýmist hafnað framkvæmd sem hún telur skerða sjónræn verðmæti Kirkjufells, eða sett fram kröfu um deiliskipulagsákvæði sem varða hæð, liti, form og efni mannvirkja, svo og fyrirkomulag lýsingar og umhverfisfrágangs og annað sem þurfa þykir til að tryggja að mannvirki og landslagsmótun falli vel að sérkennum fjallsins, sbr. lýsingu á þeim að framan.





Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Óbyggð svæði (ÓB)


Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Þau svæði þar sem hvorki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálandi, heiðar og afréttir, eru skilgreind sem óbyggð svæði. Þau eru að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útvist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Svæði ofan 200 m yfir sjó, auk nokkurra svæða neðan þeirrar línu sem eðlilegt þótti að telja með, eru skilgreind sem óbyggð svæði í þessu aðalskipulagi. Innan þeirra eru svæði sem jafnframt njóta hverfisverndar eða vatnsverndar.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÓB-1	Fjalllendi Allt land yfir 200 m hæð yfir sjó er skilgreint sem óbyggt svæði, sem og ákveðin svæði neðan 150 m hæðarlínu sem eðlilegra þykir að skilgreina sem óbyggð svæði.	8465,3	Svæðin eru ætluð til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks, þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt eða mannvirkjagerð. Á þessum svæðum er þó unnt að gera ráð fyrir neyðarskýlum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum. Á þeim er heimil landgræðsla. Þá eru hefðbundnar landnyttar, s.s. beit, veiðar og minniháttar efnistaka til eigin nota, heimilar á óbyggðum svæðum, nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit eða aðrar takmarkanir gilda vegna hverfisverndar eða vatnsverndar. Varnir vegna náttúruvár eru heimilar. Gerð flóðvarnargarða er heimil skv. nánara skipulagi.
ÓB-2	Eyjar og sker Til sveitarfélagsins teljast nokkur sker og eyjan Melrakkaey (FS-1), sem er friðlýst. Um hana er fjallað í kafla 5.1.	9,5	Svæðin eru ekki ætluð til almennrar útiveru vegna legu sinnar og viðkvæmrar náttúru. Ekki er gert ráð fyrir ræktun eða mannvirkjagerð, ekki heldur neyðarskýlum, fjarskiptasendum eða öðrum slíku. Melrakkaey er friðlýst vegna verndunar fuglalífs í eynni. Um hana gilda skipulagsákvæði FS-1, hér í sama kafla.



Landbúnaðarsvæði (L)

Sjá 6.4 kafla um atvinnulíf.

Hverfisverndarsvæði (HV)


Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Til þess að vernda landslag og lífríki svæðisins eru skilgreind eftirfarandi hverfisverndarsvæði, en það eru svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum (sbr. gr. 6.3 í skipulagsreglugerð).

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
HV-1	Ölkelda Ölkelda í Ölkeldudal. Yfirborðs- og grunnvatn hefur ekki verið flokkað skv. gildandi reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sjá kafla 5.2.	0,3	Tilgangur hverfisverndar er að koma í veg fyrir að ölkeldan, sem er sjaldgæft náttúrufyrirbæri, raskist vegna framkvæmda eða athafna í nágrenni við hana. Skilgreint er verndarsvæði í 30 m radius í kringum ölkelduna. Talið er að framkvæmdir neðan við hana muni ekki hafa áhrif á rennslí hennar. Ofan við ölkelduna er svæði skilgreint sem opið svæði til útvistar. Innan þessa svæðis skal þess gætt að raska ekki jafnvægi í vatnabúskap svæðisins sem ætla má að viðhaldi rennslí ölkeldunnar. Þegar niðurstöður flokkunar vatns liggja fyrir skal skilgreina vatnsverndarsvæði ölkeldunnar og langtímarkmið. Innan svæðisins er óheimilt að raska jarðvegi á neinn hátt eða setja upp mannvirkni nema í þeim tilgangi að vernda ölkelduna. Gæta skal fyllstu varúðar í meðferð efna sem mengað geta ölkelduna.
HV-2	Hallbjarnareyri/Öndverðareyri Sérstaða svæðisins felst meðal annars í fjölda og þéttleika búsetuminja á svæðinu og fjölbreyttir sögu þess. Sjór hefur grafið nokkuð úr bakkanum og gæta þarf að beitarstýringu. Sjá í samhengi við kafla 4.4 þar sem fjallað er um minjavernd.	124,5	Breyting er gerð á mörkum hverfisverndar frá fyrra aðalskipulagi og hún afmörkuð af meiri nákvæmni miðað við tilgang verndunar. Tekin eru út tún og hluti svæðis nyrst. Allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins miðist að því að vernda sögulegar minjar. Mannvirki falli að landslaginu og breyti ekki heildarásýnd svæðisins. Akstri vélknúinna farartækja verði halddi í lágmarki á svæðinu. Hefðbundin not á túnum geta haldist óbreytt. Allri nýtingu svo sem beit utan ræktaðs lands verði halddi í lágmarki og miðist við að skerða ekki gæði svæðisins. Bæjarstjórn getur sett reglur um takmörkun og stjórn beitar á svæðinu.

HV-3	<p>Kolgrafafjörður</p> <p>Kolgrafafjörður er landslagsheild með fjölbreytt lífríki. Fuglalíf er fjölskrúðugt, en tvær tegundir fghesta, rauðbrystingur og margæsir, hafa viðkomu á þessu svæði á leið sinni til og frá hánorðlægum varpstöðvum. Einnig finnst snjódaðargrórður inni í botni Kolgrafafjarðar en hann er fremur fátiður á Snæfellsnesi. Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 ná til fjara fjarðarins.</p> <p>Auk þess að hafa verndargildi út frá fuglalífi og gróðurfari, hentar Kolgrafafjörður vel sem útvistarsvæði sökum nálægðar við byggð og vegna þess að hann er tiltölulega lítið raskaður.</p> <p>Í fyrra aðalskipulagi voru ákvæði um að Kolgrafafjörður njóti hverfisverndar án þess þó að mörk hennar væru skilgreind á dreifþýlisupprætti.</p>	58,0	<p>Hverfisvernd nær yfir fjörur fjarðarins innanverðs.</p> <p>Leitast skal við að vernda tegundir og líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins og halda mannvirkjagerð í lagiðmarki þannig að landslagseinkenni skerðist ekki.</p> <p>Aðgengi til útvistar verði baett, s.s. merking leiða, stíga eða áningaraðstöðu en þó þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á sérstætt fuglalíf og gróður svæðisins.</p> <p>Núverandi grasnytjar og ræktun er áfram heimil og nýta má auðlindir hafsins innan svæðisins á sjálfbærar hátt þannig að vistkerfi spillist ekki.</p> <p>Ekki er reiknað með skógrækt á Eyrarbotni og Hrafnkelsstaðabotni, sem liggja út frá skilgreindu hverfisverndarsvæði.</p>
------	--	------	---




Friðlýst svæði (FS)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
FS-1	Melrakkaey Smáeyja út af Grundarfírdi, friðlýst 1971 (friðlýsing auglýst 1974). Markmið friðlýsingarinnar er að vernda fuglalíf eyjunnar.	1490,5	Óheimilt er að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar og til verndar fuglalífi eru skot bönnuð nær eynni en 2 km, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartöinda 118/1974. Melrakkaey er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem verndað er með sérlögum nr. 54/1995.
FS-2	Breiðafjörður Vernd skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja á svæðinu. Breiðafjarðarnefnd fer með málefni verndarsvæðisins.		Vísað er til stefnu í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019.



Önnur náttúruvernd

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Eftirfarandi svæði eru á Náttúruminjaskrá⁵⁴ sem „aðrar mikilvægar náttúruminjar ... sem ástæða þykir til að friðlysa eða friða“ (sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd og gr. 6.3 í skipulagsreglugerð). Um minjar í þessum flokk skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, þar til endurmati verndargildis þeirra minja hefur verið lokið í samræmi við 3. tl. ákvædis til bráðabirgða í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sem kveður á um að ráðherra skuli, fyrir árslok 2021, láta endurskoða ákvæði gildandi friðlysinga og eftir atvikum endurmetsa verndargildi þeirra minja sem standa á gildandi náttúruminjaskrá.

Ennfremur gildir um C- hluta náttúruminjaskrár, sr. 37. gr. laga um náttúruvernd: „[Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.] 1) Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir. Við afgreiðslu umsókna um leyfi skal gæta ákvæða 4.–6. mgr. [61. gr.] Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minni og verndarstaða þeirra versni.“

Friðlýst æðarvörp

Friðlýst æðarvörp í sveitarfélagini falla undir landnotkunarflokkinn. Þeim er friðlýst á grunni reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlysingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996. Ákvörðun um friðlysingu æðarvarps er birt í Lögbirtingarblaði og gildir í 10 ár frá birtingu.

54) Umhverfisstofnun (á.á.)

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÖN-1	Búlandshöfði Náttúruminjaskrá; aðrar náttúruminjar nr. 225. Í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða eru merk setlög og jarðög með steingerðum skeljum.	178,9	Landnotkunarflokkurinn óbyggð svæði (ÓB) er láttinn ná yfir náttúruverndarsvæðið í heild sinni. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd.
ÖN-2	Stöð (Brimlárhöfði) Náttúruminjaskrá; aðrar náttúruminjar nr. 226. Í austurhlíð fjallsins eru merk setlög og jarðög með skeljum og blaðförum frá hlýskeiði á ísöld. Í Stöðinni má lesa loftslagssögu myndunartíma þeirra.	81,4	Landnotkunarflokkurinn óbyggð svæði (ÓB) er láttinn ná yfir náttúruverndarsvæðið í heild sinni. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd.
ÖN-3	Naustáll og Akurtraðir Svæðið afmarkast af merkjum Naustáls og Norður-Bárar annars vegar og Akurtraða og Vatnabúða hins vegar, meðfram strandlengjunni og umhverfis Álavatn. Friðlýst 13.4.2015 og gildir friðlýsing til 2025. Frístundabyggð er skilgreind í nágrenni hins friðlýsta æðarvarps í landi jarðarinna.	18,7	Á svæðinu gilda ákvæði 3. gr. reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996. Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu frá 15. apríl til og með 14. júlí ár hvert. Friðlýsingin felur það í sér að öll skot eru bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli. Jafnframt felur friðlýsingin í sér að innan friðlystra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og vél, nema með leyfi varpeiganda. Friðlýst æðarvörp skal auðkenna með áberandi hætti, þar sem því verður við komið. Í óbyggðum eyjum og hólumum á þetta ekki við.
ÖN-4	Berserkseyri Æðarvarp er á öllum Berserkseyraroddanum, svæðinu umhverfis Lómatjörn og með strandlengjunni austur að beiðningarskúrnum. Friðlýst 13.4.2015, friðlýsing gildir til 2025.		Á svæðinu gilda ákvæði 3. gr. reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996. Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu frá 15. apríl til og með 14. júlí ár hvert. Friðlýsingin felur það í sér að öll skot eru bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli. Jafnframt felur friðlýsingin í sér að innan friðlystra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og vél, nema með leyfi varpeiganda. Friðlýst æðarvörp skal auðkenna með áberandi hætti, þar sem því verður við komið. Í óbyggðum eyjum og hólumum á þetta ekki við.
ÖN-5	Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn Náttúruminjaskrá; aðrar náttúruminjar nr. 227. Hluti svæðisins er innan Grundarfjardarbæjar. Svæðið í heild nær til Berserkjahrauns og Hraunsfjarðar innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. Á svæðinu er stórbrotið apalhraun með gíghólum og sögumunjum. Þarna er Berserkjagata og Berserkjadys, lítluðugar fjörur og veiðivötn.	73,8	Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

5.2 YFIRBORÐSVATN, GRUNNVATN OG STRANDSJÓR

Framtíðarsýn: Góð umgengni um vatn sem undirstöðu lífs

Forsendur

Landslag

- Vatnafar svæðisins einkennist af dragám og lækjum og litlum fossum í fjallshlíðum sem fjölgar mjög í leysingum og miklum rigningum, enda er berggrunnur víðast ógegndræpur. Uppi í Helgrindum og á stöku stað til fjalla eru tjarnir og smærri vötn og við strönd eru sjávarlón. Votlendi er allvíða.
- Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess í þeim tilgangi að viðhalda náttúrulegu ástandi þess og til að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Slík flokkun hefur ekki verið gerð fyrir Grundarfjörð.

Neysluvatn

- Vatnsból fyrir þéttbýlið í Grundarfirði er við Grundará, undir Grundarfossi. Vatnsverndarsvæði vatnsbólsins hafa verið afmörkuð í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Mörk vatnsverndarsvæðanna eru í samræmi vð skýrslu ÍSOR-06197 frá 2006.⁵⁵ Um þau gildir skilgreining á brunn-, grann- og fjarsvæðum í reglugerð nr. 796/1999 með síðari breytingum nr. 533/2001 og 913/2003. Vatnsból í dreifbýli hafa ekki verið kortlögð.

Heitt vatn

- Heitt vatn hefur fundist í Berserkseyrarodda, þ.e. í Laugaskeri í Kolgrafafirði og stóðu vonir til að hægt væri að nýta það til að byggja upp hitaveitu í Grundarfirði. Efnasamsetning vatnsins er hinsvegar slík að hún er talin valda vandkvæðum við flutning vatnsins. Sjá nánar í kafla 7 um grunnkerfi.

Strandsvæði

- Í sveitarfélagini eru víða aðgengilegar fjörur sem nýtast til útvistar. Við Kirkjufellsfoss og Kirkjufell eru fjörur sem mikið eru sóttar af íbúum og ferðamönnum. Í Kolgrafafirði eru fjölbreyttar fjörur sem bjóða upp á ánægjulega útvist en gæta þarf að lífríki.

Regnvatn

- Rigning og asahláka í þéttbýli Grundarfjarðar hefur skapað vaxandi vandamál og jafnvel valdið skemmdum og kostnaði. Þá má reikna með að úrkoma á Íslandi aukist vegna loftslagsbreytinga og að rigningar að vetri til verði algengari.⁵⁶ Því má reikna með auknu á lagi á veitukerfi vegna ofanvatns. Vegna þessa er ástæða til að horfa til blágrænna ofanvatnslausna sem farið er að beita víða erlendis og einnig hérlandis. Með lausnum eins og tjörnum, ofanvatnsrásum, grænum svæðum, gróðri og gengdræpu yfirborði má leitast við að minnka álag á lagnir, viðhalda heilbrigðum vatnsbúskap og draga úr kostnaði við fráveitukerfi um leið og gæði byggða umhverfisins eru aukin með gróðri og vatni.⁵⁷

55) Bjarni Reyr Kristjánsson (2006).

56) Véðurstofa Íslands (2018).

57) Alta (2016a).

Markmið og leiðir

Nýting vatnsauðlinda verði sjálfbær og umgengni um þær til fyrirmynadar.


- Vatn verði flokkað og sett langtíma markmið um ástand þess í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Blágrænar ofanvatnslausnir verði innleiddar í þéttbýlinu.

- Leitast verði við að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi.
- Mótað verði skipulag slíkra lausna fyrir þéttbýlið og það fest sem rammahluti aðalskipulags eftir því sem við á.

Fyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum verði tryggt gott neysluvatn.

- Brunnsvæði vatnsveitu verði stækkað og verði því beint til OR/Veitna, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, að útfæra mörkin sem verði síðan fest í aðalskipulagi. Gerðar verði breytingar á Samþykkt um vatnsverndarsvæði vegna þessa. Einnig verði hafin leit að varavatnsbóli fyrir þéttbýlið.
- Markaður verði göngustígur að Grundarfossi sem leiðir fólk á öruggan hátt framhjá brunnsvæðinu að fossinum, í samráði við Veitur.
- Unnið verði yfirlit yfir vatnsból í dreifbýli og vatnsverndarsvæði fyrir þau skilgreind.
- Hafin verði vinna við að skilgreina varavatnsból fyrir þéttbýlið í Grundarfirði og vatnsverndarsvæði umhverfis það.



Ferskvatn, votlendi og fjörur í Grundarfjarðarbæ.

Fyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum verði tryggður góður aðgangur að heitu vatni.


- Haldið verði áfram rannsóknum á jarðvarma sem nýst gæti til uppbyggingar hitaveitu í Grundarfirði. Sjá nánar kafla 7 um grunnkerfi.


Staðinn verði vörður um vistkerfi á strandsvæðum.

- Við uppbyggingu útvistaraðstöðu verði gætt að álagi á lífríki og ástand viðkvæmra staða vaktað.

Fjörur verði hreinar og aðgengilegar.

- Hvatt verði til samvinnu um árlega hreinsun á fjörum.





Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti


Vötn, ár og sjór (V)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Í þennan landnotkunarflokk falla vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
V-1	Fjörur og strandsvæði Fjörur og strandsvæði meðfram öllu landi, eyjum og skerjum innan sveitarfélagsins.	944,7	Áhersla verði á að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi eins og kostur er og að nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær.
Án auð- kennis	Stærstu vötn og lón í sveitarfélagini Frá vestri til austurs: Lárvadall/Lárós (lón), Krossnesvatn, Gálutraðarvatn, Kirkjufellsvatn (lón), Álavatn við Naustál, Ytravatn og Innrvatn á Bárarhálsi og Eiðisvatn. Smærri vötn og tjarnir eru í fjalllendinu ofan Grundarfjarðar og Kolgrafafjarðar. Í sveitarfélagini eru margar minni ár og fjölmargir lækir og fossar eru víða. Helstu ár, stærri lækir og ósar eru: Hólalækur, Kirkjufellsá, Ytri og Innri Búðaá, Gilós, Kverná, Grundará, Grjótá, Bárará, Hjarðarbólsá og Í Kolgraffafirði eru Hrafná og Slýá. Sjávarfletir eru nokkrir enda ströndin vogskorin. Talið frá vestri til austurs eru þeir: Látravík, Grundarfjörður, Urthvalafjörður, Kolgraffafjörður, Seljavfjörður, Hraunsfjörður.	Á ekki við	Ekki er gert ráð fyrir breytingum á vatnsflötum og árfarvegum. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem bryr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m, sbr. 5.3.2.14. gr. í skipulagsreglugerð. Óheimilt er að byggja á þekktum flóðasvæðum við ár, vötn og sjó. Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við Siglingastofnum um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga, sbr. 5.3.2.18. gr. í skipulagsreglugerð.



Vatnsból og vatnsvernd (VB, VG, VF)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Vatnsból, svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar (VB). Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Um vatnsveitu er fjallað í kafla 7 um grunnkerfi.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
VB-1	Vatnsból við Grundará	14,6	Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það er algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Svæðið er friðað fyrir búfénaði og skal það girt mannheldri girðingu, sem er minnst 5 metra frá vatnsbóli.
VG-1	Grannsvæði vatnsbóls við Grundará Svæðið utan við brunnsvæðið tekur mið af jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstraumum sem stefna að vatnsbólinu.	66,8	Á þessu svæði er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki eru leyfðar nýjar byggingar, sumarbústaðir eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti. Svæðið er friðað fyrir búfénaði.
VF-1	Fjarsvæði vatnsbóls við Grundará Fjarsvæðið er afmarkað þannig að það nær yfir allt yfirborðsvatnasvið vatns sem fellur í Grundarbotn. Fjarsvæðismörkin liggja vestan við Grundarfoss upp Dogramúla og í Smjörhnjúk. Frá Smjörhnjúki liggja mörkin um Kráku og þaðan í vestari eggjar Hvítahnjúks ofan Hróksdals. Mörkin liggja síðan í háhind Hvítahnjúks og yfir Lýsuskarð í annan Hvítahnjúk ofan Ófærugils. Frá Hvítahnjúk ofan Ófærugils liggja mörkin um fjallseggjar Háumanar að tindi þess sama fjalls og þaðan niður að brunnsvæðinu. Engin mannvirkir eru á fjarsvæðinu fyrir utan Grundarrétt og hætta á að fjarsvæðið spillist er sáralítil.	1291,4	Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna sem talin eru upp í ákvæðum fyrir svæði VG-1. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.


5.3 JARÐEFNI

Framtíðarsýn: Ábyrg nýting jarðefna sem takmarkaðrar auðlindar

Forsendur

Berggrunnur

- Fjölbreyttur berggrunnur einkennir sveitarfélagið líkt og Snæfellsnes í heild. Þar er meðal annars að finna nokkrar gerðir af misgömlu gosbergi og innskotsbergi.



Berggrunnur í Grundarfjarðarbæ.

Jarðvegur

- Jarðvegur er að mestu brún/svartjörð nema upp af botni Grundarfjarðar þar sem mójarðvegur er ríkjandi.



Jarðvegur í Grundarfjarðarbæ.

Efnisnám

Efnistökusvæði í sveitarfélaginu eru aðallega malarnámur og efni í burðarlag og fyllingar en ein grjótnáma er í landi Kirkjufells. Allar námurnar eru í einkaeigu nema náma á Hallbjarnareyri þar sem rétthafi er Ríkiseignir og námur í Lambakróarholti og fjöru vestan Kvernár sem eru í eigu sveitarfélagsins.

Tegund efnis	Námur
Möl	Í landi Eiðis, Hallbjarnareyrar, Hrafnkelsstaða, í Bárarlandi, Ytri- og Innri-Látravíkur, Vindáss, Akurtraða.
Möl og sandur	Í landi Vindáss og Eiðis.
Burðarlags- og eða fyllingarefní	Í landi Berserkseyrar, Kolgrafa, Hjarðarbóls, náma í Bárarlandi og náma í landi Kirkjufells. Lárkot.
Grjót	Í landi Kirkjufells og í Lambakróarholti.

Tegund efnis í nánum í sveitarfélaginu.



Við móton nýs aðalskipulags voru efnistökusvæðin yfirfarin m.t.t. stöðu og áforma. Meðal annars var leitað til landeigenda og spurt um stöðu á nánum, áform um áframhaldandi efnistöku í þeim eða á nýum svæðum og um áherslur við efnistöku. Stefna um efnistökusvæði, hér aftar, byggir á þessari greiningu.

Efnistökusvæðin eru greind m.t.t. þess hvort þau falla undir umfangs-/stærðarmörk sem tilgreind eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Samkvæmt þeim lögum gildir eftirfarandi:

- Efnistaka sem áætlað er að raski 50.000 m^2 svæði eða stærra eða er að efnismagni 150.000 m^3 eða meiri, er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
- Efnistöku sem er áætlað að raski 25.000 m^2 svæði eða stærra eða er að efnismagni 50.000 m^3 eða meiri, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákvéður hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar.
- Efnistöku sem er áætlað að raski minna en 25.000 m^2 svæði eða er að efnismagni minni en 50.000 m^3 , skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, m.t.t. eðlis, umfangs og staðsetningar. Sveitarstjórн er heimilt að leita álits annarra aðila og skal hún gera hlutaðeigandi og Skipulagsstofnun grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.



Markmið og leiðir

Jarðfræðilega merkileg svæði og fallegar jarðminjar verði verndaðar.

- Við efnisnám, mannvirkjagerð og skógrækt verði tekið tillit til jarðminja sem þykja merkilegar eða setja svip á landslag sveitarfélagsins.
- Sjá einnig kafla 5.1 þar sem fjallað er um landslag.

Stuðlað verði að jarðvegsvernd.

- Landgæði verði bætt með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands.

Staðið verði vel að efnistöku.

- Efnisnám valdi ekki neikvæðum áhrifum á lífríki, náttúru- og menningarmínjar, landslag og útvistarsvæði.
- Efnistaka getur farið fram á svæðum sem skilgreind eru sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Jafnframt er unnt að óska leyfis til efnistöku úr árfarvegum og úr sjó (innan netlaga), án þess að þau svæði hafi verið auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Það getur átt við um alla árfarvegi og sjó (innan netlaga) þar sem uppfyllt eru skilyrði til framkvæmdaleyfis sem tilgreind eru hér að aftan og ekki gilda um sérstakar takmarkanir skv. aðalskipulaginu, s.s. vegna verndunar. Efnistaka til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum, sjá kafla 6.3.

- Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi, nema efnistaka til eigin nota á landbúnaðarsvæðum, sjá kafla 6.4. Gengið verði úr skugga um að allir efnistökustaðir hafi framkvæmdaleyfi og úthlutun leyfa verði bundin skilyrðum um magn, góða umgengni og vandaðan frágang námannar að efnistöku lokinni m.t.t. landslags.
- Í umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku skal ávallt gera grein fyrir allri efnistöku (flatarmáli og rúmmáli) sem til greina kemur af hálfu umsækjanda á viðkomandi svæði til næstu tveggja ára hið skemmsta.
- Efnistökuframkvæmdir eru eftir atvikum matsskyldar eða tilkynningar skyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, háð stærð svæða og umfangi efnistöku. Í aðalskipulagi þessu er gengið út frá að mat á stærð og umfangi efnistökuframkvæmda í því tilliti miði við stærð svæðis og umfang efnistöku eins og hún er á hverjum tíma skilgreind í framkvæmdaleyfisumsókn um a.m.k. tveggja ára efnistökuframkvæmd.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmdaleyfisögnum á grundvelli aðalskipulags. Umhverfis- og skipulagsnefnd skal ávallt kynna umsóknir um framkvæmdaleyfi til efnistöku úr árfarvegum og sjó (þ.e. á svæðum sem ekki eru sérstaklega auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu) fyrir forsvarsáðilum aðliggjandi landa og veiðifélagi viðkomandi ár. Slíkar framkvæmdir skulu jafnframt kynntar fyrir lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu og Umhverfisstofnun og öðrum þeim aðilum sem telja má að hagsmuna eigi að gæta vegna slíkra umsókna.
- Í framkvæmdaleyfisumsókn vegna efnistöku skal gera grein fyrir stærð og staðsetningu efnistökusvæðis og aðkomu að því og hvað til greina kemur að taka mikið efni á svæðinu horft til a.m.k. tveggja ára. Jafnframt skal greina frá landslagi og gróðri á svæðinu og hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum (s.s. um lagersvæði efnis) og frágangi (s.s. landmótun og sáningu) meðan á vinnslu stendur og eftir að vinnslu lýkur. Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi. Ef stærð/umfang efnistöku er yfir þeim mörkum sem skilgreind eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum þarf að gæta þess að gögn uppfylli einnig kröfur þeirra laga.
- Gerð verði krafa um að gengið verði frá gömlum efnistökustöðum innan frests sem sveitarstjórn ákveður. Tækifæri til uppgræðslu- og skógræktar verði skoðuð í því samhengi.
- Auk beinnar efnistöku getur við tilteknar stærri framkvæmdir þurft að haugsetja efni tímabundið eða varanlega. Aðalskipulagið skilgreinir eitt efnislosunarsvæði á Hrafnkelsstaðabotni. Að öðru leyti er gengið út frá að slíkt sé ákveðið í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfum fyrir viðkomandi svæði og framkvæmdir.


Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna bygggingarframkvæmda.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.



Númer	Forsendur	Skipulagsákvæði
E-1	Í landi Kirkjufells Sandnáma í fjöru. Burðarlags- og fyllingarefní. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt 25.000 m ³ . Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku og að jafnaði skulu ummerki ekki sýnileg.
E-2	Í landi Kirkjufells Grjótnáma. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Efnistaka til eigin nota landeigenda, allt að 5.000m ³ , er heimil í námunni. Henni verði síðan lokað. Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku. Gengið verði frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.

E-3	Lambakróarholt Grjótnáma. Náman var í fyrra aðalskipulagi og var stækkuð með aðalskipulagsbreytingu samp. í bæjarráði 8.8.2019 og eru skipulagsákvæði hér þau sômu og í breytingunni.	Heimilt er að vinna um 70.000 m ³ af lausu efni í lengingu á Norðurgarði og 70.000 m ³ til viðbótar í hafnarframkvæmdir á næstu árum. Áætlað umfang efnistöku er því um 140.000m ³ alls og heildarflatarmál efnistökusvæðisins verður tæpir 52.000 m ² . Öll tilhögun við efnistöku og vinnslu skal vera í samráði við Grundarfjarðarbæ og Umhverfisstofnun. Skilmálar fyrir tilhögun efnistöku og frágang námunnar: Halda skal moldarlagi sem er ofan á berginu til haga og nýta til frágangs námu. Lausu efni sem hreinsað er ofan af klöppinni skal ýtt til hlíðar og það geymt við jaðrana til að nota við frágang námusvæðisins. Lífrænum jarðvegi sem finnst á námusvæðinu skal haldið til haga og hann geymdur til að nota við frágang. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og náman ekki höfð opin lengur en nauðsyn krefur. Reynt verði að haga efnisflutningum þannig að þeir hafi sem minnst áhrif á heimamenn og ferðamenn, með því að draga úr þeim flutningum yfir hásumarið. Í framkvæmdaleyfi verði sett nánari skilyrði hvað varðar vinnutíma. Við frágang námunnar skal botn hennar skilinn eftir sem næst í kóta +4 (eða hærra) en botnlögun ræðst að hluta af þykkt nýtanlegrar klappar. Kantar námunnar skulu stallaðir niður. Mold sem ýtt er til hlíðar áður en sprengingar hefjast skal nota við námufrágang. Jaðrar námunnar verði mótaðir þannig að þeir falli sem best að nánasta umhverfi. Landið verði mótað í samræmi við landslag og halla umhverfis og námubrúnir afrúnnar og gerðar sem minnst áberandi.
E-4	Kverná, úr fjöru við Grundarfjörð Sjávarmölk. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt 25.000 m ³ . Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku og að jafnaði skulu ummerki ekki sýnileg.
E-5	Syðri náma í landi Norður- og Suður Bárar, vestan þjóðvegar Malarnáma. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt 15.000 m ³ af efni á um 9.000 m ² svæði, til nota landeigenda. Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku. Gengið verði frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.
E-6	Nyrðri náma í landi Norður- og Suður-Bárar, vestan þjóðvegar Burðarlags- og fyllingarefni. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt 45.000 m ³ af efni á um 15.000 m ² svæði, til nota landeigenda. Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku. Gengið verði frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.
E-7	Pórdísarstaðir Ný náma frá fyrra aðalskipulagi.	Heimilt er að taka allt 10.000 m ³ til eigin nota landeiganda.

E-8	Í landi Akurtraða (flugvallarnáma, á lista Vegagerðar) Malarnáma. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt að 500 m ³ af efni á ári úr námunni, til eigin nota landeigenda. Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku. Gengið verði frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.
E-7	Pórdísarstaðir Ný náma frá fyrra aðalskipulagi.	Heimilt er að taka allt 10.000 m ³ til eigin nota landeiganda.
E-8	Í landi Akurtraða (flugvallarnáma, á lista Vegagerðar) Malarnáma. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt að 500 m ³ af efni á ári úr námunni, til eigin nota landeigenda. Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku. Gengið verði frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.
E-9	Á Hallbjarnareyri Malarnáma. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun. Eingöngu nýtt af ábúendum jarða í Frumsveit.	Heimilt er að taka allt að 5.000m ³ . Gengið verði frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.
E-10	Í landi Vindáss og Eiðis Möl og sandur. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt að 25.000m ³ . Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku. Gengið verði frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.
E-11	Í landi Eiðis, sunnan vegar Malarnáma úr árframburði. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt að 25.000m ³ . Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku.
E-12	Í landi Eiðis Malarnáma úr árframburði. Náman var í fyrra aðalskipulagi og er í áframhaldandi notkun.	Heimilt er að taka allt að 25.000m ³ . Þess verði gætt að minnst rask verði á því svæði sem nýtt er til efnistöku.
E-13	Í landi Hrafnkelsstaða, sunnan vegar. Fyrrum malarnáma sem var skilgreind í fyrra aðalskipulagi sem slík en efnistöku hefur verið hætt.. Svæðið hefur verið nýtt sem efnislosunarsvæði og stendur til að nota það sem sílkt áfram. Sótt hefur verið um endurnýjun starfsleyfis fyrir efnislosunarsvæðið.	Á svæðinu er heimilt að vera með efnislosun í samræmi við starfsleyfi hverju sinni.



5.4 ÚRGANGUR

Framtíðarsýn: Trygg meðferð og förgun úrgangs

Forsendur

- Unnið er eftir Sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020 fyrir Suðurland, Suðvesturland og Vesturland.⁵⁸ Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa þar fyrir utan sett sér sameiginleg markmið um að draga úr magni úrgangs, undir hatti umhverfisvottunar Earth Check.⁵⁹
- Öllu sorpi frá Grundarfirði er ekið í Sorpurðun Vesturlands í Fífholtum á Mýrum. Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn gildir til 5. febrúar 2028. Það heimilar að tekið sé á móti og urðuð allt að 15.000 tonn af úrgangi á ári. Spilliefnum er skilað til efnamóttöku Sorpu. Gámastöð til frekari flokkunar úrgangs er í þéttbýlinu á iðnaðarsvæði við Kverná.
- Í fyrra aðalskipulagi var skilgreint sorpförgunarsvæði í landi Hrafnkelsstaða í Kolgrafafirði, fyrir óvirkan úrgang, meðhöndlun garðaúrgangs og geymslusvæði fyrir brotajárn og timbur. Svæðinu hefur verið lokað og í gildi eru fyrirmæli Umhverfisstofnunar um frágang, vöktun og mælingar.
- Í fyrra aðalskipulagi var ekki sett fram stefna um staðsetningu gáma í dreifbýli til móttöku úrgangs en það er gert í þessari aðalskipulagstillögu, sjá að neðan og kafla 6.4 um landbúnaðarsvæði.

Markmið og leiðir

Stuðlað verði að aukinni flokkun úrgangs og endurnýtingu.

- Aðstaða er til að skila lífrænum úrgangi til jarðgerðar.
- Aðstaða við gámastöðvar verði sem best til flokkunar og skila á hlutum og vörum sem hægt er að endurnýta.
- Tryggt verði að spilliefni berist ekki í umhverfið. Þá skal af hálfu sveitarfélaganna hætt varnarefnanotkun nema í neyðartilfellum og fyrirbyggjandi aðgerðum beitt svo það megi verða. Þær felast m.a. í vali trjágróðurs sem ekki dregur að sér fjölda meindýra.
- Söfnunargámar fyrir úrgang eru heimilir í dreifbýli á öðrum svæðum en óbyggðum svæðum, hverfisverndarsvæðum, svæðum á náttúruninjaskrá, friðlýstum svæðum og svæðum sem njóta verndar vegna æðarvarps.

Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Sjá skilmála fyrir iðnaðarsvæði I-1 í kafla 6.1.

⁵⁸ Mannvit (2009)

⁵⁹ Sveitarfélögin í Snæfellsnesi (2016).

5.5 ÖRYGGI ÍBÚA OG MANNVIRKJA


Framtíðarsýn: Gætt að öryggi íbúa og mannvirkja

Forsendur

Ofanflóðahætta og hættumat

Bráðabirgðahættumat vegna snjóflóða var unnið árið 1998 af Veðurstofu Íslands⁶⁰ fyrir takmarkað svæði innan þéttbýlisins, skv. reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Matið náði til Lægra Hellnafells ofan götunnar Fellasneiðar, en þar er brekkan brött, grasi gróin og um 40–50 metra há. Niðurstaða matsins var að lítil eða engin hætta sé á ofanflóðum í þéttbýlinu í Grundarfirði. Hættumatslína í Lægra Hellnafelli fellur saman við mörk hættumetins svæðis og er svæðið ofan hennar skilgreint sem svæði undir náttúrvá í þessu og fyrra aðalskipulagi.⁶¹

Ekki hefur verið unnið hættumat vegna ofanflóða fyrir allt sveitarfélagið þar sem hættumat er einungis unnið fyrir þéttbýli þar sem hætta er talin á ofanfalóðum og á skídasvæðum. Utan þess svæðis sem bráðabirgðahættumat nær til þarf að taka mið af heimildum um ofanflóð þó varast beri að draga of miklar ályktanir af slíkum heimildum, sérstaklega á óbyggðum og lítið byggðum svæðum. Ekki skal staðsetja byggingarreiti á svæðum þar sem vitað er að tjón hafi orðið af völdum ofanflóða eða þar sem líklegt má telja að ofanflóð geti fallið, nema fyrir liggi hættumat sem heimilar slíkt sbr. reglugerð nr. 502/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Samkvæmt bókum Ólafs Jónssonar um skriðuföll og snjóflóð á Íslandi er lítið um ofanflóð í Grundarfirði nema á veginum um Búlandshöfða en þar virðist vera nokkur hætta.⁶²



Svæði þar sem hækkandi sjávarstaða gæti valdið aukinni flóðahættu.

Getið er um að skriða hafi fallið nærri Setbergi ásamt ótilgreindum stað í Grundarfirði árið 1958 og að árið 1982 hafi skriða fallið á veginn til Helgafellssveitar. Ekkert snjóflóð er tilgreint nema í Búlandshöfða. Þess ber að geta að upplýsingarnar eru ekki tæmandi og oft getið um að flóð hafi fallið víða á Vesturlandi en nánari staðsetning ekki tilgreind. Við vinnslu fyrra aðalskipulags komu fram upplýsingar um flóð sem fallið hafa úr Hrísfelli í Framsveit. Hrísfell er fellsrani sem gengur norður úr Klakkinum. Meðal annars var getið um 200 metra breitt flekaflóð sem féll úr Hrísfelli í marsmánuði árið 1995. Þykktin á jökunum var 2 til 4 metrar og náði það flóð niður á jafnsléttu.

Í örnefnaskrá fyrir bæinn Kolgrafir segir að á smáhæðum, sem heita Hólar, ofan við núverandi bæ á Kolgröfum hafi gamli bærinn áður staðið. Þar hafi fallið á hann snjóflóð og hafi hann þá verið fluttur þangað sem húsið stendur nú.⁶³

60) Kristján Jónasson (1998).

61) Hörður Þór Sigurðsson og Þórður Arason (2006).

62) Ólafur Jónsson (1992).

63) Grundarfjarðarbær (2008b)

Flóð í ám og vötnum og hækkandi sjávarstaða

Samkvæmt skipulagsreglugerð er óheimilt er að byggja á þekktum flóðasvæðum við ár, vötn og sjó. Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við Siglingastofnun um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga.⁶⁴

Mikilvægt er að við skipulag á lágsvæðum sé tekið tillit til líklegrar hækkunar sjávarborðs vegna loftslagsbreytinga.⁶⁵

Önnur náttúrvá

Svæðið er utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og því eru stórir jarðskjálftar ekki líklegir. Það er hins vegar nálægt eldvirku svæði en hætta vegna gjósksufalls eða hraunflóða er þó talin lítil á svæðinu. Hvorki þessi né önnur náttúrvá hefur afgerandi áhrif á aðalskipulag svæðisins.

Landbrot

Talsvert landbrot er við Nýjubúð, Vatnabúðir, Skallabúðir, Eiði, Látravík (Víkurrif) og Kirkjufell (Melnes). Sjóvarnaáætlun Siglingastofnunar 2003-2006 gerir ráð fyrir byggingu garða til varnar mannvirkjum vegna ágangs sjávar. Sjóvarnargarðar hafa verið reistir við Skallabúðir, Nýjubúð og Vatnabúðir í samræmi við áætlunina. Fyrirhugaðir voru varnargarðar við Víkurrif og Melnes.



Markmið og leiðir

Stuðlað verði að öryggi íbúa og ferðalanga.

- Tekið verði tillit til náttúrvá, þ.m.t. flóða, og fárviðris, við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun.
- Í deiliskipulagi skal gólfkóti ákveðinn með hliðsjón af nýjustu upplýsingum um hækkandi sjávarstöðu á líklegum líftíma mannvirkjanna.

64) Sigurður Sigurðarson (2018)

65) Veðurstofa Íslands (2018).



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Varúðarsvæði og náttúruvá (NV)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Náttúruvá og önnur hætta fyrir heilsu og öryggi almennings svo sem vegna mengandi atvinnustarfsemi. Helstu einkenni náttúruvár, þ.m.t. ofanflóð, flóð frá sjó, ám og vötnum, jarðskjálftar og eldvirkni. Eðli hættu eða mengunar sem starfsemi getur valdið, svo sem frá álverum, vindrafstöðvum og olíubirgðastöðvum. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð, t.d. vegna ofanflóða. Takmarkanir og reglur sem gilda um landnotkun og mannvirkjagerð. Svæði sem eru í hættu vegna hækkandi sjávarstöðu.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
NV-1	Lægra Hellnafell Hættusvæði vegna ofanflóða skv. Bráðabirgðahættumati frá 1998.	5,1	Engin mannvirkjagerð er heimil á svæðinu.



6. Atvinna

Meginútgangspunktar

- Aðgengileg, vel skipulögð og aðlaðandi atvinnusvæði eru mikilvæg svo að atvinnulíf fái þrifist sem best. Þróun atvinnulífs í Grundarfirði er lýst í kafla 2.3 en hér eru dregin fram atriði sem varða skipulag m.t.t. atvinnustarfsemi.
- Fyrir sjávarútveg, lykilatvinnugrein Grundfirðinga, skipta góðar aðstæður á hafnarsvæði, auk öruggra umferðartenginga miklu máli. Sama á við um aðra iðnaðar- og athafnastarfsemi á nærliggjandi svæðum sem gjarnan þjónustar sjávarútveginn með einum eða öðrum hætti.
- Vaxandi ferðaþjónusta kallar á rými fyrir gisti- og veitingaþjónustu eða sveigjanleika til að þróa slíka starfsemi, einkum í eða næst miðbæ. Heimagisting og íbúðagisting hefur aukist á liðnum árum og kallar á skipulagsstefnu um gististaði á íbúðarsvæðum í þéttbýli. Til að styðja við ferðaþjónustu er mikilvægt að gera möguleika til útivistar og afþreyingar sem besta. Í því samhengi þarf að huga að sampili á milli hafnarstarfsemi og ferðaþjónustu, bæði hvað varðar móttöku skemmtiferðaskipa og möguleika til að fylgjast með athafnalífi og lífríki við höfnina og njóta útsýnis til sjávar og fjalla. Sjá einnig kafla 8 um rammahluta aðalskipulags.


- Gera verður ráð fyrir að ýmiss konar þjónusta við bæjarbúa geti einnig vaxið, s.s. Stoðþjónusta við megin atvinnugreinar og ýmiss konar skapandi greinar. Um skipulag þéttbýlisins m.t.t. samfélagsþjónustu og menningarstarfsemi er fjallað í köflum 4.2 og 8.1.
- Eftirsóknarvert er að landbúnaður viðhaldist í dreifþýlinu. Skipulag sem veitir möguleika til frekari meðhöndlunar og vinnslu landbúnaðarvara og margvíslegra aukabúgreina getur stutt við það.

Meginmarkmið

Kröftugur Grundarfjörður, þar sem sjávarútvegur blómstrar, ferðaþjónusta og önnur þjónusta dafnar og landbúnaður lifir

Út frá framangreindum útgangspunktum er sett fram það meginmarkmið að atvinnulíf í Grundarfirði verði kröftugt.

Í eftirfarandi köflum er sett fram stefna sem ætlað er að stuðla að því.



6.1 ATHAFNALÍF

Framtíðarsýn: Kjöraðstæður fyrir kröftugt athafnalíf

Forsendur

Hafnarsvæði

- Allt frá því þorpsmyndun hófst, samhliða uppbyggingu hafnarinnar, á fyrri hluta síðustu aldar hefur hafnarsvæðið verið aðalathafnasvæði Grundarfjarðar og þjónusta hafnarinnar mikilvæg forsenda sjávarútvegs á svæðinu.
- Hafnarsvæðið er í hjarta þéttbýlisins og í nánum tengslum við miðbæ og íbúðarbyggð. Mikilvægt er að samspil þess við önnur svæði sé gott og einnig innra skipulag þess. Um skipulag hafnarsvæðisins og forsendur þess er því fjallað sérstaklega í rammahluta aðalskipulagstillögunnar, sjá kafla 8.2.
- Horfið er frá því að hafa skilgreinda hafnaraðstöðu í vestanverðum Kolgrafafirði í þessu skipulagi, en í fyrra aðalskipulagi var skilgreind aðstaða til að lenda bát í tengslum við áform um kræklingaeldi í Kolgrafafirði.

Iðnaðar- og athafnasvæði

- Athafnasvæði er fremst á Framnesi í beinu framhaldi af höfn. Í fyrra aðalskipulagi var það skilgreint sem iðnaðarsvæði en núverandi starfsemi á því fellur betur að landnotkunarflokknum athafnasvæði, skv. skipulagsreglugerð frá 2013.
- Á athafnasvæðum er m.a. gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttum iðnaði og hreinlegum verkstæðum. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.



Möguleg próunarsvæði fyrir atvinnuhúsnaði og stofnanir.

- Á Framnesi hefur á síðastliðnum árum þróast veitinga- og gistiþjónusta og svæðið býður upp á áhugaverða möguleika til frekari þróunar ferðaþjónustu.
- Svæðið er því eitt af þróunarsvæðum bæjarins og þess vegna tekið fyrir í rammahluta aðalskipulagstillögunnar, sjá kafla 8.3.
- Nýlokið er stækkun fiskvinnsluhúss G.Run. hf. við Sólverli 2, í samræmi við deiliskipulag fyrir Sólvallareit. Starfsemin samrýmist breytingum á reitnum úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði. Sjá nánar kafla 8.3.
- Auk iðnaðarsvæðis á Framnesi var í fyrra aðalskipulagi skilgreint iðnaðarsvæði vestan Kvernár þar sem gert var ráð fyrir athafna- og iðnaðarstarfsemi auk steypustöðvar sem þar var fyrir. Starfsemi og skipulag á svæðinu skyldi lúta ströngum kröfum um frágang enda er svæðið staðsett við aðkomu að þéttbýlinu. Á svæðinu er í

dag, auk steypustöðvarinnar, iðnaðarhúsnæði á þremur lóðum og gámastöð með móttöku sorps til flokkunar fyrir íbúa.

- Vestan iðnaðarsvæðisins við Kverná er efnistökusvæði í Lambakróarholti, en hluti þess svæðis eins og það var skilgreint í fyrra aðalskipulagi er nú skilgreint sem iðnaðarsvæði og áförmáð að ganga frá því til slíkrar nýtingar.
- Nokkru sunnan við iðnaðarsvæðið var skilgreint iðnaðarsvæði fyrir aðveitustöð með breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi árið 2015.
- Í fyrra aðalskipulagi var gert ráð fyrir tveimur iðnaðarsvæðum í dreifbýli. Annað iðnaðarsvæðið er á Berserkseyri þar sem ráðgert var að virkja jarðhitavatn í Berserkseyrarodda og hitt í Hraunsfirði, en hafbeit og seiðaeldi hafði áður verið stundað á svæðinu. Aðalskipulag dreifbýlis heimilaði áfram slíka starfsemi, en á hvorugu svæðinu fóru framkvæmdir eða starfsemi af stað.
- Rannsóknir á Berserkseyri leiddu í ljós að virkjun jarðhita þar væri óhagstæð og ekki liggr fyrir hvert framhald verður á uppbyggingu hitaveitu í Grundarfirði. Engu að síður er talin ástæða til að gera ráð fyrir framkvæmdum og jafnvél starfsemi tengdri virkjun jarðhitavatns í landi Berserkseyrar og er svæðið því skilgreint áfram sem iðnaðarsvæði.
- Í Hraunsfirði hafa landeigendur ekki áform um að nýta iðnaðarsvæði áfram og er það því fellt út eftir þeirra óskum. Gert er ráð fyrir hreinsun svæðisins.
- Samkvæmt skipulagsreglugerð falla veitustöðvar undir iðnaðarsvæði og er veitustöð rafveitu í Grundarfirði því skilgreind sem slík.
- Veitustöð vatnsveitu er innan brunnsvæðis og er fjallað um vatnsból og vatnsvernd í kafla 5.2 og um veitukerfi í kafla 7.4.

Markmið og leiðir

Fylgt verði eftir stefnu svæðisskipulags Snæfellsness um að svæðið sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.

Svigrúm verði til aukinnar hafnsækinnar starfsemi sem verði þjónað sem best, m.a. með því að umferðarleiðir til og frá Grundarfjarðarhöfn verði greiðar og öruggar og miðbær, hafnarsvæði og íbúðarsvæði spili vel saman.

- Sjá nánar í kafla 8.2.
- Hafnarsvæði í vestanverðum Kolgrafafirði, skv. fyrra aðalskipulagi, er fellt út.

Framnesið styrkist sem svæði fyrir ferðabjónustu í bland við hreinlega athafnastarfsemi, fái skýra og fallega bæjarmynd í nánum tengslum við haf og strönd, í góðri samfelli við miðbær og hafnarsvæði.

- Sjá nánar í kafla 8.3.

Iðnaðar- og athafnastarfsemi verði beint í þéttbýli nema þeirri sem beint tengist búskap eða nýtingu staðbundinna auðlinda.

- Gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði í dreifbýli fyrir starfsemi sem tengist virkjun jarðhitavatns í landi Berserkseyrar.
- Ekki er lengur gert ráð fyrir iðnaðarsvæði í Hraunsfirði.
- Um starfsemi sem heimil er á landbúnaðarsvæðum er fjallað í kafla 6.4.
- Lögð er áhersla á góðar tengingar iðnaðar- og athafnasvæða í þéttbýli við höfn og hafnarsvæði.



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Sjá skilmála fyrir hafnarsvæði H-1 og H-2 í kafla 8.2.

Sjá skilmála fyrir athafnasvæði AT-1 í kafla 8.3.

Iðnaðarsvæði (I)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Undir þennan landnotkunarflokk falla svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
I-1	Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár Svæðið samanstendur af iðnaðarsvæði skv. tveimur samþykktum deiliskipulagsáætlunum, auk stækkunar svæðisins. Annars vegar er iðnaðar- og athafnasvæði, sunnan þjóðvegar 57, vestan Kvernár samþykkt 1. júlí 1999. Hins vegar er deiliskipulag fyrir aðveitustöð birt í B-deild Stjórnartíðinda 28. ágúst 2015, sbr. breytingu á aðalskipulagi birt 7. ágúst 2015. Á svæðinu er einnig gámastöð til flokkunar úrgangs.	12,1	Sameinuð eru tvö iðnaðarsvæði (iðnaðar- og athafnasvæði við Kverná) skv. fyrra aðalskipulagi og deiliskipulagi frá 1999 og (að)veitustöð) skv. aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi 2015. Svæðið er auk þess stækkað, frá núverandi iðnaðarsvæði við Kverná og upp að aðveitustöð, auk þess sem það nær nú að efnistökusvæðinu E-3 að vestanverðu. Á svæðinu sunnanverðu er heimilt að starfrækja aðveitustöð rafveitu í samræmi við ákvæði deiliskipulags sem samþykkt var 9.7.2015. Einnig gámastöð til flokkunar og skila á endurnýtanlegum úrgangi. Svæðið er ætlað fyrir iðnaðar-, þjónustu-, og/eða geymsluhúsnaði. Þó er ekki gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft mengun í för með sér, s.s. stórum verksmiðjum, virkjunum, skólpdælu- og hreinsistöðum og birgðastöðum fyrir mengandi varning. Skipulags- og umhverfisnefnd getur metið umsóknir m.t.t. landnotkunar úthlutaðra lóða. Telji nefndin að fyrirhuguð starfsemi fari ekki saman við starfsemi aðliggjandi lóða, getur hún hafnað umsókninni eða bent á aðra lóð. Sjá nánar ákvæði gildandi deiliskipulags samþykkt 1.7.1999. Vestan svæðisins er fyrirhuguð efnistaka og er sá hluti því skilgreindur sem efnistökusvæði E-12, sjá kafla 5.3. Efnistökusvæðið er stækkað til suðurs frá því sem var í fyrra aðalskipulagi en áformáð að ganga frá fullnýttum hluta efnistökusvæðisins, norðanvert og fellur það því út sem hluti efnistökusvæðisins. Sá hluti verður nýttur fyrir iðnaðarlóðir.
I-2	Virkjunarsvæði við Berserkseyri	6,3	Gert er ráð fyrir að á Berserkseyri geti risið dælu- og stjórnstöð og borholuhús.

6.2 VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Framtíðarsýn: Möguleikar fyrir vaxandi verslun og þjónustu

Forsendur

Tegund og staðsetning

Þó svo verslunar- og þjónustustarfsemi sé ekki umfangsmikill hluti af atvinnulífi Grundarfjarðar þá skiptir hún miklu máli fyrir búsetugæði. Því er mikilvægt að búa í haginn fyrir þess konar starfsemi þannig að hún geti dafnað eins og markaðsaðstæður leyfa. Hér er fyrst og fremst átt við einkarekna þjónustu við íbúa, gesti og atvinnulíf en um samfélagsþjónustu og menningarstofnanir er fjallað í kafla 4.2.

Verslun og þjónusta

Verslun og þjónusta innan sveitarfélagsins er að nær öllu leyti í miðbæ Grundarfjarðar, ef frá eru talin tvö fyrirtæki staðsett á reit ÍB-3, og stofnanir eins og skólar, dvalarheimili, kirkja og bæjarskrifstofur, sbr. kafla 4.2. Hefðbundin miðbæjarstarfsemi er vel staðsett í miðju bæjarins þaðan sem hæfileg göngufjarlægð er í öll hverfi. Miðbærinn er jafnframt beint upp af höfn og liggar að athafnasvæðinu á Framnesi sem hvorutveggja býður upp á áhugaverð tengsl. Í miðbænum er gott svigrúm til þéttigar með tíð og tíma. Auk þess að tryggja rými fyrir nýja verslunar- og þjónustustarfsemi er þar lögð áhersla á að gera miðbæinn aðlaðandi sem samkomustað íbúa og móttökustað gesta. Á Framnesi eru enn fremur möguleikar fyrir uppbyggingu ýmiss konar þjónustu.



Markmið og leiðir

- Miðbærinn verði styrktur sem „segull“ og andlit bæjarins.
 - Sjá leiðir í kafla 8.1.
- Framnesið styrkist sem svæði fyrir ferðaþjónustu og aðra þjónustu í bland við hreinlega athafnastarfsemi.
 - Sjá leiðir í kafla 8.3.
- Á landbúnaðarsvæðum verði heimilt að reka þjónustu sem aukabúgrein.
 - Sjá nánar kafla 6.4.

6.3 FERÐAÐJÓNUSTA

Framtíðarsýn: Fjölbreytt ferðaþjónusta til framtíðar

Forsendur

Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er bæði í þéttbýli og dreifbýli Grundarfjarðar. Þar er um að ræða gistingu og ýmiss konar afþreyingu en jafnframt nýta ferðamenn aðra þjónustu sem síður er talin til ferðaþjónustu eins og veitingarekstur, verslun og sundlaug. Fjölgun ferðamanna á Snæfellsnesi hefur verið veruleg á liðnum árum sem án efa hefur bætt rekstrargrundvöll þjónustufyrirtækja. Þess er vænst að ferðamönnum til Íslands haldi áfram að fjölga og að Snæfellsnes haldi hlutdeild sinni, sbr. kafla 2 um stöðu og þróun.



Fjöldi ferðafólks sem heimsækir Kirkjufellssvæðið fer ört vaxandi og ekki virðist neitt látt á. Landeigendur og Grundarfjarðarbær hafa tekið höndum saman um að skipuleggja áfangastað á Kirkjufellssvæðinu með það að markmiði að stýra umferð ferðamanna, vernda náttúru á svæðinu og dreifa álagi og um leið nýta það sóknarfæri sem aðráttarafl Kirkjufells felur í sér. Mikilvægt er að byggja upp áhugaverða áfangastaði tengda Kirkjufellinu og tryggja öryggi þeirra sem heimsækja svæðið og vilja njóta þess að upplifa einstaka náttúrufegurð þess Vinsældir Kirkjufells sem áfangastaðar má færa sér ennfrekar í nyt með því að tengja hann betur við þéttbýlið og bjóða þar upp á áningarstað með öðru sjónarhorni á fjallið, sbr. kafla 8.3 í rammahluta þessarar aðalskipulagstillögu.

Í flestum tilvikum fellur ferðaþjónusta í þéttbýli í sama landnotkunarflokk og önnur þjónusta, samkvæmt skipulagsreglugerð, þ.e. í flokkana verslun og þjónustu og miðsvæði og er stefna fyrir þá sett fram í kafla 8 um rammahluta aðalskipulags. Í dreifbýli fellur ferðaþjónusta ýmist undir landbúnaðarsvæði, verslun og þjónustu eða afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Gististaðir í þéttbýli

Fjölbreytni gististaða hefur aukist á liðnum árum, m.a. með tilkomu vefþjónustu þar sem leigusalar geta skráð gististaði án mikillar fyrirhafnar og ferðamenn bóka sjálfir sína gistingu. Þetta hefur leitt til meiri fjölbreytni gististaða. Í þéttbýli Grundarfjarðar eru þannig í boði hótel, farfuglaheimili, gistihús, íbúðagisting og heimagisting. Fjölgun síðasttöldu gististaðanna hefur þýtt að gistibjónusta er ekki lengur einungis miðsvæðis og í þar til gerðu þjónustuhúsnaði, heldur einnig í íbúðarhúsnaði í íbúðarhverfum.

Samkvæmt samantekt Grundarfjarðarbæjar vorið 2017 má áætla að samþykkt hafi verið rekstrarleyfi gististaða fyrir 4-5% íbúða í þéttbýli Grundarfjarðar.⁶⁶ Áhyggjur vegna þessarar þróunar hafa komið fram hjá bæjaryfirvöldum og íbúum í Grundarfirði líkt og víða annarsstaðar.⁶⁷ Almennt snúast áhyggjur af fjölgun gistirýma í íbúðarbyggð um eftirfarandi:

- Áhrif á húsnæðismarkað, vegna minna framboðs á íbúðum fyrir nýja íbúa, skólafolk eða þau sem eru að stofna heimili.
- Áhrif á hefðbundinn hótel- og gistihúsarekstur.
- Áhrif á hljóðvist, umferðaröryggi og aðgengi að bílastæðum, vegna aukinnar bílaumferðar eða komu og brottfara um kvöld og nætur.
- Áhrif á anda og samfélag hverfis, vegna ókunnugra tímabundinna „íbúa“ og vegna þess að húsráðandi er ekki á staðnum.

Á móti hefur verið bent á eftirfarandi jákvæð áhrif:

- Möguleiki fyrir íbúa til að afla tekna af húseign sinni og að viðhalda henni.
- Jákvæð áhrif á aðra þjónustu, s.s. verslun, veitingarekstur og þvotta- og hreingerningaþjónustu.
- Meiri möguleikar til að takast á við sveiflur í ferðamannafjölda og minni líkur á offjárfestingu vegna ferðapjónustu, s.s. með byggingu hótel/gistiheimila.
- Getur leitt til hækkunar íbúðaverðs og þrýst á byggingu nýs íbúðarhúsnæðis.

Til að takast á við þessar aðstæður þykir ástæða til að marka stefnu í aðalskipulagi um gististaði innan íbúðarsvæða sem miðar að því að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum um leið og möguleiki er til að nýta þau tækifæri sem ferðamannafjöldinn býður til að styrkja efnahagslíf bæjarins.⁶⁸ Við þá stefnumótun ber að taka mið af lögum og reglum sem gilda um gistijónustu og skipulagsmál og er gerð grein fyrir þeim hér að neðan.



⁶⁶) Bærstjórn Grundarfjarðarbæjar (2017)

⁶⁷) Alta (2016b), American Planning Association (2015).

⁶⁸) Nicole Gurran & Peter Phibbs (2017), American Planning Association (2015).

Lagaumgjörð gistiþjónustu

Um gistiþjónustu gilda lög um veitingastaði, gistiði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingu nr. 67/2016 og tilheyrandi reglugerð. Lögin og reglugerðin miða m.a. að því að takmarka gistiði í íbúðarhverfum með því að krefjast skráningar og setja hámark á dagafjölda og tekjur vegna heimagistingar (þar sem gestgjafi/leigusali býr oftast sjálfur í íbúð) og með því að krefjast rekstrarleyfis fyrir aðra gistiði.

Samkvæmt framangreindri reglugerð eru gistiðir flokkaðir í eftirfarandi flokka og tegundir:

Flokkar gistiða:

- Flokkur I: Heimagisting.
- Flokkur II: Gistiðir án veitinga.
- Flokkar III og IV: Gistiðir með veitingum.



Tegundir gistiða skv. reglugerð:

- Hótel: Gestamóttaka allan sólarhringinn og veitingar.
- Stærra gistiheimili: 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga.
- Minna gistiheimili: 5 eða færri herbergi eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili.
- Gistiskáli: Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).
- Heimagisting: Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af. Aðeins er heimilt að leigja viðkomandi eignir út til 90 daga samanlagt á hverju almanaksári eða þar til samanlagðar tekjur af leigu eignanna ná fjárhæð sem kveðið er á um í 3. tl. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Gistirými heimagistingar getur verið íbúðarherbergi, íbúðarhúsnæði eða frístundahús sem samþykkt er af byggingaryfirvöldum. Ef leigð eru út fleiri en fimm herbergi eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga [stærra gistiheimili] í heimagistingu telst um gistið í flokki II að ræða þrátt fyrir að önnur skilyrði um heimagistingu séu uppfyllt.
- Íbúðir: Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma, þ.m.t. starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar. Falli útleiga íbúðar ekki undir heimagistingu telst íbúðin vera atvinnuhúsnæði og skal vera samþykkt af byggingarfulltrúa sem slík.
- Frístundahús: Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinna dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin.

Gististaðir m.t.t. skipulagsmála

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi marka stefnu um landnotkun með því að ákveða í hvaða landnotkunarflokk reglugerðarinnar hvert svæði eða reitur fellur. Þannig er ákveðið hvaða landnotkun er ráðandi á hverju svæði. Ef gert er ráð fyrir landnotkun á sama reit sem fellur undir fleiri en einn landnotkunarflokk þá skal sá flokkur tiltekinn fyrir reitinn sem er ríkjandi en umfang annarrar landnotkunar tilgreint í skilmálum. Sjá töflur undir kaflanum Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti hér aftar.

Samkvæmt reglugerðinni falla hótel, gistihús og gistiskálar undir landnotkunarflokkana miðsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu. Innan landnotkunarfloksins íbúðarbyggðar (ÍB) er heimilt að gera ráð fyrir nærbjónustu, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins. Þannig getur sveitarfélag heimilað í aðalskipulagi sínu að gistiheimili, stærri eða minni, séu á íbúðarsvæði, ef það telur að slíkur atvinnurekstur sé minniháttar og samrýmist viðkomandi búsetu, sbr. gr. 4.3.1 og gr. 6.2 í skipulagsreglugerð.



Möguleg nálgun við stýringu á umfangi gististaða í íbúðarhúsnæði

Ef litið er til íslenskra⁶⁹ og erlendra⁷⁰ fordæma um stýringu gististaða út frá skipulagi þá hafa verið farnar eftirfarandi leiðir:

- Heimagisting í flokki I heimil á íbúðarsvæðum (hámark 5 herbergi eða 10 gestir), en ekki heimild fyrir nýrrí og umfangsmeiri gistingu á íbúðarsvæðum, nema þar sem hún hefur nú þegar fengið leyfi. Gististaðir í flokki I, II og III heimilir á miðsvæði.
- Takmarkanir eftir landnotkunarflokkum og staðsetningu: Sem dæmi: Gististaðir í flokki II einungis heimilir á miðsvæðum og á skilgreindum aðalgötum og kjörnum innan íbúðarbyggðar. Markmiðið er að beina nýjum gististöðum (í flokki II og III) á valin svæði innan íbúðarbyggðar, þar sem starfsemin skapar minnst ónæði, og stemma þannig stigu við fjölgun stærri gististaða innan rótgróinna íbúðarhverfa og við friðsælar húsagötur. Heimagisting (flokkur I) er þó almennt heimil innan íbúðarbyggðar.
- Almennt bann við gististöðum í íbúðarhúsnæði.
- Hámark á fjölda íbúða sem hver leigusali getur leigt út.
- Takmörkun útleigu við tilteknar húsagerðir.
- Reglur varðandi hljóðvist, bílastæði og sorphirðu.

Gististaðir og frístundabyggð í dreifbýli

Í dreifbýli er gistiþjónusta aðallega í þar til gerðum orlofshúsum eða á býlum, en bændagisting samhlíða búskap er þó ekki algeng. Þróun ferðaþjónustu í dreifbýli, gisti- og veitingaþjónustu jafnt sem ýmiss konar afþreyingar, getur verið liður í að viðhalda byggð í dreifbýli. Því er gert ráð fyrir svigrúmi til að stunda slíka atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum samhlíða búskap, sjá nánar í kafla 6.4. Um svæði sem sérstaklega eru skilgreind fyrir frístundabyggð er fjallað í kafla 4.5.

69) Reykjavíkurborg (2018), Mýrdalshreppur (2016), Vestmannaeyjarbær (2018).

70) Airbnb (á.a.), American Planning Association (2015), Nicole Gurran & Peter Phibbs (2017).



Markmið og leiðir

Búið vel í haginn fyrir þróun ferðaþjónustu þannig að hún geti dafnað

- Gott vaxtarrými sé fyrir þróun gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónustu í kjarna þéttbýlis Grundarfjarðar, sjá stefnu fyrir Miðbæ og Framnes í kafla 8 um rammahluta aðalskipulags.
- Leitast verði við að fegra bæinn og bæta útvistarmöguleika til að auka aðráttarafl hans enn frekar, sjá kafla 4.3 og 4.4 um gönguvænan og um fallegan Grundarfjörð.
- Standa skal vörð um landslags- og náttúrusérkenni og menningararfleifð sem eru hluti af aðráttarafl sveitarfélagsins, sjá kafla 5 um umhverfi og auðlindir.
- Tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu verði efld sérstaklega með það fyrir augum að auka notkun á landbúnaðarafurðum af svæðinu, sjá einnig kafla 6.4 um landbúnaðarsvæði.

- Vönduðum og áhugaverðum áningarástöðum verði fjölgað í dreifbýli og í þéttbýlinu verði byggður upp áningarstaður þar sem njóta má útsýnis til Kirkjufells, sjá kafla 8 um rammahluta aðalskipulags.
- Gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði í landi Skerðingsstaða fyrir hótel og gistihýsi, sjá nánar í landnotkunartöflu hér aftar.

Gott svigrúm skapað fyrir gistiþjónustu um leið og friður í íbúðarhverfum verði tryggður

Heimagisting í flokki I er atvinnustarfsemi sem heimil er í þéttbýli og dreifbýli Grundarfjarðar, á íbúðarsvæðum (Íb) og svæðum fyrir frístundabyggð í samræmi við og á meðan í gildi eru ákvæði þar að lútandi í lögum og reglugerð um veitingastaði, gistiðaði og skemmtanahald.

- Mikilvægt er að mörk og skilyrði heimagistingar séu virt og að virkt eftirlit verði haft með starfseminni í samræmi við lög og reglugerð.

Gististaðir (án veitinga) í flokki II eru atvinnustarfsemi sem heimil er í íbúðarbyggð með eftifarandi skilyrðum:

- Að um sé að ræða minniháttar atvinnustarfsemi, sem í aðalskipulagi þessu telst vera gististaður án veitinga með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 4 eða færri herbergi eða rými er fyrir 8 einstaklinga eða færri. Heimild þessi nær því til eftifarandi tegunda gististaða: minni gistiheimila, gistiskála og íbúða, þó innan fyrrgreindra stærðarmarka sem taka mið af svipuðu umfangi (svipuðum fjölda) og búast má við sem hámarksfjölda í heimili.
- Að kröfur um bílastæði séu uppfylltar, sbr. kafla 7.1.
- Að um sé að ræða atvinnustarfsemi sem samrýmist viðkomandi búsetu, m.a. hvað varðar eftifarandi þætti:
 - Að starfsemin valdi sem minnstum óþægindum fyrir íbúa í nærliggjandi húsnaði, s.s. vegna bílaumferðar, hávaða, truflunar frá bílljósum, einkum ef gestir koma með rútum, umgengni á viðkvæmum tíma, s.s. vegna komu og brottfara um kvöld og nætur, eða annars ónæðis.
 - Að heilbrigðissjónarmið mæli því ekki í móti, s.s. fráveitumál, aðstaða til sorpgeymslu og sorphirðu, o.fl.
 - Að gististaðir séu starfræktir í húsnaði sem byggingaryfirvöld hafa samþykkt sem atvinnuhúsnaði til þeirra nota sem fyrirhuguð eru, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

- Breytt notkun íbúðarhúsnæðis, vegna gististarfssemi í flokki II (gististaðir án veitinga) og III (gististaðir með veitingum), getur verið háð samþykki meðeigenda í viðkomandi stigagangi í fjöleignarhúsi. Það veltur á ákvæðum fjöleignarhúsalaga og túlkun þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að heilu fjölbýlishúsin geti verið í útleigu nema á þeim reitum þar sem það er sérstaklega tilgreint.

Í þéttbýli er heimilt að hafa gististaði í flokki II, óháð stærð, og gististaði í flokki III og IV á miðsvæðum (M) og verslunar- og þjónustusvæðum (Vþ), auk þess á athafnasvæðum (AT) þar sem skipulagsákvæði heimila það sérstaklega. Leitast skal við að beina nýjum gististöðum (í flokki II, III og IV) í þéttbýli á þessi svæði.

Í dreifbýli eru gististaðir í flokki II og III, óháð stærð, heimilir á verslunar- og þjónustusvæðum (Vþ) skv. heimildum sem nánar er lýst í skipulagsákvæðum viðkomandi svæða. Um slíka gististaði á landbúnaðarsvæðum gilda stærðarreglur, sbr. kafla 6.4. Gististaðir í flokki IV eru heimilir á verslunar- og þjónustusvæðum (Vþ).

Gististaðir eru ekki heimilir á iðnaðarsvæðum og hafnarsvæðum. Á hafnarsvæði H1 er þó heimilt að reka hótel á ákveðinni lóð skv. nánari ákvæðum í kafla 8.2.

Framangreind ákvæði eru ekki afturvirk. Mögulegt er að endurnýja leyfi fyrir starfsemi sem var til staðar fyrir staðfestingu aðalskipulagsins [dags.], enda sé um sambærilega starfsemi að ræða í sama húsnaði og áður. Viðkomandi starfsemi er þó háð mati við endurnýjun/útgáfu leyfis, s.s. á grenndaráhrifum gististaðar á nærliggjandi byggð og út frá heilbrigðissjónarmiðum.



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Sjá skilmála fyrir miðsvæði M-1 í kafla 8.1.


Verslun og þjónusta (Vþ)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
Vþ-1	Skerðingsstaðir Áform eru um byggingu allt að 100 herbergja hótels og fimm stakstæðra gistihaus á jörðinni.	5,6	Heimilt er að reisa allt að 100 herbergja hótel og allt að 5 stakstæð gistihaus á svæðinu. Hótelid fellur undir B-flokk framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en í þeim flokki eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal meta hvort háðar skulu mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum. Unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið og umhverfismati þess. Tryggt verði í deiliskipulagi að byggingar falli vel að landslagi, hvað varðar hæð, form, efni og lit. Einnig verði þess gætt að mannvirkir falli vel að Kirkjufelli og sett verði fram sjónrænt áhrifamat í þeim tilgangi. Staðinn verði vörður um lífríki, tryggja aðgengi almennings meðfram vatnsbakka Lárváðals tryggt og tekið verðitilliti til fornleifa. Haft verði samráð við Vegagerðina vegna aðkomu að svæðinu og fjarlægðar frá vegi. Gerð verði grein fyrir fyrirkomulagi fráveit og umhverfisáhrifum þess. Áhrif bygginga og fyrirhugaðrar starfsemi Lárós verði metin og þau lágmörkuð.
Vþ-2	Pórdísarstaðir Byggðir hafa verið 5 gistskálar með gistiáhrifum fyrir 20 manns) sem fengið hafa rekstrarleyfi sem gistiðir. Landeigendur hafa áform um að byggja upp ferðaþjónustu á jörðinni á næstu árum, með uppbyggingu á smáhýsum, auk þess að reka þjónustuhús með veitingasölu.	31,6	Á svæðinu er heimilt að reisa gistríymi í smáhýsum eða lágreibustum byggingum fyrir allt að 200 gesti. Einnig þjónustu- og veitingahús fyrir allt að 100 gesti. Mannvirki skulu falla vel að landslagi og þeim byggingum sem fyrir eru.



Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálandi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
AF-1	Hellnafell Hluti jarðarinnar Hellnafells, vestan við ystu hús á Grundargötum. Svæðið er mjög vel sýnilegt frá þjóðveginum og ysta hluta íbúðarbyggðarinnar. Það er „hlíð“ að bænum í vestri og liggur leiðin inn í þéttbýlið þar fram hjá. Vegfarendur sem þar fara um hafa góða yfirsýn yfir svæðið.	4,8	<p>Svæðinu er breytt úr landbúnaðarsvæði. Heimilt er að vera með léttu ferðapjónustu og afþreyingarstarfsemi á svæðinu.</p> <p>Öll umgengni skal vera til fyrirmynnar og snyrtilega gengið um svæðið, sem er mjög vel sýnilegt við innkomuna í þéttbýlið.</p> <p>Staðinn verði vörður um lífríki og landslag í fjörum og gönguleið meðfram strönd verði tryggð.</p> <p>Skipulags- og umhverfisnefnd getur metið umsóknir m.t.t. landnotkunar á svæðinu og með tilliti til nærliggjandi íbúðarhverfis. Telji nefndin að fyrirhuguð starfsemi fari ekki saman við starfsemi sem fyrir er eða nærliggjandi íbúðarbyggð, getur hún hafnað umsókninni eða bent á aðra lóð.</p>
AF-2	Tjaldsvæði Á svæðinu er starfrækt tjaldsvæði fyrir almenning. Þjónustuhús eru á svæðinu. Svæðið er einnig útvistarsvæði og í mikilli nálægð við tvö íþróttasvæði bæjarins, íþróttahús og grunnskóla.	2,3	<p>Tjaldsvæði og útvistarsvæði. Á svæðinu má byggja eða staðsetja látlusar byggingar sem auðvelt er að fjarlægja ef not svæðisins breytast. Dæmi væru þjónustuhús fyrir gesti tjaldsvæðis, sorpgeymslur og fleira í þeim dúr.</p> <p>Gæta skal að umhverfi og öllu raski skal haldið í lágmarki. Snyrtilega skal gengið um svæðið.</p>

6.4 LANDBÚNAÐUR

Framtíðarsýn: Lifandi landbúnaður í fallegrí sveit

Forsendur

Búrekstur


- Hefðbundinn landbúnaður hefur dregist verulega saman á síðustu árum og áratugum, eins og fram kemur í kafla 2.3.3.
- Íbúafjölgun sem fyrra aðalskipulag gerði ráð fyrir í dreifbýli hefur ekki gengið eftir og óraunhæft er að ætla að á skipulagstímabilinu verði mikil fjölgun íbúa í dreifbýlinu.
- Góð grunnkerfi, vegir og ekki síst fjarskiptasamband og tengingar, eru forsenda fyrir búrekstri og þróun annarrar atvinnustarfsemi í dreifbýli.
- Jarðirnar sem búið er á, þ.m.t. lögbýli, eru flestar í Framsveit og Útsveit.

Landbúnaðarland

- Í fyrra aðalskipulagi voru ræktuð svæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði en annað land sem nýtt er til landbúnaðar, s.s. til beitar, var skilgreint sem óbyggð svæði. Í gildandi skipulagsreglugerð eru landbúnaðarsvæði skilgreind sem „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfenað, matvæla- og fóðurframleiðslu.“ Afmarka þarf landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi út frá þessari skilgreiningu skipulagsreglugerðar, sem snýst um hvar leyfa skal mannvirkjagerð en hefur engin áhrif á mörk jarða, eignarhald eða rétt til farar almennings um land. Um rétt almennings til farar um landið fer skv. 17. gr. laga um náttúruvernd og eignarland er skilgreint í 1. gr.

laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, þar sem segir: „Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Skilgreining á mörkum landbúnaðarsvæða í aðalskipulagi er á grundvelli skipulagsлага og skipulagsreglugerðar og snýr að landnotkun og mannvirkjagerð en ekki öðrum rétti eða skyldum.

- Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015-2026 skal skipulag landnotkunar stuðla að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Þar er því beint til sveitarfélaga að byggja skipulagsákvárdanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Slík flokkun hefur ekki verið gerð fyrir Grundarfjörð en reiknað er með að hún verði gerð þegar fyrir liggja leiðbeiningar um flokkun, sem samkvæmt Landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að verði unnar á vegum umhverfis- og



Ræktuð tún í sveitarfélagini. Byggt á gögnum frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

auðlindaráðuneytis, í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Bændasamtök Íslands.

- Í Landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Einnig að val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útvistar.

Aukabúgreinar

- Ferðaþjónusta (með skráð rekstrarleyfi gististaðar) er algengasta aukabúgreinin sem stunduð er samhliða hefðbundnum búskap í dreifbýli.
- Á tveimur jörðum er ferðaþjónusta stunduð auk búskapar (kúabú og bú með >100 fjár) og á þremur jörðum til viðbótar er ferðaþjónusta starfrækt þar sem skráð er <100 fjár, auk hrossa. Í öllum tilvikum er um gistibjónustu að ræða. Á a.m.k. þremur þessara staða eru hestaferðir í boði fyrir ferðafólk.
- Ferðaþjónusta án tengsla við búskap er stunduð á fimm jörðum í dreifbýli (2018). Samkvæmt svörum landeigenda við fyrirspurn Grundarfjarðarbæjar eru ýmis áform um frekari uppbyggingu ferðaþjónustu sem tekið er mið af við móturn stefnu í þessari aðalskipulagstillögu.⁷¹

71) Grundarfjarðarbær sendi bréf til eigenda jarða og landa í dreifbýli og ábúenda, dags. 10. nóvember 2017 þar sem leitað var svara við spurningum tengdum endurskoðun aðalskipulags, hvað varðaði dreifbýlið.

Stök frístundahús

- Stök frístundahús eru á nokkrum bújörðum. Fyrra aðalskipulag gerði ráð fyrir allt að fimm sumarhúsum á hverri jörð innan skilgreinds svæðis fyrir landbúnaðarnotkun.
- Þar sem fleiri bústaðir mynda hverfi þarf að afmarka svæði fyrir frístundabyggð. Um þau svæði er fjallað í kafla 4.5.
- Rekstur gististaða er óheimill í frístundabyggð, en útleiga er heimil á verslunar- og þjónustusvæðum og í stökum frístundahúsum á landbúnaðarlandi.

Nytjaskógar og önnur skógrækt í dreifbýli

- Skógrækt undir hatti verkefnisins nytjaskógrækt á lögbýlum⁷² hjá Skógræktinni (áður Vesturlandsskógum) er stunduð samkvæmt samningi á einni jörð, Suður-Bár.
- Samkvæmt svörum landeigenda⁷³ eru áform um skógrækt á nokkrum jörðum og tekur stefnumótun fyrir landbúnaðarsvæði mið af því.
- Skjólbeltaráekt er stunduð á nokkrum jörðum, á grunni samkomulags við Skógræktina.
- Á vegum Skógræktarfélags Eyrarsveitar hefur verið ræktaður reitur í landi Eiðis í suðvestanverðum Kolgrafafirði, auk þess sem félagið hefur ræktað á svæði sunnan og vestan þéttbýlisins. Sú skógrækt miðar að því að rækta áhugaverða útvistarskóga og er fjallað um skógrækt í þéttbýlinu í kafla 4.3 en stefna um skógrækt í dreifbýli er sett fram í þessum kafla þar sem hún fer fram á svæðum sem skilgreind eru sem landbúnaðarsvæði.

72) Skógræktin (á.á.).

73) Fyrrgreint bréf Grundarfjarðarbæjar með spurningum til eigenda jarða og landa, og ábúenda.

Markmið og leiðir

Landbúnaður, ferðaþjónusta og útvist sé ráðandi landnýting í dreifbýli

- Allt land í dreifbýli neðan 200 m h.y.s. sem ekki er skilgreint í aðra landnotkunarflokkum er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Mörkin eru dregin með hliðsjón af landslagi og staðháttum sem ríkjandi eru í Eyrarsveit, en land ofan þeirrar hæðarlínu er fjalllendi sem býður ekki upp á mannvirkjagerð. Eftir sem áður eru hefðbundin landbúnaðarnot, s.s. beit, heimil ofan 200 m. Mörkin eru mun rýmri en í fyrra aðalskipulagi þar sem einungis ræktað land féll undir landbúnaðarland. Á nokkrum stöðum eru mörkin dregin neðar þar sem eðlilegra þykir að landnotkun falli undir óbyggð svæði vegna landslags eða náttúrufars. Það á t.d. við um svæði í kringum Kirkjufell, á Bárarhálsi, í Búlandshöfða og í Stöðinni.
- Markmiðum og leiðum sem á eftir koma er ætlað að stuðla að þessu markmiði.

Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar og matvælaframleiðslu verði varðveisitt

- Ræktuð svæði, svæði sem teljast auðræktanleg og góð beitarlönd skulu varðveisitt sem slík. Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi annað eftir því sem kostur er.
- Ef taka á þessi svæði undir annað en landbúnað skal gæta þess að slík hagnýting landbúnaðarlands hafi ekki óafturkræf áhrif og gera grein fyrir áhrifum hagnýtingarinnar á landbúnaðarframleiðslu, m.a. um hvar hægt er að rækta eða beita í staðinn áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin.

Sveigjanleiki verði til að stunda margvíslegar aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum

- Heimilt er að reka gististað með rýmum fyrir allt að 20 gesti á hverju lögbýli. Einnig allt að 5 litla (<20 m²) gistikofa (einingar) til ferðaþjónustu á lögbýli en fleiri bústaðir kalla á skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæðis. Stærri gistiheimili, hótel og þjónustubyggingar kalla sömuleiðis á skilgreiningu svæðis fyrir verslun og þjónustu.
- Á hverri jörð er heimilt að reisa allt að 5 stök frístundahús og allt að 2 stök íbúðarhús án beinna tengsla við búskap á jörðinni, án þess að breyta aðalskipulagi þessu, enda falli slík hús vel að þeirri byggð sem fyrir er á jörðinni og gangi ekki gegn annarri stefnu



Jarðir í sveitarfélaginu árið 2006 (Þjóðskrá Íslands, 2019) - kortið er til skýringar og sýnir ekki eignamarkálínur í lagalegum skilningi.

aðalskipulagsins, s.s. hvað varðar umhverfi, auðlindir, atvinnulíf og grunnkerfi, sbr. 5., 6. og 7. kafla. Ekki skal reisa byggingar nær aðliggjandi jörðum en 50 metra. Miða skal við jarðir eins og þær voru við upphaflega staðfestingu þessa aðalskipulags. Lóðir og landskikar sem áður tilheyrðu viðkomandi jörðum teljast hluti af jörðinni m.t.t. fjölda stakra íbúðarhúsa án tengsla við búskap og fristundahúsa sem eru heimil á hverri jörð. Kort Nytjalands hér að neðan af jörðum árið 2006 verði haft til viðmiðunar. Tekið skal fram að aðalskipulagið tekur ekki til jarðamarka, heldur eru þau til skýringar.

- Ný stök íbúðarhús án tengsla við búrekstur á viðkomandi jörð, skulu, eftir því sem við verður komið, nýta heimreið jarðarinna og vera í tengslum og samhengi við aðra byggð þannig að sorphirða og önnur tilskilin þjónsuta verði sem hagkvæmust. Markmiðið er að fjölga ekki tengingum við þjóðveg og að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varðar form, liti og efni. Um fristundahús á fristundabyggðarsvæðum er fjallað í kafla 4.5.
- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reka þúttvelli og minni tjaldsvæði, þar sem í boði er salernisaðstaða og kalt/heitt vatn, en ekki þjónusta sem vænta má að sé í boði á stærri tjaldsvæðum, s.s. rafmagn fyrir tjaldvagna og húsbíla. Slík stærri tjaldsvæði skulu rekin í þéttbýlinu eða á skilgreindum verslunar- og þjónustusvæðum.
- Heimarafstöðvar og smávirkjanir sem eru minni að afli en 200 kW eru heimilar á landbúnaðarsvæðum, á grundvelli deiliskipulags og framkvæmdaleyfis, en stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi með tilheyrandi málsmeðferð. Stærðarmörk fyrir smávirkjanir taka mið af því að virkjanir sem eru

með 200 kW afl eða meira eru tilkynningaskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

- Heimilt er að nýta jarðhita og vatnsból til eigin nota þar sem það er mögulegt, t.d. til upphitunar húsa, ferðaþjónustu eða almenns búreksturs.
- Heimilt er að reka ýmiss konar smáiðnað og framleiðslu á landbúnaðarsvæðum, einkum úr hráefni af svæðinu.
- Minniháttar fiskeldiss töðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu um verndun og landslag, sbr. kafla 5, ef þær eru með ársframleiðslu innan við 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu allt að 200 tonn og fráveitu til sjávar. Stærðarmörkin taka mið af því að fiskeldi fyrir ofan framangreind mörk er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Allt fiskeldi er starfsleyfisskylt.
- Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, eru heimil á landbúnaðarsvæðum, sjá einnig kafla 7.4.
- Forðast skal að skerða berjalönd og grasalönd. Við deiliskipulagsgerð og í gögnum með byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum skal gera grein fyrir berja- og grasalöndum á viðkomandi svæði og áhrifum skipulags og framkvæmda á þau.
- Svæði þar sem mögulegt er að nýta æðardún njóti verndar þannig að æðarrækt spillist ekki.
- Nytjaskógrækt, skjólbeltarækt og ræktun skóga til útvistar er heimil á landbúnaðarsvæðum, sbr. nánari stefnu hér aftar í kaflanum.
- Um veitu- og fjarskiptamannvirki í dreifbýli, sjá kafla 7.4.

Skógrækt og landgræðsla miði að því að bæta landgæði, binda kolefni, mynda skjól og bæta útvistaraðstöðu um leið og sköpuð er ný auðlind

- Langdgræðsla er heimil á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum.
- Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum, sbr. einnig hér framar, en almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á óbyggðum svæðum, ofan landbúnaðarsvæða.
- Við uppræðslu lands, skógrækt og skjólbeltagerð skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum, sbr. kafla 5.
- Við áætlanagerð um skógrækt skal gæta að eftirfarandi atriðum⁷⁴:
 - Stefnu í kafla 5 í þessu aðalskipulagi um landslag, lífríki, minjar og vatn.
 - Fyrirliggjandi upplýsingum um skráðar fornleifar og eyðibýli og áhrif skógræktar á þær minjar. Leita skal álits sérfróðra á verndargildi þeirra minja sem kunna að verða fyrir áhrifum og taka tillit til þeirra við skógræktina eftir því sem matið gefur tilefni til.
 - Hugsanlegum áhrifum skógræktarinnar á líffræðilega fjölbreytni, landslag, gróður, þ.m.t. berja- og grasalönd, landnotkun, vatnafar, veðurfar, dýralíf og jarðveg, m.v. fyrirliggjandi upplýsingar, s.s. þær upplýsingar sem eru í þessu aðalskipulagi og fáanlegar eru hjá viðeigandi stofnunum.
 - Nauðsynlegum tengdum framkvæmdum, s.s. vegagerð, girðingum, skurðum, áveitum eða öðrum mannvirkjum og áhrifum þeirra.
- Miða skal að því að vernda tún og svæði sem eru auðræktanleg fyrir fóður fyrir skepnur eða til manneldis. Einning svæði sem henta vel til beitar. Leitast skal við að beina skógrækt annað eftir því sem kostur er. Þó skal líta til jákvæðra áhrifa skjólbelta á ræktunarskilyrði, orkubúskap og umhverfi fyrir menn og skepnur. Ef taka á auðræktanleg svæði undir annað en tún, kornrækt eða beit þarf að gera grein fyrir áhrifum þess á landbúnaðarframleiðslu og hvar hægt sé að rækta eða beita í staðinn, áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin.
- Öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.
- Ekki er reiknað með skógrækt á Eyrarbotni og Hrafnkelsstaðabotni, sem liggja út frá skilgreindu hverfisverndarsvæði HV-3, sbr. kafla 5.1.
- Trjám sé ekki plantað innan helgunarsvæðis háspennulína og þess sé gætt að plönturnarái sér ekki innan þess. Miða skal við að fjarlægðin sé hæð fullvaxinna trjáa frá línumni margfölduð með 1,5. Aðgengi meðfram línumni til viðhalds og eftirlits verði tryggt.
- Skógrækt skal ekki fara fram nær friðlýstum fornminjum en 20 m, sbr. ákvæði þjóðminjalaga um friðhelgað svæði umhverfis þær. Miða skal við a.m.k. 10 m fjarlægð frá öðrum fornleifum. Gott aðgengi almennings að merkum minjum verði tryggt.
- Við hönnun skógræktarsvæða skal kappkosta að þau falli eins vel að landi og unnt er. Leggja ber áherslu á gróðursetningu innlendra trjátegunda við landbótakógrækt. Lögun skógarins sé í samræmi við landlínur og ríkjandi form í landslaginu. Leitast

74) Skógræktarinn og Skipulagsstofnun (2017)

sé við að skapa líkt mynstur og í náttúrulegri gróðurþekju landsins. Forðast skal að planta í beinar línur þvert á hæðarlínur. Forðast skal einsleitni og mikla andstöðu við opið landslag með því að milda skil við skógarjaðra með notkun á lágvaxnari tegundum og óreglulegri gróðursetningu þar sem mismunandi trjátegundir eru látnar skarast og blandast.

- Forðast skal að planta í myrlendi og þess skal gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða, sbr. einnig kafla 5.
- Ekki skal hindra aðgengi almennings að göngu- og reiðleiðum og ekki skal hindra för með ströndum og bökkum vatnsfalla og stöðuvatna. Gömlum þjóðleiðum skal haldið opnum.
- Forðast skal að rækta skóg í góðu berjalandi, sbr. einnig framar um vernd berja- og grasalands.
- Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna skógræktar sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum, en nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun og nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. 1. viðauka laganna. Með framkvæmdaleyfisumsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:
 - Undirrituð umsókn frá framkvæmdaraðila þar sem framkvæmdinni er lýst og upplýsingar um hvaða skipulagsáætlanir hafa verið lagðar til grundvallar.
 - Hnitsettur afstöðuuppráttur í tilgreindum mælikvarða (1:500-1:2000) af framkvæmdasvæðinu, næsta nágrenni og aðkomu að því.
 - Lýsing á svæðinu og ástandi þess.


- Hönnunargögn og lýsing á efnisvali, frágangi og áfangaskiptingu eftir atvikum.
- Upplýsingar um áætlaðan framkvæmdatíma.
- Skýringargögn, eftir því sem við getur átt, svo sem sneiðmyndir, útlitsmyndir, lýsing á efnisnotkun, vinnuaðferðum og frágangi, landmótun og plöntuvali.
- Samþykki annarra leyfisveitenda ef við á og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila ef þær hafa ekki legið fyrir við gerð gildandi skipulagsáætlana.

Staðið verði vel að efnistöku til eigin nota

- Efnistaka sem telst minniháttar og er ætluð til eigin nota eiganda eða umráðamanns eignarlands er heimil á landbúnaðarsvæðum, án sérstaks leyfis. Þessi verði gætt að hún valdi ekki neikvæðum áhrifum á lífríki, náttúru- og menningarminjar, landslag og útvistarsvæði. Gengið verði vel frá svæðum að efnistöku lokinni.
- Önnur efnistaka en til eigin nota skal fara fram á skilgreindum efnistökusvæðum, sjá kafla 5.3.

Uppbygging og landnýting í sveitum taki tillit til landslagseinkenna og gæða lands

- Haldið verði í einkenni óbyggðra svæða og staðinn verði vörður um um landslag, lífríki og minjar. Þýðingu þeirra og gildi fyrir útvist og endurnæringu í náttúrunni verði haldið á lofti. Sjá a.ö.l. kafla 5 um umhverfi og auðlindir.
- Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir skógrækt eða mannvirkjagerð.



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Sjá skilmála fyrir óbyggð svæði ÓB-1 og ÓB-2 í kafla 5.1.

Landbúnaðarsvæði (I)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
L-1	Landbúnaðarsvæði Allt land í dreifbýli neðan 200 m h.y.s. sem ekki er skilgreint í aðra landnotkunarflokkum er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.	5581,6	Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Heimilt er að gera ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og framkvæmdum sem búskapur og landbúnaðarnot jarðarinnar kalla á. Þá er heimilt að gera ráð fyrir mannvirkjagerð og framkvæmdum sem bjóna öðrum búgreinum eins og skógrækt og ferðapjónustu, í samræmi við stefnu aðalskipulagsins í þessum kafla og kafla 5. Staðinn verði vörður um lífríki og landslag í fjörum og gönguleið meðfram strönd verði tryggð.





7. Grunnkerfi

Meginútgangspunktar


- Til grunnkerfa teljast samgöngu-, veitu- og fjarskiptakerfi. Mikilvægt er að þau þjóni íbúum og atvinnustarfsemi sem best.
- Hafnarmannvirki þjóna útgerð og sjóflutningum, skemmtiferðaskipum, bátum sem sinna ferðaþjónustu og skemmtibátum einstaklinga, auk þess sem þjónustuaðilar nýta aðstöðu á höfninni. Höfnin er jafnframt aðráttarafl fyrir íbúa og gesti til að fylgjast með athafnalífi og lífríki og njóta útsýnis til sjávar og fjalla.
- Vegakerfi í dreifbýli hnýtir saman einstaka hluta sveitarfélagsins og tengir sveitarfélagið við önnur byggðarlög. Greiðfærni þess og öryggi skiptir því miklu máli fyrir aðgengi að þjónustu, mögulega sókn í vinnu utan sveitarfélags og fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu. Að sama skapi myndar gatnakerfi þéttbýlisins það net sem tryggir að greiðfært og öruggt sé fyrir íbúa, gesti og atvinnustarfsemi að fara um bæinn.
- Göngustígur/-leiðir þjóna bæði samgöngum og útvist og reiðstígur/-leiðir gefa möguleika á útreiðartúrum um lengri leiðir.
- Flugbrautir eða lendingarstaðir hafa þýðingu fyrir öryggi íbúa en veita líka möguleika í ferðaþjónustu.
- Fráveitukerfi þurfa að vera með þeim hætti að þau verndi almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps.
- Rafveitukerfi, öflug og örugg, eru grundvöllur að allri atvinnustarfsemi og daglegu lífi.
- Fjarskiptakerfi eru undirstaða nútímasamskipta fyrirtækja jafnt sem einstaklinga og gegna því mikilvægu hlutverki fyrir bæði atvinnulíf og lífsgæði íbúa.

Meginmarkmið

Hagkvæmur og öruggur Grundarfjörður

Út frá framangreindum meginútgangspunktum er sett fram það meginmarkmið að grunnkerfi sveitarfélagsins verði hagkvæm, skilvirk, örugg og umhverfisvæn eftir því sem kostur er.

Í eftirfarandi köflum er sett fram stefna sem ætlað er að stuðla að því.



7.1 VEGA- OG GATNAKERFI


Framtíðarsýn: Öruggar og greiðar ökuleiðir

Forsendur

Vegakerfi í dreifbýli

- Þjóðvegir skiptast í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Aðalskipulagið tekur til stofn- og tengivega en sett er almenn stefna fyrir aðra veginum (héraðsvegi, landsvegi, einkavegi, óskilgreinda veginum) og eru þeir sýndir á skipulagsuppráttum til skýringar. Sú stefna er til nánari útfærslu í deiliskipulagi og við hönnun á framkvæmdaleyfisstigi.
- Þjóðvegur nr. 54, Snæfellsnesvegur, er eini stofnvegur sveitarfélagsins og liggur eftir því endilöngu.
- Héraðsvegar í sveitarfélagini eru: Neðri-Láarvegur (nr. 5744), Krossnesvegur (nr. 5745), Mýravegur (nr. 5746), Kvernárvegur (nr. 5749), Kvíabryggjuvegur (nr. 5750), Hamravegur (nr. 5751), Framsveitarvegur (nr. 576), Vindásvegur (5752), Suður-Bárarvegur (5753), Hellnafellsvegur (5755), Vatnabúðavegur (5757), Skallabúðavegur (5758), Eiðisvegur (5760) og Kolgrafavegur (5761).⁷⁵
- Eini landsvegurinn innan sveitarfélagsins er bútur af Berserkjahraunsvegi (nr. 558) sem liggur við austurmörk sveitarfélagsins.
- Aðrir vegir í sveitarfélagini eru sveitarfélagavegir eða einkavegir. Þeir fyr nefndu eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.

- Í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um veginu í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd, skulu sveitarfélög, við gerð aðalskipulags, gera tillögu að skrá um veginu, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Tillaga að slíkri skrá hefur verð mótuð og er hún sett fram á stafrænu formi í vefsjá aðalskipulagstillögunnar, en kort og listi yfir vegina er einnig birt í viðauka aðalskipulagsgreinargerðar. Tillagan verður send til umsagnar Umhverfisstofnunar, Vegagerðinnar, Landgræðslu ríkisins, Landmælinga Íslands, viðeigandi samtaka útvistarfélag, náttúru- og umhverfisverndarsamtak, Bændasamtaka Íslands og Samtaka ferðaþjónustunnar, á auglýsingartíma aðalskipulagstillögu. Skráin verður síðan samþykkt samhlíða afgreiðslu aðalskipulagsins, að undangenginni umfjöllun um athugasemdir sem kunna að koma fram á umsagnar- og auglýsingatíma aðalskipulagstillögu.



75) Vegaskrá (2017).

Vegaflokkun LMÍ í Grundarfjarðarbæ.



Gatnakerfi í þéttbýli

- Grundargata, sem liggur þvert í gegnum bæinn, gognir bæði hlutverki stofnvegar í þjóðvegakerfinu og aðalgötu bæjarins. Um hana fer því bæði allur gegnumakstur og stór hluti innanbæjarumferðar. Mikilvægt er að tekið sé tillit til beggja hlutverka við útfærslu götunnar. Það þýðir t.d. að um leið og hugað er að greiðfærni og aðgengi að þjónustu þarf að passa upp á góð skilyrði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og að gatan sé örugg og aðlaðandi sem almenningsrými og andlit bæjarins.

- Aðrar megingötur í þéttbýlinu eru Borgarbraut og Hrannarstígur sem liggja annarsvegar niður á hafnarsvæðið og hins vegar upp að stofnanasvæðum í efri hluta bæjarins. Borgarbraut, Ölkelduvegur, Fellasneið og Fellabrekka mynda hringleið um efri hluta bæjarins til og frá Grundargötu. Í neðri hluta bæjarins mynda Borgarbraut/ Hrannarstígur, Nesvegur, Sólvellir og Sæból samsvarandi hring til og frá Grundargötu.
- Í fyrra aðalskipulagsáætlunum var gert ráð fyrir nýjum vegi fyrir þungaumferð neðan við bæinn um hafnarsvæði.
- Hrannarstígur, neðan Grundargötu, hefur verið tengibraut við hafnarsvæðið, en gert er ráð fyrir að Borgarbraut, neðan Grundargötu taki við því hlutverki vegna breyttra áhersla í miðbæ og nýrrar tengingar hafnarsvæða með framlengingu Nesvegar til suðurs.


Bílastæði

- Vel staðsett almenningsbílastæði í þéttbýli tryggja gott aðgengi að þjónustu og vinnustöðum. Þau geta ýmist verið á sérstökum þar til gerðum svæðum eða í götum. Í Grundarfirði er göturýmið viða það breitt að það rúmar bílastæði en þau eru ekki alltaf afmörkuð sem slík. Auk bílastæða í götum eru allmög svæði sem eru nýtt sem bílastæði. Mikilvægt er að skýrt sé hvað eru almenningsstæði og hvað eru stæði á einkalóðum.

Markmið og leiðir

Vegakerfi í dreifbýli sé vel viðhaldið, öruggt og greiðfært allan ársins hring

- Unnið verði að bættu öryggi á þjóðvegi nr. 54, meginhringleiðinni umhverfis Snæfellsnes sem jafnframt er hluti af grunnneti skv. Samgönguáætlun 2011–2022.
- Á sömu leið verði, í samvinnu við Vegagerðina, fjölgæð hentugum áningarástöðum og gerð þar útskot eða bílastæði. Þannig verði ferðamönnum auðveldað að staldra við á svæðinu um leið og önnur umferð getur flætt örugglega og óhindrað áfram.
- Haldið verði áfram með lagningu bundins slítlags á Framsveitarveg, frá Norður-Bár að Hallbjarnareyri.
- Gert er ráð fyrir að lokið verði við tengingu Framsveitarvegar við Snæfellsnesveg í Kolgrafafirði á skipulagstímabilinu.
- Á öðrum vegum sveitarfélagsins verði hugað að vegabótum með tilliti til uppbyggingar og þróunar í ferðapjónustu og landbúnaði.
- Á þemakorti hér til hliðar og í viðauka eru sýndir þjóðvegir og þeir aðrir vegir í sveitarfélagini sem sveitarfélagið gerir að tillögu sinni að séu skráðir í stafrænan kortagrunn Vegagerðarinnar yfir „vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil“, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007.



Flokun vega eftir greiðfærni, sjá nánar í viðauka.

Umferð vélknúinna ökutækja er heimil á þeim vegum (öðrum en þjóðvegum) í náttúru Íslands (sbr. reglugerð nr 260/2018) sem sýndir eru á þemakorti að ofan og listaðir eru í töflu í viðauka.

- Vegirnir eru flokkaðir eftir greiðfærni í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar.
- Skrána má skoða nánar í vefsjá aðalskipulagstillögunnar.

Gatnakerfi í þéttbýlinu verði öruggt og þjóni öllum fararmátum

- Áfram verði gert ráð fyrir nýrri tengibraut á landfyllingu á suðurhluta hafnarsvæðis, í þeim tilgangi að bæta aðgengi að hafnarsvæði sem fyrirhugað er að stækka og tengingu milli suður- og norðurhluta hafnarsvæðis, sem og til að léttá á þungaumferð af Grundargötu (Snæfellsnesvegi 54) í gegnum miðbæinn. Gert er ráð fyrir að framkvæmdinni ljúki á skipulagstímabilinu. Sjá nánar kafla 8.1 og 8.2 um rammahluta fyrir miðbæ og hafnarsvæði.
- Hlúð verði að göngu og hjóleiðum sem fararmáta í daglegum ferðum íbúa. Annarsvegar verði það gert með góðum gangstéttum í aðlaðandi göturýmum og hinsvegar með sérstökum stígum sem stytta leiðir til helstu vinnustaða, bjónustustofnana og miðbæjar. Sjá nánar kafla 4.3 um gönguvænan Grundarfjörð og kafla 8 um rammahluta.
- Stuðlað verði að umferðaröryggi með viðeigandi frágangi umferðarmannvirkja, merkingum gangbrauta á helstu götur og með því að takmarka umferðarhraða í þéttbýlinu.
- Á vegum Grundarfjarðarbæjar verða skilgreind tiltekin fráleggssvæði fyrir snjó, til að auðvelda snjómokstur innanbæjar, og yfirlit yfir þau birt á vef bæjarins, íbúum og verktökum til upplýsingar.



Vel skipulögð bílastæði tryggi gott aðgengi að heimilum, þjónustu og vinnustöðum

- Almenningsbílastæðum sé haganlega komið fyrir í götum og á minni þar til gerðum svæðum frekar en stærri.
- Bílastæði í götum verði skýrt afmörkuð til að tryggja öryggi sem best. Það má gera með gróðri, litamerkingu eða annari yfirborðsmeðhöndlun og skal það vera liður í að gera göturýmin meira aðlaðandi og skjólsælli. Sjá í samhengi við kafla 4.3 um gönguvænan Grundarfjörð og kafla 8 um rammahluta.
- Með hönnun og/eða merkingum sé gert skýrt hvað séu almenningsstæði og hvað séu stæði á einkalóðum.
- Skilgreint verði rútubílastæði í góðum tengslum við útsýnisstað fyrir Kirkjufell á Framnesi, sjá nánar kafla 8.3.
- Bílastæðakröfur skulu ákveðnar í deiliskipulagi hvers svæðis en þar sem ekki er í gildi deiliskipulag, og á meðan svo er, skal hafa hliðsjón af eftirfarandi viðmiðum:
 - 1 stæði pr. hverja 80m² fyrir hótel yfir 300m².
 - 1 stæði pr. hverja 50m² á atvinnu- og þjónustusvæði (veitingastaðir, verslanir, skrifstofur eða sambærilegt).
 - 1 stæði pr. hverja 35m² í gistiheimilum, gistihausum, gistskálum, hótelum undir 300m² eða sambærilegu. Ef fasteign í þessum flokki er undir 500m² skal uppfylla auka kröfu um 1 stæði pr. 80m² fyrir starfsfólk og eigendur.
 - 1,5 stæði pr. íbúð í fjölbýli.
 - 2 stæði pr. parhús, raðhús eða einbýlishús, ef parhús, raðhús eða einbýli fara yfir 80 m² skal miða við 1 stæði pr. hverja 80m².
 - 1 stæði fyrir hver 2 herbergi í heimagistingu (ásamt 1-2 bílastæðum sem tengjast íbúðarhúsinu og eru fyrir eigendur).

- 1 stæði pr. hverja 150m², verksmiðjur, fiskvinnsluhús eða sambærilegt sem þarf mikið vinnslusvæði.
- Bílastæði hreyfihamlaða skulu vera samkvæmt gildandi byggingarreglugerð.
- Ef eigandi getur ekki uppfyllt kröfu um fjölda bílastæða getur hann samið um aðrar staðsetningar innan lóða í Grundarfjarðarbæ til að uppfylla bílastæðakröfur, en gera skal samning við viðkomandi lóðarhafa og þinglýsa kvöðinni um bílastæði á lóðina. Sú kvöð má ekki koma niður á kröfu um fjölda bílastæða fyrir viðkomandi húsnæði.
- Ef eigandi getur ekki uppfyllt kröfu um fjölda bílastæða getur hann samið við Grundarfjarðarbæ um leigu á bílastæðum annars staðar í Grundarfirði ef aðstæður leyfa.
- Greiða skal árgjald samkvæmt gjaldskrá Grundarfjarðarbæjar (gjald pr. bílastæði).



Almenningssamgöngur á milli sveitarfélaga eflist

- Í samstarfi við önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi og ríkið verði unnið að bættum almenningssamgöngum.
- Skýli og hjólastæði verði sett upp þar sem eru stöðvar á almenningsvagnaleið.

Stefna fyrir einstaka vegi eða vegflokk og götur

Númer	Forsendur	Skipulagsákvæði
VE-1	Snæfellsnesvegur, þjóðvegur nr. 54 Tveggja akreina malbikaður vegur sem liggur eftir sveitarfélaginu endilöngu og í gegnum þéttbýlið. Í þéttbýlinu liggur vegurinn um Grundargötu, sem þannig er stofnvegur jafnframt því að vera stofngata.	Veginum verði vel viðhaldið og öryggi bætt eftir þörfum. Veghelgunarsvæði er 30 m til beggja handa frá miðlinu vegar í dreifbýli. Sjá einnig stefnu um gatnakerfi í þéttbýli að framan og í kafla 8.1, rammahluta um miðbæ, þar sem vegurinn liggur í gegnum þéttbýlið.
	Aðrir vegir Í þessum flokki eru allir vegir dreifbýlis sveitarfélagsins sem ekki eru stofnvegir. Um þá eru sett almenn ákvæði (sbr. dálk til hliðar) til nánari útfærslu í deiliskipulagi og við hönnun á framkvæmdaleyfisstigi.	Lega veganna er ákveðin í deiliskipulagi eða í framkvæmdaleyfisgönum á grunni þeirrar almennu stefnu sem aðalskipulagið setur. Núverandi vegum verði vel viðhaldið. Nýir vegir falli vel að landi og við hönnun þeirra sé tekið tillit til minja og lífríkis. Um veghelgunarsvæði gilda staðlar Vegagerðarinnar í samræmi við þann vegflokki sem viðkomandi vegur telst til.
	Götur og vegir í þéttbýli	Aðalskipulagið tekur til stofn- og tengibrauta. Grundargatan er stofnbraut, jafnframt því að vera stofnvegur (sjá VE-1). Aðrar götur og vegir eru sýndar til skýringar og lega þeirra og útfærsla er ákveðin í deiliskipulagi á grunni þeirrar almennu stefnu sem aðalskipulagið setur. Vísað er til stefnu að framan og kafla 4.3 um gönguvænan Grundarfjörð og kafla 8 um rammahluta.

7.2 ÚTIVISTARLEIÐIR

Framtíðarsýn: Áhugaverðar og fjölbreyttar útvistarleiðir

Forsendur

Ferðaleiðir

- Góðar aðstæður til útvistar eru dýrmætur hluti af búsetugæðum.
- Í sveitarfélagini er fjöldi gamalla slóða sem áður gegndu mikilvægu hlutverki í samgöngum á svæðinu en eru nú lítið notaðir. Þó eru sumar þessara leiða fornar reiðleiðir og ennþá notaðar. Sumar leiðirnar hafa verið inní aðalskipulagi um nokkurt skeið og eru það áfram. Ekki er gert ráð fyrir akstri um slíka slóða nema þeir séu tilgreindir í vegaskrá, sjá umfjöllun um þá í kafla 7.1.
- Samkvæmt 27. gr. vegalaga er í samgönguáætlun heimilt að veita fé til almennra hjóleiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfdu samráði við sveitarfélög.

Gönguleiðir

- Vel kynntar og merktar gönguleiðir geta auðveldað íbúum útvist og hvatt þá til að stunda hreyfingu sem aftur bætir lýðheilsu.
- Skilgreining gönguleiða í samráði við landeigendur getur komið í veg fyrir truflun á búskap og beit og ágang á viðkvæm svæði.
- Um gönguleiðir í þéttbýli er fjallað í kafla 4.3.




Göngu og reiðleiðir í þéttbýli Grundarfjarðarbæjar.

Hjólaleiðir

- Engin hjólaleið er skilgreind í fyrra aðalskipulagi og ekki hefur verið lagður sér hjólastígur.
- Í dreifbýli eru hjóreiðar mögulegar á vegum, einkum fáförnum.
- Í þéttbýlinu er almennt gert ráð fyrir að hjóla megi á þeim leiðum sem skilgreindar eru sem gönguleiðir, nema annað sé tekið fram með merkingum á stígum eða leiðum.

Reiðleiðir

- Hestamennska er vinsæl í Grundarfirði og er ýmist stunduð sem íþrótt, tómstundagaman eða sem hluti af búskap eða ferðaþjónustu. Fyrir utan hestahald á bújörðum er góð aðstaða fyrir hestamennsku rétt vestan við þéttbýlið. Þar eru hesthús, reiðvöllur og gerði, auk félagsheimilis Hesteigendafélagsins (sjá einnig kafla 4.3 um Gönguvænan Grundarfjörð með fjölbreytta útvistarmöguleika).
- Skilgreining reiðleiða í samráði við landeigendur getur komið í veg fyrir truflun á búskap og beit og ágang á viðkvæm svæði.
- Á sveitarfélagsupprætti fyrra aðalskipulags er skilgreind reiðleið í gegnum sveitarfélagið meðfram Snæfellsnesvegi. Milli Kvernár og hesthúsahverfis liggur leiðin fyrir ofan þéttbýlið.
- Frá Kverná og að Mýrum hefur verið lagður reiðstígur sem jafnframt er að hluta til nýttur af gangandi fólk.



Markmið og leiðir

Um sveitarfélagið verði net áhugaverðra gönguleiða.

- Á sveitarfélagsuppdrætti er skilgreind gönguleið, strandleið, eftir sveitarfélaginu endilöngu meðfram strönd eða í grennd hennar. Gönguleiðin er hugsuð til að bæta öryggi gangandi vegfarenda og upplifun þeirra af því að ferðast um svæðið.
- Heimilt er að ákveða á framkvæmdaleyfisstigi hvorum megin vegar leiðin liggur en hún er almennt sýnd ofan vegar. Á leiðinni er heimilt að setja upp litla áningarstaði, t.d. með aðstöðu til að borða nesti, njóta útsýnis og skoða lífríki. Reiknað er með að staðsetning þeirra áningarstaða verði ákveðin sem hluti af skipulagi gönguleiðar umhverfis Snæfellnes sem heild, undir hatti Svæðisgarðsins Snæfellsness, sbr. verkefni í Svæðisskipulagi Snæfellsness sem fjallar um skilgreiningu gönguleiðar umhverfis Snæfellsnes með áningarstöðum og merktum leiðum niður að sjó á völdum stöðum. Samkvæmt svæðisskipulaginu verði unnin áætlun um legu og hlutverk áningarstaða og hvernig leiðin umhverfis Snæfellsnes í heild verði gerð greiðfær, stikuð og kynnt.
- Þeirri tillögu er beint til gerðar næstu samgönguáætlunar, að veitt verði fjármagni til gerðar þessarar leiðar, í áföngum.
- Auk strandleiðar eru á sveitarfélagsuppdrætti skilgreindar aðalgönguleiðir sem eru lengri leiðir milli einstakra hluta sveitarfélagsins, leiðir sem tengja það við önnur sveitarfélög og leiðir þar sem talið er brýnt að stýra umferð vegna viðkvæmrar náttúru eða tryggja möguleika til að fara um. Aðalgönguleiðirnar byggja á skoðun á leiðum á útgefnum ferðakortum og leiðum sem ferðamenn hafa skráð stafrænt á Netið. Reiknað er með að nánari stefna um leiðirnar verði mótuð í samhengi við verkefni í Svæðisskipulagi Snæfellsness en það snýst um að skilgreina ferðaleiðir, í samvinnu við landeigendur, ferðafélög og aðra

hagsmunaaðila fyrir hvert lykilþema sem skilgreint er undir markmiði A27 í svæðisskipulaginu.

- Unnið verði kynningarafn um gönguleiðir aðalskipulags þannig að göngufólk sé beint á þær frekar en aðrar leiðir.
- Aðrar styrti gönguleiðir verði ákveðnar í deiliskipulagi eða við hönnun á framkvæmdaleyfisstigi, með hliðsjón af stefnu aðalskipulagsins um umhverfi og auðlindir, sbr. kafla 5.
- Vörður á leiðum sem skilgreindar eru sem aðalgönguleiðir á sveitarfélagsuppdrætti verði endurhlaðnar eða lagfærðar í samvinnu við minjavörð.
- Stefna um gönguleiðir í þéttbyli er sett fram í kafla 4.3 um gönguvænan Grundarfjörð.



Hjólaleiðir og gönguleiðir skv. aðalskipulagstillögu.

Reiðleiðir verði greiðar og öruggar.

- Skilgreind er aðalreiðleið sem verði reiðvegur eftir sveitarfélagit endilöngu meðfram Snæfellsnesvegi og er hún hugsuð sem hluti af reiðleið umhverfis Snæfellsnes. Skipulag og hönnun reiðvegarins verði í samráði við Vegagerðina. Reiðvegurinn hefur þegar verið lagður að hluta, ofan þéttbýlis á milli Kvernár og hesthúsahverfis og út að Búlandshöfða. Nákvæm lega reiðvegar og útfærsla hans verður ákveðin á hönnunar- og framkvæmdastigi.
- Þeirri tillögu er beint til gerðar næstu samgönguáætlunar, að veitt verði fjármagni til gerðar þessarar leiðar, í áföngum.
- Auk aðalreiðleiðar meðfram Snæfellsnesvegi eru skilgreindar aðalleiðir á milli meginhluta sveitarfélagsins og yfir Snæfellsnesfjallgarðinn frá norðri til suðurs. Aðrar styttri leiðir verði skilgreindar í deiliskipulagi eða við hönnun á framkvæmdaleyfisstigi, með hliðsjón af stefnu aðalskipulagsins um umhverfi og auðlindir, sbr. kafla 5. Grundarfjarðarbær hvetur landeigendur og hestamannafélög til að sameinast um skipulag innansveitarreiðleiða.

Við hönnun reiðleiða verði þess gætt að hestamenn þurfi sem sjaldnast að þvera þjóðvegi.

Hjólaleið verði eftir sveitarfélagit endilöngu.

- Skilgreind er aðalhjólaleið eftir sveitarfélagit endilöngu meðfram Snæfellsnesvegi og er hún hugsuð sem hluti af hjólaleið umhverfis Snæfellsnes.
- Þeirri tillögu er beint til gerðar næstu samgönguáætlunar, að veitt verði fjármagni til gerðar þessarar leiðar, í áföngum.



Reiðleiðir skv. aðalskipulagstillögu.

- Aðrar styttri hjólaleiðir verði skilgreindar í deiliskipulagi eða við hönnun á framkvæmdaleyfisstigi, með hliðsjón af stefnu aðalskipulagsins um umhverfi og auðlindir, sbr. kafla 5.
- Í samvinnu við Svæðisgarðinn Snæfellsnes verði settar reglur um umferð hjólreiðamanna um gönguleiðir og reiðleiðir.

Stefna fyrir einstakar leiðir

Ekki er sett fram sérstök stefna í aðalskipulaginu fyrir einstakar ferðaleiðir umfram það sem kemur fram að ofan. Leiðirnar eru sýndar á aðalskipulagsuppdrætti og þemakortum og um þær gildir almenna stefnan að ofan.

7.3 HÖFN

Framtíðarsýn: Traust hafnaraðstaða

Forsendur

Sjá forsenduhluta í köflum 6.1 og 8.2.

Markmið og leiðir

Sjá stefnuhluta í köflum 6.1 og 8.2.



7.4 VEITUR OG FJARSKIPTI

Framtíðarsýn: Góð veitu- og fjarskiptakerfi

Forsendur

Veitukerfi

- Aðalskipulag tekur til þegar byggðra og fyrirhugaðra stofnkerfa hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu en ekki til vatnsveitu í dreifbýli nema til stofnæða sem liggja að þéttbýli. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Rafveita

- Grundarfjarðarlína liggur frá aðveitustöð við Stykkishólm að aðveitustöð/tengivirkni í Grundarfirði, vestan Kvernár. Línan er á 66 kV og er á vegum Landsnets. Í fyrra aðalskipulagi kemur fram að þegar til endurnýjunar kemur sé líklegt að lagður verði háspennustrengur yfir Kolgrafafjörð fyrir innan bæinn Kolgrafir. Framkvæmdin er ekki tilgreind í Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025.

- Nýtt tengivirkni í Grundarfirði var reist árið 2016 á svæði l-1 og árið 2017 var lagður þaðan nýr 66 kV jarðstrengur Landsnets að fyrirhuguðu nýju tengivirkni í Ólafsvík. Sá strengur nefnist Grundarfjarðarlína 2. Samhliða þessum framkvæmdum var endurnýjaður 19 kV jarðstrengur Rarik sem liggur meðfram nýja jarðstrengnum. Með þessum breytingum eykst áreiðanleiki svæðiskerfisins á Vesturlandi og afhendingaröryggi raforku batnar á Snæfellsnesi.⁷⁶
- Nokkrar minni raflínur eru í sveitarfélagini að einstökum bæjum en aðalskipulagið tekur ekki til þeirra.

76) Landsnet (2016)

Hitaveita/jarðvarmi

- Heitt vatn í Grundarfirði er kalt vatn sem hitað er upp með rafmagni.
- Í fyrra aðalskipulagi var gert ráð fyrir uppbyggingu hitaveitu í Grundarfirði á grunni jarðhita sem fundist hafði á Berserkseyrarodda, þ.e. í Laugaskeri í Kolgrafafirði. Frekari rannsóknir sýndu þó að efnasamsetning vatnsins er slík að hún er talin valda vandkvæðum við flutning þess. Engu að síður er talin ástæða til halda inni í aðalskipulagi skilgreiningu á vinnslusvæði í Laugaskeri og legu fyrir heitavatnslögn/aðveituæð. Vonir eru bundnar við að fundnar verði leiðir til að nýta jarðhitann. Ennfremur er það vilji sveitarfélagsins að haldið verði áfram rannsóknum á jarðhita í sveitarfélaginu svo að unnt verði að byggja upp hitaveitu í framtíðinni.

Vatnsveita

- Vatnsból þéttbýlisins í Grundarfirði eru á Grundarbotni og í landi Kvernár og miðlunartankur er í fjallshlíðinni sunnan byggðar. Um vatnsverndarsvæði vatnsbólsins er fjallað í kafla 5.2.
- Veitur sjá um rekstur veitukerfisins í þéttbýlinu.
- Í dreifbýlinu er engin vatnsveita á vegum sveitarfélagsins, heldur eru vatnsból fyrir hvert býli.

Fráveita

- Í þéttbýli Grundarfjarðar er skólpi veitt beint út í sjó frá nokkrum útrásum og engin hreinsun er á skólpi.⁷⁷ Í fyrra aðalskipulagi var gert ráð fyrir að safna skólpi saman með sniðræsum í eina dælustöð í Torfabót við Framnes, og dæla þaðan út frá stórstraumsfjöru. Þessi mannvirki hafa ekki komist til framkvæmda.
- Í þéttbýli eru nokkrar rotþrær og losar bærinn þær flestar.

77) Umhverfisstofnun (2017).

- Í dreifbýli eru rotþrær við flest býli og sumarhús. Stefnt er að því að Grundarfjarðarbær tæmi allar rotþrær í sveitarfélaginu og að gert verði ráð fyrir þeirri þjónustu í gjaldskrá.
- Líklegt er að úrkoma á Íslandi aukist með hlýnandi veðurfari á þessari öld og að rigningar að vetri til verði algengari.⁷⁸ Því má reikna með auknu álagi á veitukerfi vegna ofanvatns. Sjá einnig umfjöllun um yfirborðsvatn í kafla 5.2.

Fjarskipti

- Ljósleiðari liggur frá Helgafellssveit um Hraunsfjarðarbrú, gegnum þéttbýlið og þaðan um Búlandshöfða til Snæfellsbæjar. Ljósleiðarinn þverar Kolgrafafjörð milli Kolgraфа og Eiðis.
- Nýr ljósleiðari var lagður á vegum Landsnets 2017-2018 frá Grundarfirði til Ólafsvíkur.
- Símalínur liggja um sveitina milli Berserkseyrar og Búlandshöfða, um Framsveitina að Hallbjarnareyri og um Útsveitina að Bergi.
- Á Eiði er mastur með neyðar- og öryggisfjarskiptasendi fyrir Tetra-kerfi og aðstaða fyrir GSM-sendi.
- Á Akurtröðum eru tvö möstur fyrir senda sjónvarps og síma.

78) Veðurstofa Íslands (2018)

Markmið og leiðir

Veitukerfi verði vel hagkvæm og skilvirk og áhrif þeirra á umhverfið lágmörkuð

- Ákvarðanir um landnotkun taki m.a. tillit til hagkvæmni og tæknilegra forsenda í uppbyggingu þjónustukerfa. Leitast verði við að nýta þau grunnkerfi sem fyrir eru sem best, t.d. með þéttingu byggðar í þéttbýli þar sem það á við.

Flutningskerfi raforku styrkist enn frekar

- Aðalskipulag Grundarfjarðar tekur til raflína/jarðstrengja sem eru með 66 kV spennu og hærri, en þær/þeir teljast til stofnkerfis. Minni línum er unnt að endurnýja/reisa á grundvelli almennrar stefnu aðalskipulagsins fyrir landbúnaðarsvæði í kafla 6.4 að teknu tilliti til stefnu um umhverfi og auðlindir í kafla 5. Við endurnýjun lína skal miða við að leggja jarðstrengi í stað lína þar sem það er mögulegt.
- Helgunarsvæði (einnig nefnt byggingarbannsvæði) háspennulína er svæði meðfram háspennulínum þar sem takmarkanir geta verið á landnotkun og mannvirkjagerð. Almennt skal miða við u.p.b. 25 m breitt helgunarsvæði fyrir 66 kV línum. Aðgengi að möstrum skal tryggt. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.
- Til stofnkerfis teljast einnig tengivirkir en þau má reisa innan iðnaðarsvæða. Tengivirkir í Grundarfirði er á iðnaðarsvæði I-1.

Nýting jarðhita til húshitunar verði skoðuð enn frekar

- Haldið verði áfram rannsóknum á jarðarma og leitað leiða til að nýta hann til húshitunar í Grundarfirði.

- Áfram er gert ráð fyrir vinnslusvæði í Berserkseyrarodda fyrir virkjun jarðhitavatns og heitavatnslögn/aðveituæð inní þéttbýlið, sjá umfjöllun um iðnaðarsvæði í kafla 6.1.

Vatnsveita tryggi stöðugt aðgengi notenda að nægu og góðu vatni

- Aðalskipulagið tekur til legu stofnæða fyrir þéttbýli frá upptökum að dreifikerfi en á stofnæðum í dreifbýli verður tekið í deiliskipulagi og/eða með framkvæmdaleyfi.
- Gæði og framboð neysluvatns verði tryggt. Í þeim tilgangi eru afmörkuð vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5.2. Þar er m.a. fjallað um stækkun vatnsverndarsvæða.
- Gert er ráð fyrir nýrri stofnæð vatnsveitu í áformaðri landfyllingu á hafnarsvæði H1 til að þjóna atvinnustarfsemi á svæðinu, sbr. kafla 8.2.

Fráveitumálum verði komið í gott horf

- Gerð verði áætlun í fráveitumálum í samræmi við reglugerð um fráveitur og sorp. Í þéttbýlinu verði skólpi safnað saman með sniðræsum í eina dælustöð á austanverðu Framnesi, og dælt þaðan út frá stórstraumsfjöru. Heimilt er að staðsetja dælustöðina á athafnasvæði eða hafnarsvæði á Framnesi í samræmi við útfærslu í deiliskipulagi. Stefnt verði að því að ofanvatni, svo sem regnvatni af þökum, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis skv. áætlun þar um sbr. markmið fyrir yfirborðsvatn í kafla 5.2.
- Í dreifbýli verði fráveitumálum komið í fullnægjandi horf. Rotþrær og minni fráveitukerfi eru heimil á landbúnaðarsvæðum, svæðum fyrir frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæðum, á grunni deiliskipulags og/eða framkvæmdaleyfisgagna.
- Losun rotþróa í þéttbýli og dreifbýli verði á vegum sveitarfélagsins og gert verði ráð fyrir henni í gjaldskrá.

Fjarskipti verði öflug hvar sem er í sveitarfélagini

- Í þessu aðalskipulagi teljast til stofnkerfis fjarskipta aðalljósleiðarar milli byggða og stærri fjarskiptamannvirki og skal lega þeirra og staðsetning vera í samræmi við aðalskipulagsuppdrátt. Með stærri fjarskiptamannvirki er átt við möstur sem eru hærri en 30 m og önnur fjarskiptamannvirki sem krefjast meira rýmis en 300 m² lóðar.

- Heimilt er að leggja ljósleiðara um stytri leiðir í dreifbýli og þéttbýli og minni fjarskiptamannvirki, óháð landnotkunarflokk, á grundvelli framkvæmdaleyfis og að teknu tilliti til stefnu í kafla 5 um umhverfi og auðlindir og kafla 6.4 um landbúnaðarsvæði. Með minni fjarskiptamannvirki er átt við möstur sem eru innan við 30 m há og önnur fjarskiptamannvirki sem rúmast innan 300 m² lóðar.
- Leitast skal við að leggja ljósleiðara meðfram vegum, slóðum eða stígum.





7.5 FLUGVÖLLUR

Framtíðarsýn: Grundarfjarðarflugvöllur viðhaldist

Forsendur

- Grundarfjarðarflugvöllur er í landi Akurtraða. Hann er 799 m malarvöllur án ljósa. Grasi er leyft að sá sér í völlinn og reiknað með að hann verði grasi gróinn með tímanum. Ekkert áætlunarflug er til Grundarfjarðar og er völlurinn því einungis nýttur til einkaflugs. Eigendur hyggja á frekari nýtingu vallarins fyrir einkaflug og hafa áform um uppbyggingu aðstöðu við völlinn.
- Í fyrra aðalskipulagi kom fram að gert væri ráð fyrir þyrlupalli í Torfabót, einkum til að auka öryggi íbúa á Snæfellsnesi og sjófarenda við Breiðafjörð. Ekkert hefur orðið úr þeiri framkvæmd og er nú reiknað með að íþróttavöllurinn geti nýst sem lendingarstaður ef þarf.⁷⁹ Ekki er talið tilefni til að tilgreina lendingarmöguleika í landnotkunarákvæðum fyrir svæðið.

Markmið og leiðir

Áfram verði möguleiki til lendinga minni flugvéla í sveitarfélaginu

- Flugvelli í landi Akurtraða verði viðhaldið þannig að hann uppfylli öryggiskröfur fyrir einkaflug.

79) Munnleg heimild frá Landhelgisgæslunni (apríl 2018).



Stefna fyrir flugvöll

Flugvellir (FV)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
FV-1	Grundarfjarðarflugvöllur 799 m malarvöllur án ljósa. Aðeins nýttur til einkaflugs. Hafin er gerð deiliskipulags fyrir flugvöllinn, þar sem gert er ráð fyrir byggingu flugskýla eða vélageymslu við völlinn.	19,7	Helgunarsvæði flugbrautar er innan afmörkunar landnotkunarreits, þ.e. 30 m frá miðlinu flugbrautar. Við hlið brautar og báða enda hennar skal vera frítt svæði. Heimilt er að reisa flugskýli og geymsluhúsnæði. Öryggissvæði og fjarlægð mannvirkja frá því skal skilgreint í deiliskipulagi.



8. Rammahluti aðalskipulags

Kjarni Grundarfjarðar

Meginútgangspunktar

- Miðbær, hafnarsvæði og Framnes eru kjarni þéttbýlisins í Grundarfirði og sveitarfélagsins alls.
- Þar fer fram aðalatvinnu- og þjónustustarfsemin í sveitarféluginu.
- Þar eru einnig helstu samkomustaðir íbúa um leið og þeir eru helstu móttökustaðir ferðamanna.
- Á svæðunum þremur eru tækifæri til uppbyggingar og umhverfismótunar sem getur styrkt bæinn umhverfislega, félagslega og efnahagslega.
- Mikilvægt er að búa vel í haginn fyrir lykilatvinnugreinina sjávarútveg um leið og aðstæður fyrir ferðamenn eru bættar.
- Núverandi blöndun hafnarstarfsemi, veitingahúsa og þjónustu í kjarnanum er sjarmerandi aðdráttarafl.
- Ávinningur er af því að skapa heildstæðari og þéttari byggð á svæðunum og nýta grunnkerfi enn betur. Á miðbæjarsvæði verði rými nýtt fyrir minna íbúðarhúsnaði í bland við verslun og þjónustu.


- Rammahluti aðalskipulags er grunnur fyrir uppbyggingartillögur, hann skilgreinir áherslu og leggur grófar línur til frekari útfærslu við mótnun deiliskipulags á svæðunum. Hann nýtist til að forgangsraða framkvæmdum, kynna uppbyggingarmöguleika og hvetja til fjárfestinga. Skipulag rammahluta eykur líkur á markvissum fjárfestingum sveitarfélags og fasteignareigenda á svæðinu.

Meginmarkmið

Sterkur Grundarfjörður

Út frá framangreindum megin útgangspunktum er sett fram það meginmarkmið að kjarni Grundarfjarðar, sem samanstendur af miðbæ, hafnarsvæði og Framnesi, verði hjarta bæjarins. Þar verði góðar aðstæður fyrir atvinnulíf, búsetu og þjónustu og aðlaðandi umhverfi til samveru.

Í eftirfarandi köflum er sett fram stefna sem ætlað er að stuðla að þessu markmiði.



8.1 MIÐBÆR

Forsendur

Lega og starfsemi

Miðbærinn er svæðið næst gatnamótum Grundargötu og Hrannarstígs en þau eru nánast í miðju bæjarins. Grundargata er aðalgatan og liggur í gegnum bæinn og Hrannarstígur frá henni niður að höfn.


Á miðbæjarsvæðinu er öll helsta þjónusta eins og matvöruverslun, bensínstöð með sjálfsafgreiðslu, banki, afgreiðsla apóteks, vínbúð, hársnyrtistofa, veitingastaður og kaffihús. Þar eru enn fremur gistiðaðir.

Í miðbæ eru einnig lykilstofnanir; heilsugæslustöð Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, löggreglustöð Lögreglunnar á Vesturlandi, Fjölbautaskóli Snæfellinga, Samkomuhús Grundarfjarðar, Leikskólinn Sólvellir og Sögumiðstöðin sem hýsir bókasafn, kaffihús, upplýsingamiðstöð, sögusafn og ljósmyndasafn. Í Sögumiðstöðinni er auk þess aðstaða fyrir námskeið, fyrirlestra og samkomur klúbba og félaga og þar er rekið kaffihús.

Á miðbæjarsvæðinu eru íbúðarhús við Grundargötu, Borgarbraut, Hrannarstíg, Eyrarveg og Sæból.

Hlutverk miðbæjar

Í miðbæinn liggja leiðir íbúa reglulega til að sækja þá þjónustu sem þar er. Svæðið er því mikilvægur samkomustaður; núningspunktur, þar sem fólk hittist í daglegum erindum sínum eða þar sem það kýs að hittast og njóta samveru. Um leið er svæðið helsti viðkomu- og móttökustaður ferðafólks. Miðbærinn er því „segull“ sem laðar til sín fólk og hefur mikilvægu hlutverki að gegna til að styrkja bæinn sem heild.



Afmörkun miðsvæðis.

Brýnt er að afmarka miðbæinn vel, til að ýta undir staðarvitund og miðbæjarupplifun. Spurningar eins og: „Hvar er miðbærinn?“ eiga að heyra sögunni til. Þetta má einkum gera með umhverfismótun og með því að vanda til frekari uppbyggingar og mannvirkjagerðar.


Byggðarmynstur og rými

Byggingar miðbæjarins mynda ekki eins reglubundið mynstur og íbúðarhúsin í öðrum hlutum þéttbýlisins gera. Þar er talsvert af opnu, óskilgreindu og lítt afmörkuðu rými, en í því liggja tækifæri til uppbyggingar og umhverfismótunar.

Í miðbæ mynda lóðir stofnana og fyrirtækja græn og misopin svæði, auk þess sem bílastæði eru á drjúgum hluta þeirra. Frágangur þessara lóða ræður miklu um yfirbragð og ásýnd miðbæjarins. Lóðir sem eru opnar og bjóða almenningi að fara þar um, setjast á bekki eða njóta á annan hátt,

renna að vissu leyti saman við almannarými. Mikilvægt er að skoða slíkar lóðir og opin rými og svæði bæjarins í samhengi hvað varðar aðgengi og ásýnd.

Bílastæði við stofnanir mætti mögulega samnýta, t.d. á sumrin og um helgar, með samningi við forráðamenn.



Umferð

Grundargatan er stofnvegur í gegnum þéttbýlið, þjóðvegur nr. 54. Í því er fólgjöld stórt tækifæri fyrir þróun miðbæjar, sem nýtur góðs af því að umferðin fari þar í gegn og skapi æskilegan núningaspunkt í miðbæ. Um leið felur þetta samspil þjóðvegar og miðbæjar þó í sér þá áskorun að halda þarf niðri hraða umferðar og tryggja aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda. Auk þess þarf að tryggja næg bílastæði.

Ferðamenn af skemmtiferðaskipum koma fótgangandi af Norðurgarði eða flotbryggju eftir Hrannarstíg. Ferðamenn í miðbæ sækja sömuleiðis í að skoða hafnarvæðið, sem hefur aðráttarafl. Tryggja þarf gott flæði gangandi vegfarenda á milli kjarnasvæðanna þriggja.

Sögulegar byggingar og staðir

Í Grundarfirði er byggðin fremur ung og lítið um „gömul hús“. Þó eru byggingar sem hafa sögulega þýdingu fyrir samfélagið og fólk ber tilfinningar til.⁸⁰ Af byggingum á kjarnasvæðinu má nefna Samkomuhús Grundarfjarðar, gamla Kaupfélagshúsið, gamla pósthúsið og hús Samkaupa, þ.e. gömlu Mjólkurstöðina.

80) Alta (2016b)

Markmið og leiðir

Miðbær verði styrktur sem „segull“ og andlit bæjarins.

- Miðbæjarsvæðið verði skýrt afmarkað með umhverfisfrágangi og frekari uppbyggingu íbúðar- og þjónustuhúsnæðis.

Leitast verði við að fylla í eyður í byggðinni og skapa þannig heildstæðari og þéttari byggð þar sem verslun og þjónusta er í göngufæri og grunnkerfi vel nýtt.



Mikilvæg þróunarsvæði í miðbænum, númerin visa til textans hér til hliðar.

Þróunarreitir:

- Þrjár samliggjandi auðar lóðir eru við Grundargötu, Hrannarstíg og Hamrahlíð. Vegna uppbyggingar til framtíðar og til að greiða fyrir þróunarmöguleikum miðbæjar er gert ráð fyrir forkaupsrétti bæjarins á fasteign á fjórðu lóðinni, við Grundargötu 31. Í deiliskipulagi verði gerðir byggingarreitir fyrir samþyggð hús eða hús sem standa þétt saman þannig að þau afmarki rými vel. Gert verði ráð fyrir að á norðvesturhorni reitsins (þar sem nú er víkingahús og bátur) verði verslun eða þjónusta en að mestu verði byggingarnar íbúðarhúsnæði á einni til tveimur hæðum. Möguleiki er á að hafa þjónustu á neðri hæð og íbúðir á efri hæð. Húsin verði hönnuð þannig að hægt sé að byggja þau á mismunandi tínum, nema þörfin sé metin þannig að hægt sé að byggja allt í einu. Þannig væri hægt að byrja með húsi á horni Hrannarstígs og Grundargötu og annað á horni Hamrahlíðar og Hrannarstígs en með tímanum myndast heildstæð húsaröð.
- Möguleiki verði á að rými á lóð heilsugæslustöðvarinnar á horni Hrannarstígs og Grundargötu verði sameinað eða falli að nýju miðbæjartorgi og að skilgreindur verði byggingarreitur á lóðinni Grundargötumegin. Virk starfsemi verði í slíkri byggingu.
- Til að greiða fyrir miðbæjarþróun og uppbyggingu verði sömuleiðis gert ráð fyrir forkaupsrétti bæjarins á fasteign að Grundargötu 37. Er þá höfð í huga frekari þróun Sögumiðstöðvar og starfsemi sem tengist sögu, menningu og þjónustu, sem og samspli við uppbyggingarmöguleika norðan Grundargötu, gegnt Sögumiðstöð og Grundargötu 37, við verslunarhúsnæði Samkaupa við Grundargötu 38.
- Við Grundargötu 30, á horni Borgarbrautar og Grundargötu, stendur skrifstofuhúsnæði sem hýsir banka og þjónustufyrirtæki á neðri hæð, en á efri hæð voru fyrrum bæjarskrifstofur og í dag er þar ýmis

starfsemi. Húsið er einkennilega staðsett á lóðinni og ekki í góðri tengingu við göturnar sem það stendur við. Vinna skal að því að byggingar á lóðinni tengist betur umhverfi sínu og göturýminu. Breyta má fyrirkomulagi lóðar, byggja við húsið og breyta skipulagi þess með það fyrir sjónum að ná þessu markmiði. Möguleiki er að nýta þurfi rými á lóðinni að Grundargötu 30, næst Grundargötu og Borgarbraut, fyrir rýmkun götusvæðis í tengslum við framlengingu Nesvegar til suðurs og breytingar á umferð að og frá hafnarsvæði.

5) Í framtíðinni er opið fyrir að skilgreina núverandi leikskólalóð sem þróunarsvæði, með möguleika á nýbyggingum við horn Hrannarstígs og Sólvalla og breyttri notkun húsnaðisins. Lóðin er skráð 2260 m² að stærð. Til greina kæmi að nýta lóðina undir almenningsþjónustu eða að þróunaraðilar byggðu upp þjónustustarfsemi þar. Með breyttu fyrirkomulagi á svæðinu yrði það til hagsbóta fyrir umferð á svæðinu og eðlilegt flæði, að opna og tengja neðanverðan Eyrarveg á ný, en götunni var lokað við leikskólann vegna bílastæða og aðkomu þar við. Bílastæðin á núverandi stað við leikskólann yrðu þá leyst samhliða breyttu skipulagi og hönnun götu, ásamt samnýtingu við bílastæði samkomuhússins. Verði starfsemi leikskóla færð í framtíðinni, þá er svæði til reiðu á reit S-3 við ofanverða Borgarbraut, nálægt grunnskóla.

Þar til framkvæmdir við byggingar eða annan frágang á miðbæjarsvæðum fara af stað, verði rýmin gerð snyrtileg og aðlaðandi. Gefa má rýmum tímabundið hlutverk, með því að setja upp aðstöðu sem samræmist og undirstrikar miðbæjarhlutverk þeirra og þjónar bæði íbúum og ferðafólki, eins og byggingar Víkingafélagsins eru dæmi um.



Miðpunktur bæjarins verði styrktur með miðbæjartorgi.

- Miðbærinn verði styrktur sem hjarta bæjarins með fallegu miðbæjartorgi þar sem fólk kemur saman. Torgið er um leið andlit bæjarins við þjóðveginn og til þess fallið að undirstrika samfélagslegt hlutverk miðbæjarkjarna.
- Torgið verði við eða mjög nálægt aðalgötunni, Grundargötu, afmarkað með nýjum byggingum sem fylla götumyndina, ásamt núverandi byggingum.
- Æskilegt er að farið verði í samkeppni um hönnun torgs og nærliggjandi umhverfis. Nákvæm staðsetning torgsins og fyrirkomulag verði hluti af samkeppnisforsendum.
- Torgið eða hluta þess má mögulega nýta sem fallegt bílastæði dagsdaglega en sem hægt verði að loka fyrir bílum og nýta í öðrum tilgangi á góðviðrisdögum og hátiðum.
- Bílastæðum verði komið fyrir í götum þar sem því verður við komið og lausum rýmum sem hentar að nýta til þess. Leitast verði við að samnýta bílastæði með stofnunum í nágrenninu á alagstínum og þegar mögulegt er. Sett verði upp skilti sem segja til um hvenær bílastæðin eru opin almenningi.
- Vanda skal til verks við hönnun nýrra bygginga við torgið þannig að þær verði aðlaðandi og nái að verða ný kennileiti í bænum.
- Við Sögumiðstöðina verði áfram útisvæði. Bílastæðum Sögumiðstöðvar verði komið þannig fyrir að þau trufla sem minnst útiaðstöðu við húsið.
- Auk nýrra og núverandi bygginga sem munu afmarka torgið verði landslagsmóttun þannig að nægt rými sé fyrir fólk, til að staldra við og njóta samveru. Hugsa mætti torgið sem útikaffihús og/eða markaðstorg þar sem hægt verði að halda litla flóamarkaði.

- Mikilvægt er að staðsetning torgs sé þannig að þar njóti fólk skjóls og sólar. Gróðursetningu verði einnig hagað þannig að hún fegri torgið, afmarki rýmið og myndi skjól, án þess að skyggja á sjónlinur milli þeirra bygginga sem afmarka torgið.
- Unnið verði deiliskipulag af miðbæjarsvæðinu sem áfangaskiptir uppbyggingu þess.



Miðbæjartorg, mikilvægar tengingar og leiðbeinandi byggingalínur sem afmarka göturýmið.



Götur og gönguleiðir verði öruggar og fallegar

- Á stofnvegi sem liggur í gegnum miðjan bæinn, Grundargötunni, verði umferðarhraða haldið niðri með umhverfismótun og hönnun götu og umhverfis hennar.
- Sá kafli á Grundargötu sem tilheyrir miðbænum, frá Gamla pósthusinu að Borgarbraut, verði bæjargata með hægri umferð og fjölbreyttri notkun. Jafnvel mætti framlengja þennan kafla til vesturs, að gatnamótum Grundargötu og Sæbóls. Beitt verði hraðatakmarkandi aðgerðum eins og að mjókka/þrengja akbrautir og afmarka þær með trjám og lágum staurum.
- Sléttu mætti úr undirlaginu svo ekki verði gangstéttarkantur milli akbrautar og gangstéttar og leggja nýtt yfirborðsefni. Gróður verði notaður til að fegra göturýmið og afmarka þar sem við á. Þessi breyting á götunni bindur saman miðbæinn frá Gamla pósthusinu að Borgarbraut, hægir á umferð, gerir svæðið gönguvænna og fegrar umhverfið. Öðruvísi undirlag skapar enn fremur að draganda og gefur til kynna að komið sé í miðbæinn, og eykur þannig á læsileika bæjarumhverfisins.
- Vegna áherslina við væntanlega framlengingu Nesvegar til suðurs og áherslina sem lýst er í kafla 8.2 um höfnina, auk áherslina um uppbyggingu miðbæjar sem lýst er í þessum kafla, verði Borgarbraut megitenging þungaflutninga af Grundargötu við hafnarsvæði, en Hrannarstígur, milli Nesvegar og Grundargötu og upp að móturnum Hamrahlíðar, verði hugsaður sem gönguvænni leið um miðbæ, útfærð skv. nánari hönnun um móturn og fegrún göturýmisins. Gert verði ráð fyrir nægu rými við gatnamót Nesvegar og Borgarbrautar, sem og Borgarbrautar og Grundargötu í tengslum við þetta. Fyrirkomulag verði nánar útfærð í deiliskipulagi eða með hönnun gatna, en þungaflutningum verður ekki beint á Borgarbraut fyrr en þeirri vinnu er lokið.



Dæmi um lítil torg þar sem íbúar geta hist á fornnum vegi, fólk getur tillt sér og börn geta leikið sér.



- Góðum og öruggum gönguleiðum um miðbæinn verði fjölgæð og aðgengi bætt, t.d. með bættum tengingum milli gönguleiða, frágangi gangstétta og gangbrauta og annars konar þverun gatna.
- Sérstaklega verði tenging miðbæjar og hafnarsvæðis bætt með greiðum og öruggum gönguleiðum og góðum merkingum leiða og staða. Þetta verði útfært vel með hagsmuni hafnar og viðskiptavina hennar, miðbæjarins og ferðaþjónustunnar í huga.
- Skýr gönguleið verði frá miðbæ og hafnarsvæði að nýjum áningarástað á Framnesi, gegnt Kirkjufelli, sjá nánar í kafla 8.3 um skipulag Framness.
- Gatnamót Borgarbrautar og Grundargötu ná yfir stórt svæði þar sem ekki er bein eða greið leið fyrir gangandi vegfarendur. Leiðin niður Borgarbraut er hluti af gönguhring sem skilgreindur er í kafla 4.3 og sem stofngönguleið. Útfæra þarf gatnamótin í samhengi við breytingar á Grundargötu í tengslum við hönnun miðbæjartorgs og aðalgötu, sjá annars staðar í þessum kafla.
- Við hönnun og frágang göturýma skal leitast við að hafa akbrautir ekki of breiðar til að sporna við hraðri umferð og gefa gangandi vegfarendum betra rými á breiðari gangstéttum. Gróður og landslagsmótun verði notuð til að fegra göturými, sjá einnig almenna göturýmisstefnu í kafla 4.3.
- Sjá einnig almenna bílastæðastefnu í kafla 7 um grunnkerfi.
- Breytingin verði gerð í þrepum yfir lengri tíma, en þar til svæðið verður endurhannað og uppbyggt má útfæra tímabundnar aðgerðir, s.s. yfirborðsmerkningar og tímabundin not svæða, sbr. verkefnið „Torg í biðstöðu“ í Reykjavík. Áður en varanlegar breytingar verða gerðar er æskilegt að farið verði í samkeppni um hönnun svæðisins.

Lóðir og svæði í miðbæ myndi heildstæða mynd

- Við þróun og uppbyggingu í miðbæ, sem og við almennt viðhald lóða og rýma, sé horft til heildarmyndar opinna svæða bæjarins og lóða stofnana og fyrirtækja. Æskilegt er að góð samstaða ríki um snyrtilegan frágang lóða og að skilningur sé á áhrifum þess fyrir aðdráttarafl miðbæjarins.
- Bílastæði við stofnanir í miðbæ mætti mögulega samnýta, t.d. á sumrin og um helgar, með samkomulagi við eigendur.


Sögulegum einkennum verði viðhaldið eða þau endurvakin við endurgerð sögulegra húsa

- Við endurbætur eldri húsa, sérstaklega þeirra sem hafa sögulega þýðingu fyrir samfélagið og tengingu við almenning, verði leitast við að færa þau í upprunalegt horf, hafa hliðsjón af sögu þeirra eða sögulegu gildi, eftir atvikum, eða gera sögu þeirra skil með einhverjum hætti.⁸¹
- Bærinn leiti atbeina og leiðbeininga Minjastofnunar eða annarra þar til bærra aðila, til stuðnings við húseigendur í slíkum verkefnum og aðra sem áhuga hafa og vilja nýta sér.
- Við endurbætur á Samkomuhúsi Grundarfjarðar verði hugað að því hvort færa megi hluta hússins í upprunalegt horf eða endurbæta með hliðsjón af upprunalegu últli og útbúnaði, s.s. að setja glugga í húsið að norðanverðu á ný, en á þeirri hlið hefur verið steypt upp í gluggaopin.

^{81) Sjá athugasemd framar um íbúafund, sem haldinn var í nóvember 2016 í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins, en þar voru nefnd nokkur hús sem fólk taldi hafa sögulega þýðingu fyrir samfélagið og að fólk hefði tilfinningar til, einkum gamla Kaupfélagshúsið, Samkomuhúsið og gamla Mjólkurstöðin.}



Dæmi um líflegar gönguleiðir og aðlaðandi göturými fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.





Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Miðsvæði (M)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Skipulagsákvæði
M-1	Miðbæjarsvæði - almennt (6,9 ha)	Vanda skal frágang lóða og gæta þess að ekki stafi hætta á mengun af þeim. Á lóðum þar sem gert er ráð fyrir meðhöndlun eldsneytis gildir reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
M-1	Miðbæjarsvæði - íbúðarbyggð Talsvert er um auð svæði og nokkrar óbyggðar lóðir eru á reitnum. Á reit sem nær yfir Grundargötu 33 og hluta af lóðum við Hamrahlíð 6 og 8, hefur verið komið fyrir byggingum til bráðabirgða á vegum Víkingafélagsins Glæsis í Grundarfirði, auk þess sem veitingavagn hefur starfað þar á sumrin.	Á miðbæjarsvæði er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og þjónustuhúsnaðis. Heimilt er að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum, hæð og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Heimilt er að þéfta byggð t.d. með því að byggja á óbyggðum lóðum, byggja við eða endurbyggja. Gert verði ráð fyrir þjónustuhúsnaði á neðri hæð og íbúðum á efri hæð. Sjá að öðru leyti umfjöllun um miðbæjarsvæði í rammahluta, kafla 8.1. Vegna uppbyggingar til framtíðar og til að greiða fyrir þróunarmöguleikum miðbæjar er gert ráð fyrir forkaupsrétti bæjarins á fasteign við Grundargötu 37, skv. 1. mgr. 49. gr. skipulagslagar. Heimilt er að þroa og byggja á reit sem nær yfir Grundargötu 31-33 og Hamrahlíð 6 og 8. Sjá nánar í kafla 8.1 - miðbær, rammahluti. Íbúðafjöldi miðist við samanlagðar lóðir á reitnum. Úthlutun og byggingarheimildir skoðist í heild. Á lóð við Hrannarstíg 2, þar sem nú er lóð undir löggreglustöð (færaranlegt hús,) verði heimilt að byggja íbúðir að lóðarleigutíma loknum. Á Heilsugæslulóð verði skoðað hversu fýsilegt er að bæta við byggingum, mögulega blöndu þjónustuhúsnaðis og íbúða, á sunnanverðum reitnum, í samhengi við þróun miðbæjar.

M-1	Miðbæjarsvæði - torg Á svæði við eða mjög nálægt gatnamótum Grundargötu og Hrannarstígs.	Gert er ráð fyrir öflugu miðbæjartorgi sem verði andlit bæjarins við þjóðveginn, afmarkað með nýjum byggingum sem fylla götumyndina, ásamt núverandi byggingum. Æskilegt er að farið verði í samkeppni um hönnun torgs og nærliggjandi umhverfis. Nákvæm staðsetning torgsins og fyrirkomulag verði hluti af samkeppnisforsendum.
M-1	Miðbæjarsvæði - Grundargata, Hrannarstígur, Hamralíð Þrjár samliggjandi auðar lóðir eru við Grundargötu, Hrannarstíg og Hamrahlíð. Eldra íbúðarhús er á lóð við Grundargötu 31. Saman mynda þessar lóðir heildstæðan reit á besta stað í miðbænum.	Vegna uppbyggings til framtíðar og til að greiða fyrir þróunarmöguleikum miðbæjar er gert ráð fyrir forkaupsrétti bæjarins á fasteign við Grundargötu 31, skv. 1. mgr. 49. gr. skipulagslaga. Í deiliskipulagi verði gerðir byggingarreitir fyrir samþyggið hús eða hús sem standa þétt saman þannig að þau afmarki rými vel. Gert verði ráð fyrir að á norðvesturhorni reitsins verði verslun eða þjónusta en að mestu verði byggingarnar íbúðarhúsnæði á einni til tveimur hæðum. Möguleiki er á að hafa þjónustu á neðri hæð og íbúðir á efri hæð.
M-1	Miðbæjarsvæði - heilsugæslustöð Lóð heilsugæslustöðvar við Hrannarstíg.	Til frekari skoðunar er hvort rými á lóð heilsugæslustöðvarinnar á horni Hrannarstígs og Grundargötu, sem nýtt er sem áningarsvæði fyrir almenning, verði sameinað eða falli að nýju miðbæjartorgi og að skilgreindur verði byggingarreitur á lóðinni Grundargötumegin. Virk starfsemi yrði í slíkri byggingu. Ákvörðun og útfærslu er vísað til deiliskipulags.
M-1	Miðbæjarsvæði - Grundargata 35-38 Á lóð við Grundargötu 35 stendur Sögumiðstöðin. Þar fer fram menningarstarf og upplýsingagjöf fyrir ferðafólk, auk þess sem í húsinu er aðstaða fyrir námskeið, fundi og samkomur. Í húsinu er rekið kaffihús. Við Grundargötu 38 er verslunarhúsnæði Samkaupa. Á lóðinni, sunnan hússins, er stórt rými fyrir bílastæði og akstursleið að versluninni. Fast upp við Grundargötu er graent, afgirt svæði, sem er lítið sem ekkert nýtt fyrir miðbæjarstarfsemi.	Vegna uppbyggings til framtíðar og til að greiða fyrir þróunarmöguleikum miðbæjar er gert ráð fyrir forkaupsrétti bæjarins á fasteign við Grundargötu 37, skv. 1. mgr. 49. gr. skipulagslaga. Er þá höfð í huga frekari þróun Sögumiðstöðvar og starfsemi sem tengist sögu, menningu og þjónustu, sem og uppbyggingarmöguleikar í miðbæ í heild sinni.
M-1	Miðbæjarsvæði - Grundargata 30 Grundargata 30, á horni Borgarbrautar og Grundargötu.	Vinna skal að því að byggingar á lóðinni tengist betur umhverfi sínu og göturýminu. Breyta má fyrirkomulagi lóðar, byggja við húsið og breyta skipulagi þess með það fyrir sjónum að ná þessu markmiði. Möguleiki er að nýta þurfi rými á lóðinni að Grundargötu 30, næst Grundargötu og Borgarbraut, fyrir rýmkun götusvæðis í tengslum við framlengingu Nesvegar til suðurs og breytingar á umferð að og frá hafnarsvæði.
M-1	Stofnanir á miðsvæði Á svæðinu er Fjölbautaskóli Snæfellinga, Sögumiðstöð, leikskóli og heilsugæslustöð.	Á lóð framhaldsskólans er gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum skólans og tengdrar starfsemi. Ekki er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis á lóðinni, en að öðru leyti eru í gildi skilmálar deiliskipulags af lóðinni. Í Sögumiðstöð er heimilt að reka veitingastarfsemi samhlíða upplýsingamiðstöð, safna-, félags og menningarstarfi. Gert er ráð fyrir stækkunarmöguleikum hússins á reitnum. Gert er ráð fyrir forkaupsrétti Grundarfjarðarbæjar að fasteignum á lóðum við Grundargötu vegna þróunar og uppbyggings, m.a. á íbúðarhúsnæði, en einnig á samfélagsþjónustu, einkum á lóð Grundargötu 37, mögulega fyrir starfsemi í tengslum við Sögumiðstöð. Sjá nánar ákvæði í kafla 4.1 og 8.1. Verði sóst eftir lóð leikskólans til uppbyggings miðbæjarþjónustu, verði þróun svæðisins hugsuð í samhengi við aðra uppbyggingu á miðbæjarsvæði, sjá nánar í kafla 8.1 - miðbær, rammahluti. Verði starfsemi leikskóla færð, þá er svæði til reiðu á reit S-3 við ofanverða Borgarbraut, nálægt grunnskóla. Á Hrannarstíg 2, lögreglustöð, er gert ráð fyrir að húsið sé víkjandi á lóðinni, sjá kafla 4.1. Á lóð Heilsugæslustöðvar er svigrúm fyrir breytingar á lóð.

8.2 HAFNARSVÆÐI

Forsendur

Aðstaða og starfsemi

Grundarfjarðarhöfn er góð höfn frá náttúrunnar hendi. Fjörðurinn sjálfur hefur gott skipalægi og innsigling er greið. Góð aðstaða er fyrir fiskiskip svo og stærri skip, s.s. flutningaskip og skemmtiferðaskip. Í höfninni fæst öll bjónusta sem er nauðsynleg sjófarendum, s.s. vatn, rafmagn, ís, hafnsaga o.fl. Á hafnarsvæðinu eru bjónustuaðilar eins og fiskmarkaður, löndunarþjónusta, ísverksmiðja og frystigeymsla, og nærliggjandi eru flutningafyrirtæki, netaverkstæði, kranabjónusta, olíuafgreiðsla, rafeindavirkjun og vélsmiðja, auk ferðaþjónustufyrirtækja. Verslun og veitingastarfsemi er sömuleiðis að finna í grennd við hafnarsvæðið.

Hafnarsvæðið skiptist í two hluta, sem nefndir eru Hafnarsvæði norður og Hafnarsvæði suður. Nyrðri hlutinn nær yfir Norðurgarð allan, hús FISK Seafood við Nesveg 4 og hafnarsvæðið þar norður af. Gert er ráð fyrir nýjum eða stækkuðum lóðum á landfyllingu þar nyrst á svæðinu. Í syðri hlutanum er allt hafnarsvæðið sunnan við Norðurgarð, m.a. Miðgarður og Suðurgarður, auk nýrra lóða sem áætlaðar eru á uppfyllingu við nýja vegtengingu.

Við Norðurgarð er 270 m viðlega með mismunandi dýpi. Bryggja og vinnrými hafnar tekur þar til um 4000 m^2 athafnasvæðis. Norðan við Norðurgarð er landfylling þar sem staðsett er ísverksmiðja, frystigeymsla, fiskmarkaður, löndunarþjónusta og geymsluhúsnæði og er svæðið nær fullbyggt. Við Miðgarð er um 190 m viðlega með tveimur löndunarkrönum fyrir smábáta. Viðlegukantur Suðurgarðs er um 40 m. Þar eru tvær flotbryggjur með samtals 110 m viðlegu fyrir smábáta. Alls er í Grundarfjarðarhöfn 500 metra viðlega fyrir stærri skip og 150 metra viðlega fyrir smábáta.



Samspil miðbæjar og hafnarsvæðis

Miðbæjarsvæðið og hafnarsvæðið mætast við Nesveg á milli Eyrarvegar og Borgarbrautar og hefur þar skapast áhugavert samspil íbúða, ferðaþjónustu, útgerðar og fiskvinnslu. Einnig er hótel á sjálfu hafnarsvæðinu norðanverðu. Mikilvægt er að þessi ólíka starfsemi geti farið sem best saman. Þá er nauðsynlegt að tryggja öruggar gönguleiðir gesta sem vilja skoða hafnarlifið eða eru að fara úr eða í skemmtiferðaskip og skemmtibáta. Flotbryggja með landgangi er á uppfyllingu á milli Norðurgarðs og Miðgarðs. Þangað eru ferjaðir farþegar úr skemmtiferðaskipum sem liggja fyrir akkerum á firðinum. Einnig geta skemmtibátar lagst að bryggjunni.

Umferðarmál

Aðalaðkoma að hafnarsvæðinu er frá Nesvegi. Einnig er hægt að aka frá Grundargötu um Borgarbraut að Miðgarði og Norðurgarði. Í eldra


aðalskipulagi, allt frá 1969, hefur verið gert ráð fyrir að Nesvegur verði fram lengdur til suðurs og síðan austurs að nýjum gatnamótum á Grundargötu, vestan við Suðurgarð. Talin hefur verið þörf á að greiða fyrir flutningum til og frá höfn og minnka þungaumferð um innanverða Grundargötu. Þó þessi áform hafi ekki enn komið til framkvæmda er þó enn talin ástæða til að greiða fyrir umferð um hafnarsvæðin, auk þess sem æskilegt er að beina þungaumferð af Grundargötu og Hrannarstíg, með öryggi íbúa og gesta í huga.

Í fyrra aðalskipulagi var einnig fyrirhugaður vegur frá Norðurgarði á nýri landfyllingu austan Nesvegar. Gert var ráð fyrir að nýi vegurinn tengdist Nesvegi á móts við annan nýjan veg yfir á Sólverli. Talin er ástæða til að halda í þessi áform sem miða að því að umferðarfleði til og frá hafnarsvæðinu verði sem best.


Ferðamenn af skemmtiferðaskipum koma fótgangandi af Norðurgarði eða flotbryggju við Miðgarð. Ætlunin er að bæta tengingu hafnarsvæðis og miðbæjar fyrir fótgangandi með gönguleið frá Norðurgarði meðfram húsi FISK og upp Hrannarstíg með breiðari gangstétt. Farþegar skemmtiferðaskipa sem nota flotbryggjuna fara yfir gangbraut og á gangstétt sunnan við bílastæði FISK og þaðan upp Hrannarstíg.


Olíubirgðastöð

Á Hafnarsvæði norður eru tveir olíutankar, misstórir, og olíuafgreiðsla staðsett á lóðum nr. 6 (áður 4b) og 10. Niðurgrafnar lagnir liggja frá tanki á lóð nr. 6 að Norðurgarði. Í samræmi við deiliskipulagsbreytingu lóðar nr. 6 við Nesveg eru áform um að olíutankur á lóðinni verði færður til innan reitsins.



Sneiðing gegnum Norðurgarð (2016).





Markmið og leiðir

Svigrúm verði til aukinnar hafnsækinnar starfsemi

- Norðurgarður verður lengdur til austurs og gerður nýr viðlegukantur. Við framkvæmdina eykst viðlegupláss hafnarinnar, við aukið dýpi, og til verður athafnasvæði sem ætlað er höfninni sjálfri, alls um 4500 m². Sjá nánar um H-1 í Stefnu fyrir einstaka landnotkunarreiti.
- Landfylling verður gerð norður af Norðurgarði austan Nesvegar undir lóðir fyrir athafnastarfsemi. Sjá nánar um H-1 í stefnu fyrir einstaka landnotkunarreiti.
- Gera þarf ráð fyrir rými fyrir skolpdælustöð/hreinsistöð á uppfyllingunni norðan Norðurgarðs.
- Olíutankur á lóð nr. 6 við Nesveg (áður 4b) verður færður innan reitsins á skipulagstímabilinu, í samræmi við deiliskipulagsbreytingu lóðar, á lóð nr. 10 eða 12 við Nesveg.
- Samhliða framlengingu Nesvegar til suðurs, verði gerð landfylling sunnan við Miðgarð, allt að Grafargili, ef þörf fyrir athafnahúsnaði kallar á. Með framkvæmdunum skapast betri tenging frá Suðurgarði og frá iðnaðarsvæði austan þéttbýlis við aðalhafnarsvæðið í norðurhlutanum. Um leið og greitt er fyrir umferð og þungaflutningum að og frá höfn er þungaumferð beint úr íbúðahverfum og öryggi þar með aukið.
- Gert er ráð fyrir að vatnslögn verði lögð í landfyllinguna til að auka afkastagetu til fiskvinnslufyrirtækja á hafnarsvæðinu. Nákvæm lega hennar verður ákveðin í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi landfyllingar.
- Við Suðurgarð verði áfram fyrst og fremst aðstaða fyrir smábáta.

Umferðarleiðir til og frá höfn verði greiðar og öruggar

- Nýr tengivegur fyrir þungaumferð (framlenging á Nesvegi til suðurs) verði gerður á landfyllingu sunnan við Miðgarð, samsíða Grundargötu og með tengingu við hana sunnan við Grafargil með þverun. Þungaumferð verði þannig leidd út af Grundargötu áður en komið er inn í byggðina að austanverðu og inn á hafnarsvæðið. Með þessari nýju leið batnar jafnframt tenging á milli hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis I-1.
- Til að greiða fyrir umferð úr vestri að hafnarsvæði, verði henni beint af Grundargötu niður Borgarbraut.
- Gönguleið frá Norðurgarði/flotbryggju inn í miðbæ um Hrannarstíg verði bætt og hugað að góðum merkingum leiða og staða. Þetta verði útfært vel með hagsmuni hafnar og viðskiptavina hennar, miðbæjarins og ferðaþjónustunnar í huga. Sjá nánar stefnu fyrir Hrannarstíg í rammahluta miðbæjar, í kafla 8.1.
- Á reit við Miðgarð er áfram gert ráð fyrir aðstöðu fyrir rútur þegar skemmtiferðaskip koma í höfnina, í því skyni að minnka umferð á lokaða hluta hafnarsvæðisins.
- Umferðarstýringu verði beitt til að auka öryggi vegfarenda, t.d. með því að afmarka betur umferð á gagnstætt liggjandi götum, s.s. á gatnamótum Nesvegar og Borgarbrautar.

Hafnarsvæði spili vel saman við miðbæ og önnur nærliggjandi svæði

- Umhverfisfrágangur á mörkum hafnarsvæðis og nærliggjandi svæða, þ.e. miðbæjar, athafnasvæðis á Framnesi og íbúðarsvæða, miði að því að aksturs- og gönguleiðir séu öruggar og vandaðar.
- Vanda skal frágang lóða á hafnarsvæði og gæta þess að ekki stafi hætta af mengun frá þeim.

- Gerðar verði lóðir fyrir íbúðarhúsnæði á svæði við innanverða Grundargötu sem skapast við gerð nýrrar landfyllingar, sjá kafla 4.1.



Á hafnarsvæðinu er mikilvægt að flæði umferðar gangandi og akandi vegfarenda spili vel saman. Einfaðar merkingar ættu að beina gangandi fólk (s.s. ferðafólkí úr skemmtiferðaskipum) af vinnusvæði hafnarinnar og upp í miðbæ eða að áfangastað með útsýni að Kirkjufelli



Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Hafnarsvæði (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmanvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir. Auk framangreinds er á hafnarsvæðum gert ráð fyrir hverskonar hafnsækinni starfsemi og athafna- og iðnaðarstarfsemi tengdri henni.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Skipulagsákvæði
H-1 H-2	Hafnarsvæðið allt	<p>Vanda skal frágang lóða og gæta þess að ekki stafi hætta á mengun af þeim. Á lóðum þar sem gert er ráð fyrir meðhöndlun olíu gildir reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.</p> <p>Gæta þarf að hæðarsetningu fyrir væntanlegar landfyllingar þannig að tekið sé tillit til hækkanði sjávarstöðu í framtíðinni.</p> <p>Huga skal að umferð gangandi við deiliskipulag hafnarsvæðisins.</p>
H-1	Hafnarsvæði norður (5,2 ha) nær yfir Norðurgarð, Nesveg 4 og hafnarsvæðið þar norður af. Reiturinn skiptist í tvö undirsvæði: a) Norðurgarður og landfylling við hann og b) Framnes austan Nesvegar	
H-1	a) Norðurgarður og landfylling við hann Við Norðurgarð er 270 m viðlega með mismunandi dýpi. Bryggja og vinnurými hafnar tekur þar til um 4000 m ² athafnasvæðis. Norðan við Norðurgarð er landfylling þar sem staðsett er ísverksmiðja, frystigeymsla, fiskmarkaður, löndunarþjónusta og geymsluhúsnæði, á lóðum merktum A, B, C og D í drögum að deiliskipulagi. Á lóð merkt E í drögum er ekki gert ráð fyrir byggingum, heldur athafnasvæði fyrir höfnina og nærliggjandi lóðir. Talsverð gangandi umferð er af Norðurgarði þegar skemmtiferðaskip liggja við bryggjuna. Hið sama gildir um farþega sem eiga leið um flotbryggjuna milli Norður- og Miðgarðs.	<p>Norðurgarður verður lengdur til austurs um 130 metra með viðlegukanti um 20° til norðurs (lega núverandi kants er 82° en ný viðlega verður á 62°). Við framkvæmdina verður til um 4500 m² athafnasvæði fyrir höfnina sjálfa. Hönnun landfyllingar er lokið og er gert ráð fyrir að um 70.000 m³ af fyllingarefni verði tekið úr námu í Lambakróarholti, E-12, og um 90.000 m³ með efnistöku af hafssbotni.</p> <p>Svæðið á landfyllingunni við vestari og miðhluta Norðurgarðs er einungis ætlað mjög hafnsækinni starfsemi sem er sérlega tengd þeirri starfsemi sem fram fer á Norðurgarði eða er hugsuð sem bjónusta við skip sem þar leggja upp að.</p> <p>Lóð merkt "E" í drögum að deiliskipulagi á landfyllingu við Norðurgarð verður ekki byggð.</p> <p>Gert er ráð fyrir að vatnslögn verði lögð í landfyllinguna. Nákvæm lega hennar verður ákveðin í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi landfyllingar.</p> <p>Gönguleið frá Norðurgarði og flotbryggju inn í miðbæ um Hrannarstíg verði bætt.</p>

H-1	<p>b) Framnes austan Nesvegar</p> <p>Lóðir við Nesveg 4-14a mynda þennan hluta H-1. Í gildi er deiliskipulag svæðisins, samþykkt 13. mars 2008. Samkvæmt því er gert ráð fyrir nýrri landfyllingu sem tengir Framnes og Norðurgarð, nýjum eða stækkuðum lóðum á svæðinu og nýrri götu sem tengir Sólvelli við Norðurgarð. Sú tenging myndi auka til muna og bæta nauðsynlegt umferðarflaði milli Framness og nyrðra hafnarsvæðis.</p> <p>Í gildi er deiliskipulagsbreyting sem samþykkt var 11. febrúar 2016 á deiliskipulaginu frá mars 2008. Með því voru lóðir 4b og 6 sameinaðar í lóð nr. 6, vegna áforma um staðkun hotels á lóð nr. 6. Ennfremur var lóðmörkum lóða 4 og 6 breytt, nýtingarhlutfall á lóð 6 hækkað úr 0,9 í 0,98 og hæð bygginga á hinni stækkuðu lóð tilgreind 16 m.</p> <p>Á Hafnarsvæði norður eru olíutankar og olíuafgreiðsla á lóðum nr. 10 og nr. 6 (áður 4b) auk niðurgraffinna lagna frá honum að Norðurgarði.</p> <p>Nýverið var lögð gata sem tengir Sólvelli við hafnarsvæðið. Gatan liggur frá Sólvolllum, yfir lóð nr. 15 við Nesveg og yfir Nesveginn, kemur niður á milli lóða nr. 10 og 12 við Nesveg, og liggur yfir á nýju landfyllinguna og þaðan til suðurs, norðan lóða 4a og 4, yfir á Norðurgarð.</p>	<p>Landfylling verður gerð norður af Norðurgarði austan Nesvegar sem tengir Framnes og Norðurgarð.</p> <p>Á landfyllingunni verður til rými fyrir nýjar eða staekkaðar lóðir á hafnarsvæðinu, þ.e. á lóðum nr. 6a, 8, 12 og 14a. Jafnframt er skv. deiliskipulagi 2016 gert ráð fyrir breytingu á lóð nr. 4a sem feldi er út og gerð að lóð nr. 6. Sjá nánar í deiliskipulagi.</p> <p>Gert er ráð fyrir rými fyrir skólpdælustöð/ hreinsistöð á uppfyllingunni norðan svæðisins. Húsagerð er skilgreind í deiliskipulagi, sem og hæð húsa, sem skal aðlaga þeim mannvirkjum sem fyrir eru á lóð þar sem það á við.</p> <p>Á lóðum 6 (áður 4b), 10 og 12 (olíutankar og afgreiðsla) og lóð 14 (fiskihjallur) eru skilgreind víkjandi hús í samræmi við gildandi deiliskipulagi.</p> <p>Olíutankar fela í sér starfsemi sem getur valdið hættu eða mengun, s.s. vegna olíuleka eða eldhættu og ber að taka tillit til þess við ráðstafanir skv. deiliskipulagi og við framkvæmdir.</p> <p>Olíutankur á lóð 6 við Nesveg (áður lóð 4b) verður færður innan reits H1, á lóð nr. 10 eða 12 við Nesveg, á skipulagstímabilinu.</p> <p>Hótel er á reitnum og lóð þess hefur verið afmörkuð í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir þeirri starfsemi áfram, en reiturinn að öðru leyti hugsaður fyrir hafnsækna starfsemi og athafna- og iðnaðarstarfsemi tengda henni.</p>
H-2	<p>Hafnarsvæði suður (9,1 ha) nær yfir allt hafnarsvæðið sunnan við Norðurgarð og lóð 4 við Nesveg, m.a. Miðgarð og Suðurgarð.</p> <p>Reiturinn skiptist í tvö undirsvæði: a) Miðgarður og landfylling og b) Suðurgarður og svæði sunnan Grafargils</p>	
H-2	<p>a) Miðgarður og landfylling</p> <p>Miðgarður er með um 190 m viðlegu með tveimur löndunarkrönum fyrir smábáta.</p> <p>Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta svæðisins, „Miðsvæði hafnar - Reitur 3“ samþykkt 29. apríl 2008, sbr. breyting á aðalskipulagi staðfest 8. mars 2007. Samkvæmt því er gert ráð fyrir landfyllingu samhlíða framlengingu Nesvegar til suðurs (í deiliskipulaginu er tilgreind ný ónefnd gata sem liggur í suður út frá Nesvegi). Með framkvæmdunum skapast betri tenging frá Suðurgarði við aðalhafnarsvæðið í norðurhlutanum.</p> <p>Í deiliskipulaginu kemur fram að það afmarkist í suðri af Gilsá, sem er hér í aðalskipulaginu vísað til sem Grafargils (í örnefnaskrám er vísað til heitisins Grafargils á ánni sjálfrí).</p> <p>Á reit við Miðgarð er aðstaða fyrir rútur þegar skemmtiferðaskip koma í höfnina, en rútum er ekki hleypt á Norðurgarð þar sem skipin leggjast gjarnan að.</p> <p>Að Borgarbraut 1 eru nokkrar íbúðir á efri hæð atvinnuhúsnaðis sem nýttar hafa verið sem starfsmannaíbúðir eða leiguíbúðir.</p>	<p>Nesvegur verður framlengdur til suðurs og tengdur við Grundargötu sunnan við Grafargil með bverun.</p> <p>Til að greiða fyrir umferð úr vestri að hafnarsvæði, verði henni beint af Grundargötu niður Borgarbraut.</p> <p>Gert er ráð fyrir staðkun hafnarsvæðis með landfyllingu sunnan við Miðgarð, sitt hvorum megin við framlengingu Nesvegarins, allt að Grafargili. Tilgangurinn er að rýmka athafnsvæði hafnarinnar þegar þörf kallað á og auka svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi í nálægð við hafnarmannvirki. Landfyllingin er stærri en á fyrra aðalskipulagi. Hönnun landfyllingar hefur ekki farið fram, en mun taka mið af því að aðstæður í höfninni skerðist ekki.</p> <p>Nýjar lóðir á landfyllingunni eru ætlaðar fyrir hafnsækna starfsemi.</p> <p>Gert er ráð fyrir staðkun húss hafnarvogarinnar við Nesveg, sbr. deiliskipulag frá 29. apríl 2008).</p> <p>Gönguleið frá Norðurgarði og flotbryggju inn í miðbæ um Hrannarstíg verði bætt.</p> <p>Afram er gert ráð fyrir reit við Miðgarð með aðstöðu fyrir rútur þegar skemmtiferðaskip koma í höfnina.</p> <p>Umferðarstýringu verði a.ö.l. beitt til að auka öryggi vegfarenda, m.a. með því að afmarka betur.</p>
H-2	<p>b) Suðurgarður og svæði sunnan Grafargils</p> <p>Viðlegukantur Suðurgarðs er um 40 m. Þar eru tvær flotbryggjur með samtals 110 m viðlegu fyrir smábáta.</p>	<p>Við Suðurgarð verði áfram fyrst og fremst aðstaða fyrir smábáta.</p> <p>Þjónusta fyrir smábáta, s.s. olíuafgreiðsla og uppsátur.</p>

8.3 FRAMNES

Forsendur

Lega og starfsemi

Framnes er svæðið sem liggur frá norðurmörkum hafnarsvæðis að Torfabót. Það afmarkast til suðurs af Sæbóli og Eyrarvegi og mætir þar miðbæ. Á svæðinu hefur lengst af verið létt iðnaðarstarfsemi og fiskvinnsla. Iðnaðarstarfsemi hefur minnkað til muna þó hún sé samt nokkur ennþá, ásamt fiskvinnslu, netagerð og flutningastarfsemi. Á svæðinu er einnig hús björgunarsveitar, farfuglaheimili og veitingastaður. Hótel er inni á skilgreindu hafnarsvæði við austurjaðar svæðisins. Vegna legu svæðisins í beinu framhaldi af miðbæ og vegna staðsetningar þess við ströndina með frábæru útsýni yfir fjörðinn og á Kirkjufellið, er það tilvalið fyrir frekari uppbyggingu í ferðapjónustu. Torfabót býður jafnframt upp á áhugaverða möguleika til uppbyggingsar útvistaraðstöðu. Eftir sem áður er svæðið mikilvægt fyrir athafnalíf bæjarins, einkum tengt höfninni.

Byggðarmynstur

Á Framnesi mynda byggingar fremur samfellda húsaröð meðfram hluta Nesvegar og Sólvalla en sumsstaðar eru eyður í húsaröðunum sem leysa upp reglubundið mynstrið. Einnig standa húsin við norðvesturhluta Sólvalla nokkuð óreglulega þannig að rými er óskýrt á þeim hluta. Á svæðinu er því tækifæri til uppbyggingsar sem nýttir þá grunngerð sem fyrir er og afmarkar göturými og önnur almenningsrými betur.

Þróun og möguleikar

Svæðið nyrst á Framnesi hefur fallegt útsýni að Kirkjufelli og út á fjörðinn. Þar er nú veitingastaður, hús Björgunarsveitarinnar Klakks, netagerð og geymsluhúsnæði. Fiskvinnsluhús að Sólvöllum 2 hefur nýlega verið



stækkað og stendur til að flytja netagerðina þangað. Þá losnar um núverandi hús netagerðarinnar á besta stað við sjávarbakkann. Það gæti t.d. skapað möguleika fyrir hótel eða aðra ferðapjónustu. Þar til að byggingu slíks þjónustuhúsnæðis kemur gæti netagerðarhúsið nýst fyrir listsþópur hverskonar, markað eða kaffihús.

Í framtíðinni, þegar landfylling á hafnarsvæði sunnan Miðgarðs hefur verið gerð ásamt nýjum vegi eftir henni, gæti það svæði hentað betur fyrir ýmsa starfsemi sem hingað til hefur verið beint á Framnesið. Mögulega flytst eitthvað af núverandi starfsemi á Framnesinu þangað og þá skapast frekara svigrúm fyrir uppbyggingu á ýmiskonar þjónustustarfsemi og hreinlegum verkstæðum þar. Þá gæti einnig verið ástæða til að skoða möguleika á íbúðarhúsnæði á Framnesinu. Reiknað er með að það


Komi til skoðunar við deiliskipulagsgerð. Þá má horfa til þess möguleika að geymsluhús í eigu Fiskiðunnar við Sólvelli og sjávarbakkann losni, stækki Fiskiðjan frystihúsið við Nesveg eins og fyrirtækið hefur heimild til. Lóðin verði þá nýtt undir virka starfsemi sem nýtir sér fallegt útsýni og staðsetningu við sjávarbakkann.

Gert hefur verið ráð fyrir dælustöð fráveitu í Torfabót eða á austanverðu Framnesi. Hún hefur ekki komið til framkvæmda og miðað við þróun þjónustustarfsemi á Framnesi og möguleika til að nýta svæðið upp af bótinni sem útvistarsvæði þótti ástæða til að endurskoða stefnu um staðsetningu dælustöðvar og gera ráð fyrir henni á austanverðu Framnesi. Sjá nánar kafla 7.4 um veitukerfi.

Hafin er lagning nýrrar þvergötu milli Sólvalla og Nesvegar til að bæta tengingu og umferðarflæði af Sólvolllum yfir á hafnarsvæðið. Síðari hluti framkvæmdarinnar er framlenging þessarar þvergötu af Nesvegi og út á landfyllingu við Norðurgarð.

Kirkjufellið sem auðlind í ferðaþjónustu

Kirkjufellið stendur eitt og sér og er áberandi frá landi og sjó. Við Kirkjufellsfoss er eftirsóttur ferðamannastaður sem býður upp á fagurt sjónarhorn á fjallið. Tækifæri er til að nýta þetta aðdráttarafl Kirkjufellsins enn frekar til að styðja við ferðaþjónustu í sveitarfélagini, dreifa álagi vegna ferðamanna og stuðla að því að gestir staldri lengur við í bænum. Með það markmið í huga hefur við aðalskipulagsgerðina verið unnið með hugmyndir um áningarstað á Framnesi sem er í þéttbýlinu gentg fjallinu. Þar gefst kostur á nýju sjónarhorni á fjallið frá því sem er frá Kirkjufellsfossi. Nýr áningarstaður á Framnesi sem kenndur er við Kirkjufell getur stutt við ferðaþjónustu í þéttbýlinu og dregið úr miklu álagi á svæðið við Kirkjufellsfoss.



Sneiðing gegnum Nesveg (2016).



Markmið og leiðir

Framnesið styrkist sem svæði fyrir ferðaþjónustu og aðra þjónustu í bland við hreinlega athafnastarfsemi.

- Svæðið verði skilgreint sem athafnasvæði fyrir hreinleg verkstæði, matvælaframleiðslu, vörugeymslur og léttan ómengandi iðnað. Einnig verði heimilt að reka gistingu og veitingastarfsemi á svæðinu og ýmiskonar þjónustu fyrir fyrirtæki og íbúa. Þegar landfylling á hafnarsvæði, sunnan Miðgarðs, hefur verið gerð, gefst fyrirtækjum með starfsemi sem krefst mikils landrýmis kostur á auknu úrvali lóða þar, fyrir margvíslega hafntengda starfsemi.




Áfangastaður og útsýni að Kirkjufelli, mikilvægar tengingar og leiðbeinandi byggingalínur sem afmarka göturýmið. Torfabót höfð með vegna útsýnissleiðar.

- Við deiliskipulagsgerð verði lóðafyrirkomulag á svæðinu endurskoðað og lóðum skipt upp í minni einingar ef ástæða þykir til vegna breytrar notkunar.
- Heimilt verði að reisa hótel eða aðrar byggingar tengdar ferðaþjónustu á Framnesi.
- Gert er ráð fyrir að netagerð og húsnæði hennar sé víkjandi. Ef húsið stendur áfram í einhvern tíma eftir að netagerð hefur verið flutt, verði heimilt að nýta það fyrir ýmiskonar menningarstarfsemi, s.s. tónleikahald, listasmiðjur og markaði.
- Gert er ráð fyrir að hús Björgunarsveitarinnar Klakks að Sólvolllum 17a sé víkjandi svo nýta megi uppbyggingarmöguleika á Framnesi sem best, m.a. í tengslum við nýjan áningarstað með útsýni til Kirkjufells, sbr. markmið um hann hér aftar.
- Heimilt er að byggja við og breyta húsnæði að Sólvolllum 13 þar sem nú er rekið farfuglaheimili.
- Við deiliskipulagsgerð verði hugað að því að nýta lóðir næst sjávarbakka fyrir starfsemi sem hefur hag af útsýni.
- Gert er ráð fyrir stækkun lóðar nr. 2 við Sólvelli vegna fiskvinnsluhúss G.Run. og breytinga á lóð, í samræmi við deiliskipulag fyrir Sólvallareit. Starfsemi á lóðinni samrýmist breytingum á Framnessreitnum úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði.

Fremst á Framnesi verði áningarstaður þar sem njóta má útsýnis að Kirkjufelli og í Torfabót verði aðlaðandi útvistarsvæði.


- Hannaður verði vandaður nýr áningarstaður fremst á Framnesi, gegnt Kirkjufelli, þar sem njóta má fagurs sjónarhorns á fjallið. Frá áningarstaðnum verði fallegur göngustígur að Torfabót. Þaðan verði áfram skýr gönguleið upp á Sæból og í miðbæ. Skýrar gönguleiðir verði einnig frá miðbæ og hafnarsvæði að áningarstaðnum.
- Hönnun áningarstaðarins miði að því að skapa sérstöðu fyrir þéttbýlið sem tryggir að þéttbýli Grundarfjarðar verði hluti af lykilaðráttaraflí Kirkjufellsins. Greint verði hvað áningarstaðurinn þarf að hafa til þess að hann geti orðið áhugaverð upplifun og aðráttaraflí fyrir ferðamenn.
- Í Torfabót verði svæði fyrir margvíslega útvist; bæði hreyfingu og afslöppun. Sett verði upp góð leiktaeki, æfingatæki og þrautabrautir. Einnig aðstaða fyrir lautarferð. Gróður og landmótun deili svæðinu upp til að skapa skjól. Þar til búið er að hanna svæðið er hægt að setja þar upp leikvöll með t.d. gömlum dekkjum, árabátum, netum og netakúlum. Koma mætti upp grilli og langborði þar sem íbúar bæjarins gætu hist.
- Í Torfabót verði einnig aðstaða fyrir sjósport á borð við kajak og sjóbretti og þegar fyrir liggur hvernig úrbótum í fráveitumálum verður háttáð, sbr. kafla 7.4 um veitukerfi, verði ströndin í Torfabót gerð aðgengileg til sjóbaða. Flytja mætti hjall sem stendur við Nesveg 14 í Torfabót og nota sem aðstöðuhús fyrir svæðið.



Skýringarmynd sem sýnir hvernig þróun áfangastaðar á Framnesi getur byrjað með tímabundnum lausnum sem byrja að festa staðinn í sessi sem útsýnistað fyrir Kirkjufell.



Skýringarmynd sem sýnir mögulega þróun útsýnistaðar fyrir Kirkjufell til lengri tíma. Svæðið er samhangandi heild og skartar metnaðarfulltri hönnun sem nýttist jafnt gestum og heimafólk.





Möguleg framtíðarsýn fyrir Framnes og Torfabót sem útsýnis- og útvistarstað.

Framnesið fái skýra og fallega bæjarmynd í nánum tengslum við haf og strönd og í góðri samfelli við miðbæ og hafnarsvæði.

- Við deiliskipulagsgerð verði leitast við að afmarka skýr göturými með því að raða nýbyggingum eftir götulínu. Einnig verði þess gætt að útisvæði snúi vel við sólu og séu í skjóli og að útsýni úr byggingum til norðurs og vesturs verði sem best.
- Ekki verði settar upp háar girðingar í kringum byggingar en lögð áhersla á að öll starfsemi sé opin og bjóðandi, jafnt fyrir ferðamenn og heimamenn. Gróður verði notaður til að afmarka rými þar sem þess er þörf.

Umferðarflæði verði gott og bílastæðum verði haganlega fyrir komið.

- Við mótnun deiliskipulags verði leitast við að staðsetja bílastæði í göturými og að dreifa bílastæðum frekar en að gera stór bílaplön. Gróður og yfirborðsefni verði notuð til að gera bílastæði aðlaðandi. Hugað verði að möguleikum til samnýtingar bílastæða.





Stefna fyrir einstaka landnotkunarreiti

Athafnasvæði (AT)

Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem íettur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölor og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnað mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Auk markmiða og leiða sem skilgreind eru að ofan gilda eftirfarandi ákvæði um einstaka landnotkunarreiti.

Númer	Forsendur	Skipulagsákvæði
AT-1	Framnes (4,6 ha) Athafnasvæði nyrst í þéttbýlinu þar sem hefur lengst af verið létt iðnaðarstarfsemi og fiskvinnsla. Iðnaðarstarfsemi hefur minnkað til muna þó hún sé samt nokkur ennþá, ásamt fiskvinnslu, netagerð og flutningastarfsemi. Á svæðinu er einnig hús björgunarsveitar, farfuglaheimili og veitingastaður. Tvö íbúðarhús eru á reitnum. Hótel er inni á skilgreindu hafnarsvæði sem er við austurjaðar svæðisins. Vegna legu svæðisins í beinu framhaldi af miðbæ og vegna staðsetningar þess við ströndina með frábæru útsýni yfir fjörðinn og á Kirkjufellið, er það tilvalið fyrir frekari uppbyggingu í ferðapjónustu.	Á svæðinu er gert ráð fyrir ýmiskonar atvinnustarfsemi sem fellur undir landnotkunarflokkinn athafnasvæði en einnig er ýmiskonar ferðapjónusta heimil á svæðinu í samræmi við áherslur undir „Markmið og leiðir“ að ofan. Nánari útfærsla blöndunar og byggðarmynsturs verði ákveðin í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir forkaupsrétti Grundarfjarðarbæjar, skv. 1. mgr. 49. gr. skipulagslaga, að fasteignum við Nesveg 13. Er það vegna þróunar og uppbyggingar á reitnum, en íbúðarhús á lóðinni er talsvert aðþrengt af núverandi athafnastarfsemi. Vanda skal frágang lóða og gæta þess að ekki sé hætta á mengun af starfseminni sem fram fer á þeim. Á lóðum þar sem gert er ráð fyrir meðhöndlun olíu gildir reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.





9. Umhverfisskýrsla og heimildaskrá

9.1 UMHVERFISSKÝRSLA

Sjá fylgiskjal.

9.2 HEIMILDASKRÁ

Airbnb (á.á.). *Airbnb Policy Tool Chest*. Sjá: https://www.airbnbcitizen.com/wp-content/uploads/2016/12/National_PublicPolicyTool-ChestReport-v3.pdf

Alta (2014). *Landkosta- og sérstöðugreining - Verkfæri fyrir sambætta byggðapróun og staðarmiðlun*. Unnið fyrir svæðisgarðinn á Snæfellsnesi.

Alta (2016). *Tillögur að forgangsröðun og áherslum við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Húsavík*. Unnið fyrir Norðurþing.

Alta (2016a). *Blágraenar ofanvatnslausnir. Innleiðing við íslenskar aðstæður*. Sjá: http://www.skipulag.is/media/attachments/blagraenar_ofanvatnslausnir.pdf

Alta (2016b). *Íbúafundur vegna endurskoðunar aðalskipulags*, 21. nóv. 2016. Samantekt. Grundarfjarðarbær.

Alþingi (2018). *Bingskjall 1245 — 479. mál: Bingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029*.

American Planning Association (2015). *Regulating Short-Term Residential Rentals*. American Planning Association. Sjá: <https://www.co.monterey.ca.us/home/showdocument?id=12719>

Anna Kristín Gunnarsdóttir (2008). *Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni*. Lokaverkefni til M.A.-gráðu, Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, júní 2009.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu*. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar. Sjá: https://www.saf.is/wp-content/uploads/vegvisir_okt_2015.pdf

Bjarni Reyr Kristjánsson (2006). *Tillaga um breytta legu vatnsverndarsvæða vatnsbóla Vatnsveitu Grundarfjarðar*. Ísor – Íslenskar Orkurannsóknir, unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur 2006.

Breiðafjarðarnefnd (2014). *Verndaráætlun Breiðarfjarðar*. Sjá: https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skurar/Breidafjordur_verndaraaetlun_2014-2019_minnkad.pdf

Byggðastofnun (2016). *Stöðugreining 2016 - Byggðapróun á Íslandi*. Sjá: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2016-09-22.pdf>

Byggðastofnun (2018). *Samanburður á orkukostnaði heimila*. Sjá: <https://www.byggdastofnun.is/frettir/category/1/samanburdur-a-orkukostnadi-heimilia>

- Guðveig Eyglóardóttir (2016). *Áhrif ferðapjónustu á íbúaþróun á Vesturlandi 2010-2015*. BA-ritgerð við Háskólanum á Hólum.
- Grundarfjarðarbær (2006). *Fjölskyldustefna Grundfirðinga*. Grundarfjarðarbær. Sjá: http://www.grundarfjordur.is/files/Skra_0016887.pdf
- Grundarfjarðarbær (2008a). *Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015 dreifbýlishluti*. Grundarfjarðarbær. Sjá: http://grundarfjordur.is/Files/Skra_0028012.pdf
- Grundarfjarðarbær (2008b). *Örnefnaskrár jarða í Eyrarsveit*. Vesfsíða Grundarfjarðarbæjar. Sótt 29.05.2019 af: http://grundarfjordur.is/default.asp?sid_id=38665&tre_rod=001|009|006|&tId=1
- Grundarfjarðarbær (2009). *Stefna í ferðapjónustu í Grundarfirði*. Grundarfjarðarbær. Sjá: http://www.grundarfjordur.is/files/Skra_0035710.pdf
- Grundarfjarðarbær (2014). *Skólastefna Grundarfjarðarbæjar*. Grundarfjarðarbær. Sjá: http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0067080.pdf
- Grundarfjarðarbær (2018). *Vefur Grundarfjarðarbæjar*. Sjá: www.grundarfjordur.is
- Ferðamálastofna (2019). *Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020*. Sjá: <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/afangastadaraetlanir/birtar-afangastadaraetlanir>
- Fornleifanefnd (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar*, 1. útg. Sjá: <http://www.minjastofnun.is/minjar/fridlystar-fornleifar/>
- Hagstofa Íslands (2018). Upplýsingar fengnar af vef Hagstofu Íslands. Sjá: www.hagstofa.is
- Hjalti Jóhannesson ritstj. (2010). Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 9. Lokaskýrsla: Stöðulýsing í árslok 2008 og samantekt yfir helstu áhrif 2002 - 2008. Byggðarannsóknastofnun Íslands, Þróunarfélag Austurlands, Byggðastofnun og iðnaðarráðuneytið.
- Hrönn Pétursdóttir (2010). Vannýtt íbúðarhúsnæði í Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði. Íbúðalánsjóður.
- Hörður Þór Sigurðsson og Þórður Arason (2006). *Könnun á hættu vegna ofanflóða í þéttbýli á Íslandi*. Veðurstofa Íslands. VÍ-VS-08. Sjá: <http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/greinargerdir/2006/06020.pdf>
- Jón Geir Pétursson (2006). *Skógræktarskipulag*. Skógræktarfélag Íslands fyrir Grundarfjarðarbæ. Sjá: http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0013527.pdf
- Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson (2005). *Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar I. og II. hluti*. Fornleifafræðistofan.
- Jukka K. Siltanen (2017). *Efnahagsleg áhrif þjóðgarða á Íslandi; Tilviksathugun á þjóðgarðinum Snæfellsjökli*. Mastersritgerð við Háskóla Íslands.
- Kristján Jónasson (1998). *Bráðabirgðahættumat á Grundarfirði*. Veðurstofa Íslands, bréf dags. 30. júlí 1998.
- Landscape institute (á.á.). *Landscape and Visual Impact Assessment*. Sótt 29.05.2019 af: <https://www.landscapeinstitute.org/technical/glvia3-panel/>
- Landsnet (2016). *Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025*. Sjá: <https://orkustofnun.is/gogn/Frettir/Kerfisaaetlun-2016-2025.pdf>
- Mannvit (2009). *Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020*. Sjá: http://www.samlausn.is/media/12/2009.11.11.undirritud_endanleg_utgafa_af_svaedisaetlun.pdf
- Margrét Björk Björnsdóttir (nóvember, 2018). *Áfangastaðaáætlun Vesturlands (ÁSÁ.Vest.)*. Kynning handin á fundi Ferðamálastofa 15.11.2018. Sjá: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/november/afanga/vesturland.pdf>
- Markaðsstofa Vesturlands (2012). *Ferðapjónusta á Vesturlandi Staða og stefna: 2012-2015*. Sjá: https://www.west.is/static/files/PDF2014/stefnuskyrslamv_30052012.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Minjastofnun Íslands (2019). *Minjastofnun Íslands: Friðuð hús og mannvirki - Setbergskirkja*. Sótt 29.05.2019 af: <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vesturland/nr/489>
- Mýrdalshreppur (2016). *Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2018*. Breyting í austurhluta Víkur. Mýrdalshreppur.
- Náttúrufræðistofnun Íslands (á.á.). *Kirkjufell*. Sótt 29.5.2019 af: <https://www.ni.is/greinar/kirkjufell>
- Nicole Gurran & Peter Phibbs (2017). *When Tourists Move In: How Should Urban Planners Respond to Airbnb?* Journal of the American Planning Association, 83:1, 80-92, DOI: 10.1080/01944363.2016.1249011
- Ólafur Jónsson (1992). *Skriðuföll og snjóflóð II. og III. bindi*. Skjalborg. Reykjavík.
- Reykjavíkurborg (2018). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Breyting á aðalskipulagi - Heimildir um veitinga- og gististaði*. Reykjavíkurborg.

Sigurður Sigurðarson (2018). *Lágsvæði - viðmiðunarreglur fyrir landhæð*. Vegagerðin.

Skipulagsstofnun (2019). *Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar*. Sótt 29.5.2019 af: <http://www.map.is/skipulag/>

Skógræktin (á.á.). *Skógrækt á lögbýlum*. Sjá: <https://www.skogur.is/is/hyskograekt/skograekt-a-logbylum/um-skograekt-a-logbylum>

Skógræktarin og Skipulagsstofnun (2017). *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. III. útgáfa 2017*. Sjá: http://www.skipulag.is/media/attachments/Skograektogsipurlag_2017_lores.pdf

Sveitarfélögin í Snæfellsnesi (2016). *Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2016-2020 vegna umhverfisvottunar fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi samkvæmt staðli EarthCheck fyrir sveitarfélög*. Sveitarfélögin í Snæfellsnesi.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi (2017). *Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun. Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti*. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes (á.á.). *Heimasíða svæðisgarðsins - Verkfærakista Snæfellsness*. Sjá: <https://www.snaefellsnes.is/verkfaerakista>

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi (2014). *Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026*. Sjá: <https://www.snaefellsnes.is/svaedisskipulag>

Sýslumenn (2017). www.syslumenn.is. Sjá: <https://www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/veitinga-og-gististadir/>

Vegagerðin (2017). *ÁDU á Snæfellsnesi 2009-2017*. Vegagerðin.

Vestmannaeyjabær (2018). *Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035*.
Vestmannaeyjabær.

Vífill Karlsson (2017a). *Tölfraði um Vesturland*. Samband sveitarfélaga á Vesturlandi. Sjá: <http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Vesturland.pdf>

Vífill Karlsson (2017b). *Fyrirtækjakönnun Vesturlands 2017*. Samband sveitarfélaga á Vesturlandi. Sjá: http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Fyrirtaekjakonnun2017_skyrsla_SSV_12018.doc.pdf

Þjóðskrá Íslands (2016). *Gögn tekin saman fyrir Alta um fasteignir, íbúa og staðföng, október 2016*. Þjóðskrá Íslands.

Þjóðskrá Ísland (2018). *Lögbýlaskrá 31. desember 2017*. Sjá: <https://www.skra.is/library/Samnyttar-skrar-/Um-okkur/ymsar-skyrslur/L%C3%96GB%C3%9DLASKR%C3%81%20-%202017.pdf>

Þjóðskrá Íslands (2019). *Nytjaland 2006 - gagnasafn*. Sótt 10.9.2019 af <https://geo.skra.is/landeignaskra/>

Scenic America (á.á.) *Strategies for Protecting Scenic Views and Vistas*. Scenic America. Sótt 29.05.2019 af: <http://www.scenic.org/issues/scenic-easements-a-view-protection/strategies-for-protecting-scenic-views-and-vistas>

Scottish Natural Heritage (á.á.). *Development management and National Scenic Areas*. Scottish Natural Heritage. Sótt 29.05.2019 af: <https://www.nature.scot/professional-advice/safeguarding-protected-areas-and-species/protected-areas-national-designations/national-scenic-areas/development-management-and>

Umhverfisstofnun (á.á.) *Náttúruminjaskrá Vesturlands*. Umhverfisstofnun. Sótt 01.06.2018 af: <https://www.ust.is/einstaklingar/natura/natturuminjaskra/vesturland/>

Umhverfisstofnun (2004). *Handbók um aðgerðaráætlanir og flokkun vatns*. Umhverfisstofnun. Sjá: https://www.ust.is/library/Skrar/utgefild-efni/Annad/Handbok_um_flokkun_vatns.pdf

Umhverfisstofnun (2017). *Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014 (2. útgáfa)*. Umhverfisstofnun. Sjá: <https://www.ust.is/library/Skrar/utgefild-efni/Annad/Sto%C2%88%C3%B0ousky%C2%81rla%202017%20um%20fr%C3%A1rennslism%C3%A1l%C2%88%C3%A1l%20C3%9Atg%202.pdf>

Veðurstofa Íslands (2018). *Skýrla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018: Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi*. Veðurstofa Íslands. Sjá: <https://www.vedur.is/media/loftslag/Skýrla-loftslagsbreytingar-2018-Vefur-NY.pdf>

Vegagerðin (2017). *Vegaskrá*. Veðurstofa Íslands. Sótt 12.12.2017 á: <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

Lög og reglugerðir

- *Jarðalög* (nr. 81/2004)
- *Lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús* (nr. 75/2008)
- *Lög um menningarminjar* (nr. 80/2012).
- *Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald* (nr. 85/2007).
- *Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi* (884/2017).
- *Reglugerð um fráveitur og skólp* (nr. 798/1999).
- *Reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd* (nr. 260/2018).
- *Reglugerðum veitingastaði, gististaði og skemmtanahald* (nr. 1277/2016 m.s.br.).
- *Skipulagsreglugerð* (nr. 90/2013) með síðari breytingum.
- *Sveitarstjórnarlög* (nr. 138/2011).




Viðauki

VEGASKRÁ

Auðkenni tilheyrandi í vefsjá	Heiti vegar	Vegflokkur skv. vegalögum	Flokkun eftir greiðfærni sbr. 4. mgr. reglugerðrarinnar
93	Kolgrafir	Einkavegur	F1 - Seinfær
9		Einkavegur	F2 - Lakfær
143		Einkavegur	F2 - Lakfær
23		Einkavegur	F1 - Seinfær
24			F1 - Seinfær
126	Bárvöllur	Einkavegur	F1 - Seinfær
33			F0 - Greiðfær
57		Einkavegur	F1 - Seinfær
61			F2 - Lakfær
34			F0 - Greiðfær
70		Einkavegur	F1 - Seinfær
91	Háls	Einkavegur	F1 - Seinfær
102		Einkavegur	F2 - Lakfær
60			F1 - Seinfær
62		Einkavegur	F1 - Seinfær

53	Akurtraðir	Einkavegur	F1 - Seinfær
122		Einkavegur	F1 - Seinfær
123		Einkavegur	F2 - Lakfær
124		Einkavegur	F2 - Lakfær
127		Einkavegur	F2 - Lakfær
135	Fellsendi	Einkavegur	F1 - Seinfær
129		Einkavegur	F2 - Lakfær
22		Almennir vegir	F1 - Seinfær
25		Einkavegur	F1 - Seinfær
56		Einkavegur	F1 - Seinfær
69	Hjarðarból	Einkavegur	F1 - Seinfær
125		Einkavegur	F1 - Seinfær
26		Einkavegur	F1 - Seinfær
67	Berserkseyri	Einkavegur	F1 - Seinfær
128		Einkavegur	F2 - Lakfær
131	Grund	Einkavegur	F1 - Seinfær
133		Einkavegur	F1 - Seinfær
137		Almennir vegir	F1 - Seinfær
139	Þórdísarstaði	Einkavegur	F1 - Seinfær
140		Almennir vegir	F2 - Lakfær
138		Almennir vegir	F1 - Seinfær
130		Einkavegur	F2 - Lakfær



Flokkun vega eftir greiðfærni.